


skoðun 20

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Popp










# FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
26. maí 2011
121. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA 2001 - 2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011




**Frímann mætir ekki**
*Gunnar Hansson er fertugur í dag. Hann mun í sumar stjórna golfþætti í Sjónvarpinu.*
**tímamót 26**

**Með sumarplötu**
*Steindi Jr. stefnir á plötuútgáfu.*
**fólk 50**



**Fátt óvænt í bikarnum**
*Stjarnan er eina úrvalsdeildarliðið sem er fallið úr leik í Valitor-bikarnum.*
**sport 42**

**veðrið í dag**




**NOKKUÐ BJART** norðan- og austanlands og fremur hægur vindur en suðvestantil bætir í vind og fer að rigna þegar líður á daginn.
**VEÐUR 4**



**GRÍMSVÖTN Í ANDARSLITRUNUM** Eldgosinu í Grímsvötnum er að mestu lokið, þótt náttúruöflin hafi enn látið ögn á sér kræla fram eftir degi í gær. Karl Ólafsson leiðsögumaður var á ferð á gosslóðunum í fyrradag og tók þessa mynd af hundrað metra háum strók úr hálfkulnuðum gígnum. Hann segir það ótrúlega upplifun að koma upp á stærsta jökul Evrópu, Vatnajökul, sem sé ein sandauðn eins langt og augað eygi. **Sjá síður 8 og 10** MYND/KARL ÓLAFSSON

# 548 börn tekjulágra fá viðgerð

**Umsóknir um gjaldfrjálsar tannviðgerðir fyrir 548 börn tekjulágra foreldra hafa þegar verið samþykktar. 115 börnum hefur verið hafnað.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Tryggingastofnun ríkisins hefur nú þegar samþykkt umsóknir um gjaldfrjálsar tannviðgerðir fyrir 548 börn tekjulágra foreldra. Umsóknum fyrir 115 börn hefur hins vegar verið hafnað. Umsóknarfrestur er til 1. júní en hægt hefur verið að sækja um þjónustuna frá maíbyrjun, að því er Helga Ágústsdóttir, deildarstjóri í velferðarráðuneytinu, greinir frá.

> Tannlæknar hafa því miður hikað við þátttöku vegna kæru eins tannlæknis
>
> **HELGA ÁGÚSTSDÓTTIR** DEILDARSTJÓRI Í VELFERÐARRÁÐUNEYTINU

„Þetta er tímabundið átaksverkefni fyrir börn efnalítilla foreldra til þess að svara ákalli vegna mikillar neyðar hjá börnum í þessum hópi. Við leggjum áherslu á að ná samningum við alla tannlækna á landinu um tannlæknaþjónustu fyrir börn og standa yfir samningaviðræður milli Sjúkratrygginga og tannlækna um það. Átakið nú er til að létta af sárustu neyðinni,“ segir Helga.

Átaksverkefnið fer fram á tannlæknadeildinni í Læknagarði í sumar meðan hlé er á kennslu.

Ákveðið var að veita allt að 150 milljónum í verkefnið. „Líklega verður ekki um svo háa upphæð að ræða þar sem við höfum ekki fengið nógu marga tannlækna til þess að starfa við þetta. Við erum að vonast til þess að það komist meiri skriður á þetta þegar fleiri tannlæknar taka þátt. Tannlæknar hafa því miður hikað við þátttöku vegna kæru eins tannlæknis til Samkeppnisstofnunar vegna málsins. Við höfum hins vegar ekki fengið kæruna til okkar.“

Á tannlæknadeildinni eru tuttugu stólar og er allur gangur á því hversu margir tannlæknar vinna þar í einu. „Það er mismunandi hvað menn leggja í þetta. Stundum er einn að vinna en aðra daga sex. Við miðuðum við að hafa átta tannlækna starfandi þarna alla daga í átta til tíu vikur,“ bætir Helga við. **- ibs**

Eldgosið í Grímsvötnum gæti kraumað áfram í nokkra daga eða vikur:

# Hekla virðist vera tilbúin í gos

**ELDGOS** Flest bendir til þess að Hekla verði næsta eldfjall til að gjósa hér á landi segir Páll Einarsson jarðeðlisfræðingur.

„Hekla hefur verið að búa sig undir gos frá því að síðast gaus árið 2000. Flest bendir til þess að hún sé tilbúin og hafi verið það í nokkur ár,“ segir Páll. Hann segir þó að gos úr Heklu yrði sennilega af meinlausari gerðinni.

„Síðustu Heklugos hafa verið frekar meinlaus, en síðustu Grímsvatnagos voru það líka þannig að maður veit aldrei,“ segir Páll.

Eldgosið í Grímsvötnum er nú í rénun og stigu gufubólstrar upp af gígum eldstöðvarinnar í gær. Af og til hafa þó komið öflugar sprengingar þegar glóandi hraun rennur í vatnsfyllta gígana, segir Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands.

„Þetta er orðið mjög lítið gos sem hefur bara áhrif í gígnum og næsta nágrenni hans,“ segir Magnús Tumi. Þó að lítil virkni sé í eldstöðinni er þó ekki hægt að gosinu sé lokið. Gosið gæti kraumað áfram í nokkra daga eða vikur áður en það lognast út af.

**- þj, bj /** **sjá síður 8 og 10**










## SPURNING DAGSINS



*Jón, er gos í Vatnajökli?*

„Já, 5,5 grömm í lítra.“

Bjórinn Vatnajökull er framleiddur í brugghúsi Ölvisholts í samstarfi við Ríki Vatnajökuls. Bjórinn er bruggaður úr bræddum jökulís úr Jökulsárslóni og kryddaður með blóðbergi. Jón Elías Gunnlaugsson er framkvæmdastjóri Ölvisholts.

Aðalfundur Sjálfstæðra Evrópumanna skorar á forystu Sjálfstæðisflokksins:

# Evrópusinnar í þriðja hvert sæti

**STJÓRNMÁL** Aðalfundur Sjálfstæðra Evrópumanna skorar á forystu Sjálfstæðisflokksins að beita sér fyrir því að einn af hverjum þremur af efstu mönnum í framboðslistum í hverju kjördæmi verði Evrópusinnar.

Í ályktun fundarins, sem haldinn var í gær, segir að kannanir sýni að á bilinu fjórðungur til þriðjungur stuðningsmanna Sjálfstæðisflokksins styðji aðild Íslands að Evrópusambandinu. Helmingur flokksmanna vilji ljúka viðræðum um aðild og leggja aðildarsamning í þjóðaratkvæði. Með því að beita sér fyrir því að einn af hverjum þremur af efstu mönnum flokksins í hverju kjördæmi sé fulltrúi þessara sjónarmiða getur forysta flokksins tryggt að flokkurinn gangi heill til kosninga, segir í ályktuninni.

Félagið Sjálfstæðir Evrópumenn er félagskapur sjálfstæðismanna sem vilja stuðla að hagstæðum samningi um aðild Íslands að Evrópusambandinu. Með aðild vilja félagsmenn standa vörð um sjálfstæði Íslands, áframhaldandi samvinnu við vestrænar lýðræðisþjóðir og stuðla að efnahagslegum og pólitískum stöðugleika. - bj



**FORYSTA** Bjarni Benediktsson formaður og Ólöf Nordal varaformaður ættu að beita sér fyrir hlut Evrópusinna á framboðslistum að mati Sjálfstæðra Evrópumanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Samvinna við Kína:

# Finnar fá lán frá Kínverjum

**FINNLAND** Kínverski ríkisbankinn China Development Bank er reiðubúinn að veita fyrirtækjum í vexti á höfuðborgarsvæðinu í Finnlandi lán upp á mörg hundruð milljónir evra.

Samkomulagið við kínverska ríkisbankann veitir finnskum fyrirtækjum möguleika á að komast inn á kínverska markaðinn. Kínversk yfirvöld hafa hins vegar áhuga á nýjungum sem geta aukið afköst í iðnaði og á fyrirtækjum innan heilsugeirans eða umhverfisverndar. - ibs



**ERFIÐ ÁTÖK** Írak er nú í fyrsta sinn komið upp úr neðsta sætinu. NORDICPHOTOS/AFP

Ný friðsældarmæling birt:

# Friðsælast er hér á Íslandi

**RANNSÓKNIR** Ísland er friðsælasta ríki heims, en í næstu sætum á eftir koma Nýja-Sjáland, Japan, Danmörk og Tékkland, samkvæmt mælingum rannsóknarstofnunarinnar IEP.

Írak komst þetta árið upp úr neðsta sætinu í fyrsta skipti frá því að stofnunin hóf að gera lista sinn yfir ástand friðarmála í löndum heims. Súdan og Sómalía eru nú á botninum.

Stofnunin, sem heitir Institute for Economics and Peace, reynir einnig að leggja mat á þann kostnað, sem fylgir ófriði, og kemst að því að ef friðsældin hefði verið fjórðungi meiri á síðasta ári en hún var, þá hefði það jafngilt 235 milljarða króna innspýtingu í efnahagslíf jarðarbúa. - gb

## LÖGREGLUMÁL

### Bruni í áburðarverksmiðju

Fjölmennt lið slökkviliðs var sent að áburðarverksmiðjunni í Gufunesi í gærkvöld þegar tilkynnt var um bruna í rafmagnsskúr þar hjá. Greiðlega gekk að slökkva eldinn. Mikla reykjarlykt lagði um nærliggjandi svæði. Ekki er vitað hversu miklar skemmdirnar urðu í brunanum.

# Stærsta fornleifarannsókn sinnar tegundar

**Hafin er vinna við stærstu neðansjávarfornleifarannsókn sem gerð hefur verið á Íslandi. Verið er að rannsaka póstskipið Phønix sem fórst við Snæfellsnes árið 1881. Verkefnið er mjög umfangsmikið og segir forstöðumaður það afar dýrt.**

**VÍSINDI** Hafin er vinna við stærstu neðansjávarrannsókn í fornleifafræði sem gerð hefur verið á Íslandi. Í byrjun maí hófu Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum og Fornleifavernd ríkisins rannsókn á póstskipinu Phønix, sem fórst við Löngufjörur á Snæfellsnesi árið 1881.

Rannsóknin mun standa yfir í allt sumar og er meðal annars fjármögnuð af Fornleifasjóði, sem styrkti verkefnið um 500 þúsund krónur. Ragnar Edvardsson fornleifafræðingur fer fyrir rannsókninni. Hann segir hana afar kostnaðarsama og eins konar prófstein á styrkleika neðansjávarfornleifafræði hér á landi.

„Það hefur ýmislegt verið prófað á þessu sviði, ýmsar aðferðir og aðferðafræði. Við ætlum okkur að nota þetta skip sem eins konar prófstein á aðferðafræðina,“ segir Ragnar.

Sjö manns munu taka þátt í rannsókninni á Phønix, bæði atvinnukafarar og fornleifafræðingar. Ragnar er sjálfur með köfunarréttindi og mun sinna báðum hlutverkum.

Að sögn Ragnars hefur skipið varðveist mjög vel, miðað við að það brotnaði upp í strandinu og hefur legið á hafsbotni í 130 ár.

„Það eru stórir, heillegir hlutar, þá sérstaklega sá aftari. Þar er skrúfan og gufuketillinn og aðrir stórir hlutar. En framhlutinn er aðeins verr farinn,“ segir hann.

Markmiðið er að ljúka fyrsta hluta rannsóknarinnar í lok ágúst eða byrjun september. Skipið verður mælt upp og ljósmyndað til þess að fá heildarmynd af svæðinu með frekari rannsóknir á næstu árum í huga. Grafið verður á völdum stöðum, en þó mest megnis skoðað og skrásett.

„Þetta er fornleifarannsókn, ekki fjársjóðsleit,“ segir Ragnar. „Við ætlum fyrst og fremst að skrásetja upplýsingar um skipið.“

Eins og áður segir er þetta stærsta rannsókn sem gerð hefur verið á fornleifum neðansjávar hér á landi. Árið 1993 var fyrst gerð slík rannsókn, á skipi við Flatey, en sú var mun minni í sniðum, að sögn Ragnars. Skipið var hollenskt og hét Melckmeyt, eða Mjaltastúlkan, og sökk í höfninni á Flatey á 17. öld.

sunna@frettabladid.is



**KOPARVENTILL ÚR PHØNIX** Myndin sýnir koparventil úr póstskipinu sem sennilega var notaður til þess að stjórna þrýstingi á gufukatli Phønix. Rústirnar hafa legið á hafsbotni í 130 ár. MYND/RAGNAR EDVARDSSON

### Hefur legið á 10 metra dýpi í 130 ár

Danska póstskipið Phønix strandaði við Löngufjörur á Snæfellsnesi í janúar árið 1881 og sökk eftir að hafa lent í aftakaveðri á Faxaflóa, á leið frá Danmörku til Reykjavíkur. Engir farþegar voru um borð í skipinu og áhöfnin bjargaðist.

Phønix var um 400 tonn og flutti farþega og vörur milli Danmerkur og Íslands. Það var tvímastra málmskip, knúið seglum og gufuvél. Það liggur nú á um það bil 10 metra dýpi og er það talsvert brotið. Talsvert margir gripir, bæði úr farmi og persónulegir munir áhafnarinnar, liggja á víð og dreif um flakið.

*Heimild: Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum*

Týndi Þjóðverjinn fundinn:

# Fluttur til aðhlynningar á sjúkrahús í gær

**BJÖRGUN Þjóðverjinn sem leitað hefur verið að norðan Vatnajökuls í tvo daga fannst heill á húfi í gær. Áhöfnin á TF-Gná, þyrlu Landhelgisgæslunnar, fann manninn en hann var þá staddur um 14 km suðvestur af Fjórðungsöldu á Vatnajökli. Fram kemur í tilkynningu frá Landsbjörg að maðurinn hafi verið í ágætu ástandi miðað við aðstæður, en kaldur og hrakinn.**

**Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu var farið með manninn beint á sjúkrahús til aðhlynningar. Um 60 björgunarsveitarmenn voru við leit á svæðinu þegar hann fannst og fleiri á leiðinni. - sv**

Ofveiði í Evrópusambandinu:

# Ríkjum refsað með veiðikvóta

**EVRÓPUSAMBANDIÐ, AP Tveir þriðju fiskistofna Evrópusambandsríkjanna í Norður-Atlantshafi eru taldir ofveiddir, samkvæmt nýrri úttekt ESB. Enn fremur eru 80 prósent fiskistofna í Miðjarðarhafinu talin ofveidd.**



**MARIA DAMANAKI**

**Maria Damanaki, sjávarútvegsstjóri ESB, segir þessar tölur sýna einhverjar framfarir frá því fyrir sjö árum, en þær framfarir séu alltof hægar.**

**Hún segist vilja að veiðitakmarkanir verði settar sjálfkrafa á þau ríki, sem ekki veita fullnægjandi upplýsingar um fiskveiðar sínar. Ástæðan fyrir því hve hægt gengur að draga úr ofveiði stafi af því að ríkin sýni ekki næga samvinnu. - gb**





LGG+ STYRKIR VARNIR LÍKAMANS

Fjöldi klínískra rannsókna hefur sýnt fram á virkni LGG+ gerla. Þeir hafa margvísleg jákvæð áhrif á varnir líkamans og hafa m.a. jákvæð áhrif á meltingarveginn og styrkja ónæmiskerfið.

www.ms.is/lgg

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 09-0984


Leif Magnús Grétarsson flytur heim til Eyja á afmælisdegi afa síns:

# Besta gjöfin að fá hann heim

**FÓLK** „Ég hef ekki fengið betri afmælisgjöf um ævina,“ segir Óskar P. Friðriksson, afi Leifs Magnúsar Grétarssonar, átta ára. Leif Magnús flytur til föðurfjölskyldu sinnar í Vestmannaeyjum frá Noregi 19. júní næstkomandi, á afmælisdegi afa síns.

Móðir Leifs Magnúsar, Heidi Thisland Jensen, var stungin til bana af kærasta sínum í bænum Mandal í Noregi í mars síðastliðnum. Faðir drengsins, Grétar Óskarsson, fékk í kjölfarið forræði yfir honum eftir að fjölskylda hans fór til Noregs eftir andlát móðurinnar og hitti norsk barnaverndaryfirvöld.

Drengurinn hefur dvalið hjá aðstandendum í Noregi eftir að móðir hans lést. Óskar fékk símtal á sunnudagskvöld þar sem honum var tjáð að Leif Magnús kæmi til Íslands á afmælisdeginum hans.

„Þau koma fimm með honum og ætla að stoppa með honum í viku,“ segir Óskar. Hann hyggst sýna ættingjum Leifs Magnúsar umhverfið við gosstöðvarnar hjá Vatnajökli, verði þar orðið óhætt að vera.

„Þau voru reyndar að hugsa með sér hvort þau þyrftu að taka skip, vegna gossins,“ segir hann. „En við vonum að því verði lokið svo við getum sýnt þeim þetta magnaða umhverfi.“

Leif Magnús hefur dvalið nokkuð hjá föðurfjölskyldu sinni í Vestmannaeyjum á síðustu árum og mun hefja skólagöngu þar á ný í haust. - sv



**LEIF MAGNÚS** Leif Magnús hlakkar mikið til að flytja aftur til Íslands. Fjölskyldan er nú á fullu að undirbúa komu drengsins. MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

# ALLAR VÖRUR TAX FREE*

# Í DAG

## OPIÐ TIL 22

**FIMMTUDAGINN 26. MAÍ UM LAND ALLT**

**TAX FREE Í HÚSASMIÐJUNNI OG BLÓMAVALI**

grill • viðarvörn • málning • garðhúsgögn • garðverkfæri sumarblóm • reiðhjól • tröppur • pottaplöntur • sláttuvélar trjáplöntur • heitir pottar • hurðir • ljós • leiktæki blómapottar • þvottavélar • eldavélar • hreinlætistæki leikföng • garðslöngur • blöndunartæki • gjafavörur raftæki • trampolín • skrúfur • festingar • parket • flísar verkfæri • búsáhöld • útivistarfatnaður • vinnufatnaður bílavörur og miklu meira!

*GILDIR EKKI AF
VÖRUM Í TIMBURSÖLU

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

*Tax free gildir af vörum í Húsasmiðjunni og Blómavali en sjálfsögðu ekki af vörum sem merktar eru Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar enda höfum við þegar lækkað þær vörur í allra lægsta verð sem við getum boðið.

Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs

Látum verkin tala!

blómaval

HÚSASMIÐJAN

## GENGIÐ 25.05.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 116,55 | 117,11 |
| Sterlingspund | 189,12 | 190,04 |
| Evra | 163,83 | 164,75 |
| Dönsk króna | 21,968 | 22,096 |
| Norsk króna | 20,893 | 21,017 |
| Sænsk króna | 18,355 | 18,463 |
| Japanskt jen | 1,4204 | 1,4288 |
| SDR | 184,34 | 185,44 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 220,3911

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sýnataka Umhverfisstofnunar vegna Funamálsins hafin víða um land:

# Mælingar á díoxíni hafnar

**UMHVERFISMÁL** Sýnataka úr jarðvegi og sjávarseti til mælingar á díoxíni og fleiri efnum er hafin á vegum Umhverfisstofnunar.

Umrædd svæði fyrir jarðvegssýnatöku eru í grennd við starfandi og aflagðar sorpbrennslur, sorpflokkunarstöð, stærstu verksmiðjur, í nokkrum brennustæðum fyrir árlegar opnar brennur auk þess sem sýni verða tekin á tíu viðmiðunarstöðum þar sem ekki er að vænta díoxíns af manna völdum.

Sýni úr sjávarseti verða tekin í Skutulsfirði og á viðmiðunarstað. Við sýnatökuna er gengið út frá því að taka jarðvegssýnin á lítt röskuðu landi undan gróðurþekju þar sem tún eða gras er ekki slegið og jörð ekki of blaut. Undantekning er þó Engidalur, inn af Skutulsfirði, þar sem einnig verður tekið sýni til samanburðar undan túni sem slegið er reglulega.



**FUNI Á ÍSAFIRÐI** Mesta díoxín-mengunin er talin finnast í nágrenni við sorpbrennsluna Funa og sérstök áhersla er lögð á sýnatöku í Skutulsfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Verkís í samvinnu við rannsóknarþjónustuna Sýni hefur tekið að sér sýnatökuna og mun sjá til þess að mælingar fari fram í sýnunum. Mælingarnar munu fara fram hjá rannsóknarstofunni Eurofins. Sýnatökunni lýkur á næstu tveimur vikum og er niðurstaðna að vænta eigi síðar en 20. júní næstkomandi. **- shá**

Verslunarstjóri fyrir dóm:

# Ákærður fyrir umboðssvik

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært tæplega fimmtugan karlmann fyrir umboðssvik.

Manninum er gefið að sök að hafa ítrekað á árinu 2007 misnotað aðstöðu sína, sem verslunarstjóri Byko á Selfossi, og án heimildar komið því til leiðar að 5x ehf. fékk afhentar vörur frá versluninni án þess að staðgreiða þær, sem var andstætt lánareglum Byko hf. Byko krefst þess að maðurinn verði dæmdur til greiðslu skaðabóta að upphæð 6.508.140 króna. **- jss**

Frjósemi í Vesturbyggð:

# Bæjarfulltrúar í fæðingarorlofi

**SVEITARSTJÓRNIR** Þrír bæjarfulltrúar af sjö í Vesturbyggð eru nú samtímis í fæðingarorlofi. Sagt er frá þessu á vef sveitarfélagsins undir fyrirsögninni „Bæjarfulltrúar í Vesturbyggð leggja sitt af mörkum við að fjölga í sveitarfélaginu."

Fram kemur að bæjarfulltrúarnir sem um ræðir séu Ásgeir Sveinsson, Ásdís Snót Guðmundsdóttir og Guðrún Eggertsdóttir sem öll hafa eignast syni nú á síðustu mánuðum, nú síðast Guðrún sem ól son 14. maí síðastliðinn. „Vesturbyggð óskar þeim og fjölskyldum þeirra til hamingju með drengina," segir á heimasíðu Vesturbyggðar. **- gar**

Lestarslys í Noregi:

# Sjö íslenskir hestar drápust

**NOREGUR Sjö íslenskir hestar drápust þegar þeir urðu fyrir lest í Meråker í Noregi á þriðjudag.**

**Alls höfðu ellefu hestar sloppið út úr gerði í nokkurra kílómetra fjarlægð og voru á leið yfir járnbrautarteinana þegar óhappið átti sér stað.**

**Fjögurra hrossa var að auki saknað í fyrstu og óvíst um afdrif þeirra, en í gær kom hesturinn Máni í leitirnar, lítillega meiddur.**

**Eigandi hestanna sagði í samtali við Verdens Gang að Máni væri frekar styggur og það hafi sennilega orðið honum til lífs.**

**60 farþegar voru í lestinni sem ók á hestana en engan sakaði. - þj**

## LEIÐRÉTTING

Í sérblaði um heilsu í gær gleymdist föðurnafn Jóhanns Leós Lindusonar Birgissonar í umfjöllun um bók hans Í annarra manna spor.

# Rannsaka fleiri brot félaga í Black Pistons

**Tveir meðlimir vélhjólagengisins Black Pistons, sem beittu mann grófu ofbeldi fyrr í mánuðinum, eru til rannsóknar fyrir fleiri mál. Um er að ræða fjárkúgun, nauðung og ofbeldi gegn að minnsta kosti tveimur öðrum einstaklingum.**

**DÓMSMÁL** Tveir meðlimir vélhjólagengisins Black Pistons beittu mann, sem þeir réðust á og héldu nauðugum fyrr í mánuðinum, hrottalegum hótunum og ofbeldi. Þeir börðu hann klukkustundum saman í höfuðið og líkama með ýmsum áhöldum, hýddu hann með þykkri rafmagnssnúru og hótuðu honum að skornar yrðu í sundur sinar á fótleggjum og tennur dregnar úr honum. Þeir sögðu fórnarlambinu að það skuldaði þeim tíu milljónir króna.

Gæsluvarðhald yfir mönnunum, Ríkharð Júlíusi Ríkharðssyni, forsprakka Black Pistons, og Davíð Frey Rúnarssyni rennur út á morgun, en þeir sitja jafnframt í einangrun.

Í kjölfar þessa máls barst lögreglunni tilkynning um að mennirnir væri viðriðnir önnur mál af svipuðum toga. Í síðustu viku greindi maður lögreglunni frá því að hafa greitt ódæðismönnunum umtalsverða fjárhæð í því skyni að koma syni sínum undan þeim. Af ótta við mennina vildi hann ekki aðhafast frekar í málinu á sínum tíma. Lögreglan hefur nú tekið málið til rannsóknar og mun reyna að upplýsa það meðal annars með því að afla upplýsinga um bankareikninga Black Pistonsmannanna.

Enn fremur hefur lögreglan nýverið fengið upplýsingar um að Davíð Freyr hafi svipt annan mann frelsi og haldið föngnum og misþyrmt í bifreið og í iðnaðarhúsnæði. Rannsókn þess máls er á algjöru frumstigi, að því er fram kemur í gögnum frá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, sem send voru Hæstarétti.



**OFBELDISVERK** Lögregla fann meðal annars sverð, hníf og leðurbelti í íbúð annars ofbeldismannsins, en þeir hótuðu fórnarlambinu að skera sundur sinar í fótum hans og draga úr honum tennurnar. Sviðsett mynd.

Ofbeldismennirnir tveir sem sitja nú inni fyrir að hafa haldið manni nauðugum og misþyrmt sóttu hann að kvöldi þriðjudagsins 10. maí í iðnaðarhverfi á höfuðborgarsvæðinu. Honum var ekið að heimili Ríkharðs og misþyrmt þar. Barsmíðarnar stóðu yfir allt fram til hálf eitt um nóttina. Þá var hann fluttur með hettu yfir höfðinu í geymsluhúsnæði sem hann þekkti ekki. Þar var honum haldið til morguns en þá sótti Davíð Freyr hann og fór með hann aftur á heimili Ríkharðs, þar sem ofbeldismennirnir rukkuðu hann um ofangreinda „skuld". Síðan var enn ekið með fórnarlambið sem tókst að sleppa út úr bílnum við Borgartún í Reykjavík um klukkan tólf á hádegi daginn eftir.

Við leit í íbúð Ríkharðs voru víða blóðblettir og sams konar sverð, hnífur og leðurbelti sem fórnarlambið hafði áður lýst.

ritstjorn@frettabladid.is



**LANDAMÆRAHLIÐIÐ** Í Rafah verður framvegis opið fyrir Palestínumenn. NORDICPHOTOS/AFP

Egyptar opna Rafah:

# Opið verður til Gasa framvegis

**EGYPTALAND, AP Egypsk stjórnvöld hafa ákveðið að frá og með næsta laugardegi verði landamærahliðið í Rafah yfir til Gasasvæðisins opið fyrir umferð Palestínumanna.**

**Herstjórnin, sem tók við völdum í Egyptalandi til bráðabirgða eftir að Hosni Mubarak forseti hraktist frá völdum, segir opnun landamæranna eiga meðal annars að efla sættir milli Palestínumanna innbyrðis. Þetta er mikil stefnubreyting frá því að Mubarak var við völd. - gb**

Hundahald í Reykjavík:

# Öryggi hunda bætt á Geirsnefi

**DÝRAHALD** Umhverfis- og samgönguráð Reykjavíkur hefur samþykkt að öryggi hunda og hundaeigenda verði bætt á næstu dögum á Geirsnefi við Elliðaárósa. Þetta er gert með því að loka fyrir akstur inn á svæðið. Lokun verður beggja vegna við hundagerðið. Þetta var samþykkt einróma á fundi ráðsins á þriðjudag.

Kvartanir hafa borist undanfarin misseri um að akstur á þessum slóðum dragi úr öryggi hunda en leyfilegt er að sleppa hundum lausum á þessu svæði. **- shá**


ÞÆGILEGT &
UMHVERFISVÆNT
minnkum notkun á plasti og pappabollum

2011 GRÆNN APRÍL



Baggubag eru sterkir, litríkir, umhverfisvænir pokar sem rúma jafn mikið og venjulegur plastpoki.

kr. 1299.-



Fallegir fjölnota postulínsbollar með sílikonloki og haldi.

kr. 1950.-

náttúrulega heilsuhúsið


## VEÐURSPÁ



Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

**SKIN OG SKÚRIR**
Það verður nokkuð bjart víða um land í dag en suðvestan til fer að rigna þegar líður á daginn og þá bætir í vind. Á morgun verður ofan hver væta víða um land en mest þó á Suðausturlandi. Á laugardag léttir til sunnanlands og þá gæti hitinn náð 14 stigum vestan til.



**Á MORGUN**
Strekkingur allra austast og með SA-ströndinni, annars hægari.

**LAUGARDAGUR**
Fremur hægur vindur víða um land.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 27° |
| Basel | 29° |
| Berlín | 25° |
| Billund | 17° |
| Frankfurt | 26° |
| Friedrichshafen | 25° |
| Gautaborg | 17° |
| Kaupmannahöfn | 17° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 15° |
| Mallorca | 27° |
| New York | 27° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 14° |
| París | 17° |
| San Francisco | 19° |
| Stokkhólmur | 14° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir sigurlaug@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is KYNNINGARSTJÓRI: Einar Skúlason einar.skulason@365.is



**VW Passat Comfort**
Árgerð 2005 bensín
Ekinn 79.000 km

Ásett verð:
1.950.000,-
Tilboðsverð
**1.730.000,-**

# NOTAÐIR GÆÐABÍLAR Á GÓÐU VERÐI

Komdu til okkar á **Laugaveg 174** og prófaðu einn af gæðingunum í notuðum bílum. Sölumenn taka vel á móti þér!



**Toyota Avensis**
Árgerð 2007 bensín
Ekinn 53.000 km
Ásett verð:
**2.550.000,-**



**Toyota Avensis**
Árgerð 2008 bensín
Ekinn 80.000 km
Ásett verð:
**2.750.000,-**



**Mercedes-Benz**
CLK280
Árgerð 2007 bensín
Ekinn 45.000 km
Ásett verð:
**4.990.000,-**



**BMW 318i** S/D E90
Árgerð 2010 bensín
Ekinn 11.000 km
Ásett verð:
**4.850.000**



**Toyota Corolla**
Árgerð 2005 bensín
Ekinn 71.000 km
Ásett verð:
**1.390.000,-**



**Hyundai Santa Fe**
Árgerð 2008 dísel
Ekinn 89.000 km
Ásett verð:
**3.390.000,-**



**VW Touran** Eco fuel
Árgerð 2007 bensín/metan
Ekinn 100.000 km
Ásett verð:
**1.950.000,-**



**VW Sharan Tdi**
Árgerð 2008 dísel
Ekinn 114.000 km
Ásett verð:
**3.290.000,-**



**Audi A6** 2.0 TFSi
Árgerð 2008 bensín
Ekinn 26.000 km
Ásett verð:
**5.690.000,-**



**Skoda Octavia**
TDi 4x4
Árgerð 2008 dísel
Ekinn 78.000 km
Ásett verð:
**2.830.000,-**



**Toyota Corolla**
Árgerð 2007 bensín
Ekinn 56.000 km
Ásett verð:
**2.190.000,-**



**Subaru Legacy**
Árgerð 2008 bensín
Ekinn 88.000 km
Ásett verð:
**2.970.000,-**

HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR**

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

MBL-AA-1905

## KJÖRKASSINN



*Hefur eldgosið í Grímsvötnum haft áhrif á þig persónulega?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 26,2% |
| NEI | 73,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú farið í leiksýningu á árinu?*

Segðu þína skoðun á visir.is vísir

Hert bann við áfengisauglýsingum sagt rothögg fyrir íslenska bjórframleiðendur:

# Skekkir samkeppnisstöðuna

**FJÖLMIÐLAR** Nái frumvarp innanríkisráðherra um hert bann við áfengisauglýsingum fram að ganga verður það rothögg fyrir íslenska bjórframleiðendur og skekkir samkeppnisstöðu þeirra gagnvart erlendum tegundum. Þetta er fullyrt í yfirlýsingu frá Félagi atvinnurekenda, Samtökum iðnaðarins og Sambandi íslenskra auglýsingastofa.

Verði frumvarpið að lögum má sekta einstaklinga eða fyrirtæki um allt að 10 milljónir króna fyrir hvað sem flokka má sem auglýsingu. Í yfirlýsingunni er bent á að um 150 manns hafi starfa við framleiðslu, dreifingu og markaðssetningu á íslenskum bjór. Framleiðslan velti um 2,6 milljörðum á ári.

Fyrirhugað bann á eingöngu við um auglýsingar í íslenskum fjölmiðlum, áfengi verður áfram auglýst í erlendum blöðum erlendum sjónvarpsstöðvum. Því geta erlendir bjórframleiðendur kynnt vöru sína en ekki íslenskir, segir í yfirlýsingunni.

„Það hlýtur að vera einsdæmi að stjórnvöld setji lög sem hygla erlendri starfsemi á kostnað innlendrar,“ segir þar enn fremur. **- bj**




**ÁFENGI** Bannað er að auglýsa áfengi, en frumvarpi innanríkisráðherra er ætlað að stoppa í göt á núverandi lögum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Laugavegur fær nýtt nafn:

# Verður Mannréttindavegur

**MANNRÉTTINDI** Laugavegur fær nýtt nafn í nokkra daga frá og með morgundeginum. Þetta er gert í tilefni af 50 ára afmæli Amnesty International.

Laugavegur mun heita Mannréttindavegur í þrjá daga, til heiðurs baráttu Amnesty fyrir mannréttindamálum. Jón Gnarr, borgarstjóri Reykjavíkur, mun afhjúpa skilti með hinu nýja nafni á morgun klukkan ellefu. Skiltið verður sett upp á horni Frakkastígs og Laugavegs. **- þeb**

Heimildarmynd um Gasa:

# Bjóst við mun verra ástandi

**SAMFÉLAGSMÁL** „Ástandið á Gasasvæðinu er ekki eins slæmt og ég hélt. Það kom mest á óvart hvað það er í raun svipað og í meðalstórri borg í Bandaríkjunum,“ segir Bandaríkjamaðurinn Mauris Jacobsen, sem bjó á Gasasvæðinu í þrettán mánuði og gerði heimildarmynd um lífið á svæðinu.

Kvikmyndin ber heitið Inshallah, Ef Guð lofar, og verður sýnd í Bíó Paradís í kvöld klukkan 20.00. Allur ágóði sýningarinnar rennur til hjálparstarfs í Palestínu.

Jacobsen heldur vestur um haf eftir sýninguna hér á landi og ætlar að koma Inshallah í sýningar í sjónvarpi þar í landi. Hann óttast þó að það geti reynst flókið, sökum pólítískrar ádeilu. **- sv**

## SVEITARFÉLÖG

### Skuldajöfnun á Grundarfirði

Bæjaryfirvöld á Grundarfirði vilja semja við fyrirtæki sem unnið hafa fyrir bæinn um að hluti af reikningi þeirra gangi til greiðslu á skuldum fyrirtækjanna sjálfra við bæjarsjóð.

### Sameining í Hrútafirði

Sigurður Kjartansson, oddviti Bæjarhrepps við vestanverðan Hrútafjörð í Strandasýslu, lýsti á síðasta fundi hreppsnefndar ánægju með þá ákvörðun sveitarstjórnar Húnaþings vestra í Vestur-Húnavatnssýslu að taka upp viðræður um mögulega sameiningu sveitarfélaganna. Hreppsnefndin fól Sigurði að vinna áfram að málinu.

### Árborg hættir við að hætta

Sveitarfélagið Árborg hefur hætt við að hætta aðild að skólaskrifstofu Suðurlands og tilkynnt það öðrum sveitarfélögum sem aðild eiga að skólaskristofunni.

# Ótímabær dauðsföll yfir 700 síðustu 15 ár

**Ótímabær dauðsföll fíkla voru 47 að meðaltali á ári á síðasta áratug, samkvæmt gagnagrunni sjúkrahússins á Vogi. Meirihlutinn er kornungt fólk. Yfirlæknir segir stjórnvöld svelta meðferðarstarfið en ráðherra hafnar því.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Ótímabær dauðsföll hjá fíklum sem eru yngri en 55 ára eru rúmlega 700 á síðastliðnum fimmtán árum, samkvæmt gagnagrunni sjúkrahússins á Vogi. Síðustu tíu ár hafa 47 einstaklingar fallið frá árlega.



**ÞÓRARINN TYRFINGSSON**



**GUÐBJARTUR HANNESSON**

Yfirlæknir á Vogi segir að meðferðarstarf sé á leiðinni áratugi aftur í tímann vegna niðurskurðar stjórnvalda. Því hafnar velferðarráðherra.

Í nýjasta tölublaði SÁÁ blaðsins sem kom út á dögunum segir Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogi, að stjórnvöld gefi „hryllilegri stöðu í meðferðarmálum ekki gaum“.

Þórarinn segir að í ljósi niðurskurðar stjórnvalda megi lítið út af bera á stofnunum SÁÁ. Meðferðarstarf á Íslandi sé að færast aftur um áratugi.

Á síðum blaðsins kemur fram að á áttunda hundrað manns hafa látið lífið vegna fíknar sinnar fyrir 55 ára aldur. Árin 2000, 2005 og 2007 voru ótímabær dauðsföll yfir fimmtíu.

Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra segir að starf SÁÁ sé ómissandi og þjóðhagsleg nauðsyn en um leið hafi aldrei komið önnur skilaboð frá SÁÁ síðan hann hóf að starfa í stjórnmálum en að stofnunin væri fjársvelt. Hann segir það ekki standast skoðun að meðferðarstarfi verði skotið áratug eða áratugi aftur í tímann með þeim niðurskurði sem nauðsynlegt var að ráðast í. Guðbjartur vill samstarf stjórnvalda og SÁÁ um að gera eins mikið úr því fé sem til málaflokksins rennur.

Guðbjartur segir að þrátt fyrir jákvæðar breytingar á mörgum mælikvörðum eftir hrun þá geti það snúist við þegar frá líður. „Við verðum að vera á varðbergi, ekki síst hvað varðar líðan barna og ungs fólks“, segir Guðbjartur.



**ÓTÍMABÆR DAUÐSFÖLL 47 Á ÁRI** Forsvarsmenn SÁÁ fullyrða að í óefni stefni vegna niðurskurðar á fjárveitingum. NORDICPHOTOS/GETTY

> Við verðum að vera á varðbergi, ekki síst hvað varðar líðan barna og ungs fólks.
>
> **GUÐBJARTUR HANNESSON** VELFERÐARRÁÐHERRA

Í SÁÁ blaðinu bendir Þórarinn Tyrfingsson á að fólki yfir fimmtán ára hafi fjölgað um 40 þúsund síðastliðinn áratug og álagið á stofnanir og starfsfólk SÁÁ því aukist. Á sama tíma séu fjárframlög til SÁÁ komin niður í það sem þau voru árið 2000. Tölfræðin sem nær til ótímabærra dauðsfalla sýnir að hlutfall þeirra sem eru 20-30 ára er hátt.

Guðbjartur segir ungt fólk vera áhættuhóp í kreppu en það sé heimsvandi. „Við erum ekki að upplifa það öðruvísi en aðrir. Við verðum að standa vaktina, bæði stjórnvöld og SÁÁ. En það snýst ekki um umræðu um upphæðir heldur skipulag og hvernig við nýtum þá peninga sem við höfum.“ **svavar@frettabladid.is**




Fyrrum ráðherra gagnrýnir rannsóknarnefnd fyrir að fjalla ekki um Baugsmálið:

# Gagnrýni á eftirlitsaðila missir marks

**BAUGSMÁL** Gagnrýni rannsóknarnefndar Alþingis á eftirlitsaðila og stjórnsýsluna missir marks vegna þagnar skýrsluhöfunda um Baugsmálið, að mati Björns Bjarnasonar, fyrrverandi dómsmálaráðherra.

Þetta kemur fram í bók Björns, Rosabaugur yfir Íslandi, sem kom út í gær. Þar fjallar Björn um ýmsar hliðar Baugsmálsins.

„Höfundar þeirra kafla skýrslunnar sem ræða hinn siðferðilega þátt málsins gefa sér ranglar forsendur um eftirlitsleysi af opinberri hálfu. Þeir þegja einfaldlega um stærsta átakamálið vegna efnahagsbrota. Málið sem hafði mótandi áhrif á fjármálamenn og eftirlitsaðila á árunum í aðdraganda bankahrunsins,“ skrifar Björn.



**BJÖRN BJARNASON**

Hann segir skýrsluhöfunda þurfa að skýra hvers vegna þeir hafi ekki getið í neinu þeirra „miklu átaka lögmanna Baugs“ við réttarvörslukerfið og dómsmálaráðuneytið sem einkennt hafi Baugsmálið.

„Harka og ófyrirleitni Baugsmanna hafði áhrif á alla sem sinntu eftirliti á sviði fjármála, samkeppni og skatta. Baugsmálið skilur einnig eftir spurningar um getu dómstóla til að taka á flóknum efnahagsbrotum,“ skrifar Björn.

„Stuðlaði sjálf meðferð dómara á Baugsmálinu að því að draga úr varkárni í fjármálalífinu? Eðlilegt hefði verið að rannsakendur bankahrunsins [...] hefðu svarað þessari spurningu.“ **- bj**


HFK line
Peysa
st. 92-122
vnr. 838096
1.499 kr
Verð áður 2.999kr
Skór
st. 36-41
vnr. 836255
995 kr
Verð áður 1.990kr
Bolur
st. 2/3-5/6
vnr. 835933
1.499 kr
Verð áður 2.999kr
xin
Bolur
st. 128-176
vnr. 839360
1.499 kr
Verð áður 2.999kr
xin
Peysa
st. 128-176
vnr. 838813
1.999 kr
Verð áður 3.999kr
Skór
st. 36-41
vnr. 836256
995 kr
Verð áður 1.990kr
Gallabuxur
st. 92-128
vnr. 837619
1.999 kr
Verð áður 3.999kr
Gallabuxur
st. 2/3-6/7
vnr. 833280
1.999 kr
Verð áður 3.999kr
Buxur
st. 8-14
vnr. 837636
3.499 kr
Verð áður 6.999kr
xin
Buxur
st. 128-176
vnr. 838810
1.999 kr
Verð áður 3.999kr
FATASPRENGJA
50% AFSLÁTTUR
af völdum vörum
frá fimmtudegi til sunnudags
Bolur
st. S-XL
vnr. 831785
999 kr
Verð áður 1.999kr
Bolur
st. S-2XL
vnr. 798870
499 kr
Verð áður 999kr
true
Stuttermabolur
st. S-XXL
1.499 kr
Verð áður 2.999kr
true
Íþróttabuxur
st. 46-54
vnr. 799665
1.699 kr
Verð áður 3.499kr
true
Kjóll
st. S-L
vnr. 799665
1.499 kr
Verð áður 2.999kr
true
Peysa
st. S-XXL
vnr. 799665
4.499 kr
Verð áður 8.999kr
RAGTAG
Gallabuxur
st. 28-40
vnr. 773249
4.999 kr
Verð áður 9.999kr
Jogging-
buxur
st. S-2XL
vnr. 822596
1.499 kr
Verð áður 2.999kr
Jogging-
buxur
st. S-XL
vnr. 841222
1.999 kr
Verð áður 3.999kr
24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær
Gildir til 29. maí.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

ELDGOS Í GRÍMSVÖTNUM

# Gufa stígur upp af gígum

**Lítið bar á eldgosinu í Grímsvötnum í gær þótt af og til kæmu sprengingar. Fólk er varað við því að fara of nærri eldfjallinu. Flugvél Landhelgisgæslunnar komst ekki að fjallinu í gær vegna gjóskumisturs.**

Verulega hefur dregið úr virkni eldgossins í Grímsvötnum og um miðjan dag í gær rann ekkert hraun úr gígum fjallsins. Gígar sem gosið hefur í eru fullir af vatni og leggur gufustróka upp af þeim milli þess sem sprengingar verða í fjallinu.

„Þetta er orðið mjög lítið gos sem hefur bara áhrif í gígnum og næsta nágrenni hans,“ segir Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands.

Hann varar þó fólk við því að fara of nærri eldstöðinni, enda séu sprengingarnar sem komi af og til þegar kvika komi upp á yfirborðið afar hættulegar fólki sem fari of nærri gígunum.

Slíkar sprengingar mældust aðfaranótt miðvikudags, og fór öskustrókurinn frá fjallinu í allt að tólf kílómetra hæð eftir slíkar sprengingar. Strókurinn fór hæst í yfir 20 kílómetra hæð stuttu eftir að gosið hófst.

Flugvél Landhelgisgæslunnar, TF-SIF, flaug áleiðis að gosinu með vísindamenn seinnipart dags í gær, en þurfti frá að hverfa vegna gjóskumisturs áður en hún komst nægilega nálægt gosstöðinni.

„Aðalgosið er búið, þetta hefur öll einkenni þess að eldgosið sé að deyja út,“ segir Magnús Tumi.

Hann segir að gosið geti kraumað svona í einhvern tíma. Það gæti þess vegna hætt alveg í dag, eða það gæti kraumað í nokkrar vikur eða jafnvel mánuði áður en því lýkur endanlega.

Eldgosið í Grímsvötnum var mjög öflugt samanborið við fyrri gos í fjallinu. Leita þarf aftur til ársins 1873 til að finna viðlíka öflugt gos þar, segir Magnús Tumi.

Hann segir ekkert hægt að segja til um það út frá sögu eldgosa í Grímsvötnum hvort líkur séu á því að næsta gos þar verði álíka öflugt og þetta gos var í upphafi.

Aska frá gosinu berst ekki lengur nægilega hátt til að hafa áhrif á flugumferð. Enn gætir þó áhrifa frá öskuskýi frá fyrsta degi gossins, en það hefur borist undan vindi til norðanverðrar Evrópu, og gæti haft áhrif á flug næstu daga.

brjann@frettabladid.is



EFTIRLITSFLUG Vísindamenn flugu að gosstöðvunum í Grímsvötnum í flugvél Landhelgisgæslunnar í gær, en komust ekki nærri vegna gjóskumisturs. MYND/SIGURJÓN



HREINSUNARSTARF Mikið verk er fram undan við að hreinsa ösku sem fokið hefur í skafla. Björgunarsveitarmenn tóku til hendinni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



ASKA Bændur hafa orðið fyrir miklum búsifjum í eldgosinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Söfnun meðal fyrirtækja:

## Styrkja bændur á gossvæðinu

**Settur hefur verið á laggirnar sjóður sem ætlað er að safna fé meðal fyrirtækja til að styrkja bændur á því svæði sem orðið hefur fyrir búsifjum af völdum eldgossins í Grímsvötnum.**

**Í tilkynningu frá Guðna Ágústssyni, fyrrverandi landbúnaðarráðherra, sem situr í verkefnisstjórn sjóðsins, er skorað á fyrirtækin í landinu að leggja framtakinu til fé.**

**Þar segir að þótt hluti þess tjóns sem bændur hafa orðið fyrir fáist bættur sýni reynslan að margt muni þar standa útaf. Bændur verði að óbreyttu að bera verulegan hluta af tjóni vegna gossins sjálfir.** - bj

Askan getur skemmt bíla:

## Lakk og framrúður í hættu

Gosaska getur virkað eins og sandblástur á bíla, að því er fram kemur hjá Ævari Friðrikssyni, tæknistjóra Félags íslenskra bifreiðaeigenda, á vef félagsins.

„Lakk á bílum og framrúður eru auðvitað í hættu ef ekið er langtímum saman í gosmekkinum og sérstaklega ef ekið er greitt,“ er eftir Ævari haft. „Lakk og jafnvel framrúðurnar verða mattar. Ennfremur geta loftsíur orðið fljótar að fyllast og jafnvel stíflast.“ Hann segir því skynsamlegt af bíleigendum að eiga loftsíu til vara. - óká


Orka fyrir samgöngur

Samtök iðnaðarins, Háskólinn í Reykjavík og Samál standa fyrir fundaröð um orkumál í Háskólanum í Reykjavík, Herkúles 5, 2. hæð

Föstudaginn 27. maí kl. 8.30 - 10.00

Dagskrá:

Clean and Renewable Energy
Philip Metcalfe, ráðgjafi á sviði endurnýjanlegrar orku

Orka í samgöngum - hvaða lausn er best?
Guðrún Sævarsdóttir, lektor við Tækni- og verkfræðideild HR

Græna orkan - vettvangur stefnumótunar í orkuskiptum
Sverrir Viðar Hauksson, formaður verkefnisstjórnar Grænu orkunnar

Philip Metcalfe er rafmagnsverkfræðingur og starfar sem ráðgjafi með áherslu á fjárfestingar í endurnýjanlegri orku. Hann hefur m.a. starfað í verkefnum um lífdísel, vindmyllur og kolefnisviðskipti.

Fundarstjóri: Orri Hauksson, framkvæmdastjóri SI

ÁR NÝSKÖPUNAR

Fundurinn er opinn og aðgangur ókeypis

Skráning á www.si.is

samál

SI

Samtök iðnaðarins - www.si.is




ALLT Í SAMT LAG Ólíklegt er að frekari tafir verði á millilandaflugi í Evrópu sökum Grímsvatnagoss. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞORGILS

Útlit fyrir að engar frekari tafir verði á flugi:

## Flug í Evrópu aftur komið á fulla ferð

Ekki er útlit fyrir að frekari tafir verði á millilandaflugi í Evrópu sökum ösku frá Grímsvatnagosi, en tæplega 450 flugferðum var aflýst á þýskum flugvöllum í gær, aðallega í Bremen, Hamborg og Berlín.

Ösku varð einnig vart í Rússlandi en það hafði ekki áhrif á flugumferð.

Samkvæmt tilkynningu frá Eurocontrol, loftferðaeftirliti Evrópu, eru þýskir flugvellir opnir að nýju og er ekki gert ráð fyrir frekari töfum í dag.

Í tilkynningu frá Isavia segir jafnframt að ekki sé búist við frekari töfum á flugi frá Keflavíkurflugvelli.

Þó eru enn deilur í Bretlandi þar sem flugfélög telja að flugbannið á þriðjudag hafi verið allt of víðtækt. British Airways fóru að fordæmi Ryanair frá deginum áður og sendu þotu í rannsóknarflug upp í meint öskusvæði. Þeir sögðu engin merki um skemmdir vegna ösku.

Þýski samgönguráðherrann sagði í viðtali við AP að varúðarráðstafanirnar væru réttlætanlegar. Gosið í Eyjafjallajökli í fyrra hafi verið lærdómsríkt og yfirvöld séu vel undir slík tilvik búin. - þj




# FERÐADAGAR N1

## KVÖLDOPNUN Í STÓRVERSLUN N1 – OPIÐ TIL 20

Komdu á Ferðadaga N1 og gerðu allt klárt fyrir skemmtilegt ferðasumar. Það verður nóg um að vera, fjöldi frábærra tilboða, spennandi nýjungar og að sjálfsögðu sumarglaðningur fyrir börnin! **Ferðadagatilboðin gilda 26.–28. maí í verslunum N1 um allt land.**

**20%**
AFSLÁTTUR AF MOVERA FERÐAVÖRUM

MOVERA

Vr. 909 22923
**BORÐ**
60x80x70/65/60, stillanleg hæð
Verð áður 11.900 kr.
**9.520 KR.**

Vr. 909 28403
**ÁLSTÓLL**
Leonardo
Verð áður 15.900 kr.
**12.720 KR.**

Vr. 076 900653
**FERÐAGASGRILL PORTA CHEF PRO**
Verð áður 29.900 kr.
**24.900 KR.**

Vr. 909 82100
**FRAMLENGINGAR-SPEGLAR, SETT**
Verð áður 12.900 kr.
**9.980 KR.**



Vr. 909 50831
**KÆLIBOX, 25 L**
12V/230V
Verð áður 24.900 kr.
**19.900 KR.**

Vr.078 233801
**PRIMUS TJALDHITARI 2500W**
Verð áður 15.900 kr.
**11.900 KR.**

Vr. 820 729381
**REIÐHJÓLAFESTING**
Fest á 50 mm kúlu
Verð áður 10.998 kr.
**8.798 KR.**

Fíton/SÍA

BÍLDSHÖFÐI 9 | WWW.N1.IS

N1 Meira í leiðinni

Forseti Íslands gisti á Kirkjubæjarklaustri í nótt:

# Viðbragðskerfið er mikill þjóðarauður

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, heimsótti íbúa Kirkjubæjarklausturs og nágrennis í gærdag, og eyddi nóttinni í bænum. Hann ætlar að halda áfram að heimsækja bóndabæi á svæðinu í dag.

Forsetinn segir afar ánægjulegt hve vel hafi tekist að samhæfa hjálparstarf og framlag heimamanna á svæðinu.

„Allir hafa lagst á eitt að glíma við þessa erfiðleika og ná áttum. Mér heyrist að það sé nokkur bjartsýni og léttir að veðráttan hafi hjálpað til á síðasta sólarhring,“ segir Ólafur. „Féð er komið á tún þó þau séu grá og þeir bændur sem við höfum talað við virðast vera léttari í skapi.“

Ólafur Ragnar eyddi fyrstu stundunum á svæðinu á Kirkjubæjarklaustri og fékk góða lýsingu á því starfi sem þar er unnið.



**FORSETINN Á KLAUSTURHÓLUM** Ólafur Ragnar heimsótti dvalarheimilið Klausturhóla og ræddi við elsta íbúann, Bjarna Einarsson, hundrað ára. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Það hefur verið hrikaleg reynsla að upplifa þessa daga og auðvitað eiga einhverjir eftir að ná sér að fullu,“ segir hann. Ólafur fór einnig á gosslóðir á síðasta ári og segir að gleðilegt sé að finna hversu gott viðbragðskerfi þjóðin eigi í hörmungum sem þessum sem tengi saman ólík samtök og einstaklinga.

„Það er í raun og veru mikill þjóðarauður í því. Við búum í landi sem á eftir að verða fyrir fleiri atburðum af þessu tagi á næstu áratugum,“ segir Ólafur Ragnar. „Íslenska náttúran heldur áfram að minna á sig og þegar maður sér þessa samhæfðu sveit sem kemur saman úr ólíkum áttum á örskömmum tíma kemur í ljós hve mikill þjóðarauður er í þessu hjálpar- og aðstoðarkerfi.“ - sv













**MEÐ GRÍMUR ÚTI Á SJÓ** Ljósafellið varð allt þakið ösku skömmu eftir að gosið. MYND/ODDUR SVEINSSON

Áhöfnin á Ljósafelli sá vart næstu skip vegna ösku:

# „Þetta var líkt og eins manns veröld“

Áhöfnin á Ljósafelli fann vel fyrir öskunni úr Grímsvötnum, þrátt fyrir að vera tæpar 40 mílur frá landi. Skipið varð allt þakið ösku en hún er nú að mestu horfin eftir mikla hjálp frá sjónum.

„Það var orðið verulega svart. Þetta var líkt og eins manns veröld,“ segir Hávarður Helgason skipstjóri. „Sem betur fer stóð þetta ekki lengi hjá okkur. En við urðum óskaplega fegnir þegar þetta var búið.“

Ljósafell, ásamt tveimur öðrum skipum, var úti á suðvesturhorninu á Mýrargrunni á sunnudaginn síðastliðinn. Tveir aðrir togarar voru nær landi og segir Hávarður að áhafnir þeirra hafi lýst ástandinu eins og væri svartasti vetrarbylur um hábjartan dag. Erfitt hafi verið að greina umhverfið í kring og nærliggjandi skip hafi vart verið sjáanleg.

„Við sáum rétt móta fyrir öðrum skipum, en greindum ekki lengra en um 2 til 3 mílur út,“ segir hann.

Áhöfnin gerði ráðstafanir þegar askan lagðist yfir og útbjó ryksíur á öll inntök skipsins. Grímum og gleraugum var deilt á skipsverja, sem eru fimmtán.

„Við sluppum þó betur en fólkið á landinu. Þessi stutta heimsókn sem við fengum frá öskunni lagðist yfir okkur hægt og rólega, en hún var andskoti þrúgandi meðan á henni stóð,“ segir Hávarður. „Það er skelfileg tilhugsun að lenda í þeirra aðstæðum. Það þarf virkilega mikinn drifkraft til að standa það af sér.“ - sv



**SANDAUÐN** Fólkið ók yfir jökul, sem þó leit ekki lengur út eins og jökull, heldur eyðimörk. MYND/KARL ÓLAFSSON

Karl Ólafsson fór í skoðunarferð upp að gosinu:

# Eins og að vera í Sahara-eyðimörkinni

„Þetta er harla ótrúlegt – sandauðn eins langt og augað eygir,“ segir Karl Ólafsson leiðsögumaður, sem hélt að Grímsfjalli á Vatnajökli í fyrradag til að skoða eldvirknina í Grímsvötnum og aðstæður fyrir væntanlega ferðamenn þangað nú í sumar.

„Þetta lítur út eins og maður sé kominn í miðja Sahara-eyðimörkina uppi á stærsta jökli Evrópu,“ bætir hann við. Brúnleit gjóskan hafi lagst yfir jökulinn og, eðli máls samkvæmt, gjörbreytt ásýnd hans.

Hópurinn, tæplega 20 manns á fjórum bílum, fór býsna nálægt gígnum, sem Karl segir að hafi þó verið við það að hverfa þegar fólkið bar að. Þó stóðu reglulega úr honum hundrað metra háir strókar sem fleygðu stærðarinnar grjóthnullungum tugi metra í loft upp.

Karl ræður fólki eindregið frá því að ferðast mikið um svæðið á næstunni. „Það er mjög mikið hættuspil,“ segir hann og ekki nema fyrir vana fjallamenn, og jafnvel þeir skyldu ráðfæra sig við lögreglu og björgunarsveitir áður en lagt er upp.

Ástæðuna segir hann vera þá að sjóðheitir grjóthnullungar hafi kastast í loft upp og stungist ofan í ísinn, grafið þar göng og myndað mjög varasöm dý – holrúm undir ísnum, full af drullu og vatni. - sh

markhonnun.is

# nettó
Kræsingar & kostakjör



## FYLLTUR LAMBAHRYGGUR
FERSKUR

36% afsláttur

**1.799** kr/kg
áður 2.798 kr/kg

# VERIÐ **VELKOMIN**



### GRÍSAKÓTELETTUR
FERSKAR

52% afsláttur

**990** kr/kg
áður 2.049 kr/kg




### GRÍSAGÚLLAS
FERSKT

30% afsláttur

**1.399** kr/kg
áður 1.998 kr/kg




### WOK NAUTAPOTTRÉTTUR
FERSKUR

25% afsláttur

**1.499** kr/kg
áður 1.998 kr/kg



### GRÍSASKANKAR
FERSKIR

50% afsláttur

**249** kr/kg
áður 498 kr/kg



### KJÚKLINGUR
FERSKUR

**698** kr/kg
áður 798 kr/kg



### HAMBORGARAR
10 X 90 G, FROSNIR

**999** kr/pk.
áður 1.298 kr/pk.




### GLÓALDINSAFI
1 L

**199** kr/stk.
áður 229 kr/stk.



### KANILSNÚÐUR
BAKAÐ Á STAÐNUM

**88** kr/stk.
áður 175 kr/stk.

* Gildir ekki á Salavegi



### ICEBERG
SALAT

50% afsláttur

**175** kr/kg
áður 349 kr/kg

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

**Verið velkomin í Nettó**
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes

**Tilboðin gilda 26. - 29. maí**
eða meðan birgðir endast






Rauðum blöðrum var sleppt til himins á Austurvelli í tilefni af Degi barnsins:

# Heiðra minningu látinna barna

**SAMFÉLAGSMÁL** Rauðum blöðrum í tugatali var sleppt á Austurvelli í gærdag til að minnast þeirra barna sem aldrei ná fimm ára aldri.

Viðburðurinn var liður í dagskrá sem nú stendur yfir í tilefni þess að hinn árlegi „Dagur barnsins“ er á sunnudaginn næstkomandi.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi standa að mestum hluta fyrir dagskránni. Í samstarfi við samtökin eru Samband íslenskra framhaldsskólanema og Sérsveit Hins hússins. Gert var hlé á þinghaldi í dag til þess að fylgjast með athöfninni. Þingmenn voru hvattir til að leggja sitt af mörkum til að partur af þúsaldarmarkmiði Sameinuðu þjóðanna, að draga úr ungbarnadauða um tvo þriðju, nái fram að ganga fyrir árið 2015. **- sv**



**BLÖÐRUNUM SLEPPT** Alls var sleppt 69 blöðrum fyrir framan Alþingishúsið í gær og tók fjöldi fólks þátt í hátíðahöldunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# G8-ríkin lýsa stuðningi við uppreisnina

**Egyptaland og Túnis vænta mikils af tveggja daga leiðtogafundi G8-ríkjanna, sem hefst í Frakklandi í dag. Leiðtogar G8-ríkjanna ætla að þessu sinni að beina athygli sinni sérstaklega að uppreisnarhreyfingum í arabaheiminum.**

**FRAKKLAND, AP** Uppreisn almennings í arabaheiminum verður eitt helsta viðfangsefni leiðtogafundar G8-ríkjanna, sem haldinn verður í hafnarborginni Deauville í Frakklandi í dag og á morgun.

Glíman við fjárlagahalla og aðhaldsaðgerðir vegna heimskreppunnar fá sinn sess á ráðstefnunni, en ástandið í arabaheiminum kallar á sérstaka athygli, sem meðal annars birtist í því að leiðtogarnir ætla að lýsa yfir stuðningi við uppreisnarhreyfingarnar.

Sérlegir gestir á G8-fundinum verða leiðtogi Arababandalagsins og forsætisráðherrar hinna nýju stjórna í Túnis og Egyptalandi, löndunum tveimur þar sem „arabíska vorið“ svonefnda hófst í vetur og þar sem uppreisnarbylgjan hefur jafnframt náð mestum árangri.

Leiðtogar Túnis og Egyptalands gera sér meðal annars vonir um ríkulega efnahagsaðstoð frá heimsveldunum átta, auðugustu ríkjum heims.

Vegna átakanna í Líbíu, sem liggur á milli Túnis og Egyptalands, hafa ferðamenn forðast að leggja leið sína til þessara tveggja landa með þeim afleiðingum að nýju stjórnvöldin óttast um sinn hag.

„Það sem við þurfum eru peningar,“ sagði Jaloul Ayed, fjármálaráðherra Túnis. „Besta leiðin til þess að festa lýðræði í sessi er að tryggja velferð almennings.“

Á fundinum stendur sem sagt til að stofna nýjan samstarfsvettvang G8-ríkjanna og „þeirra nágranna okkar við sunnanvert Miðjarðarhaf sem hafa valið sér braut frelsis og lýðræðis,“ eins og Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, orðaði það í gær. Barroso verður fulltrúi Evrópusambandsins á fundinum ásamt Herman van Rompuy, forseta leiðtogaráðs ESB.

Meðal annars er hugmyndin sú, að koma á fót nýrri „Marshall-aðstoð“ til handa arabaríkjum, sem hafa steypt einræðisherrum af stóli, eitthvað í líkingu við þá aðstoð sem Bandaríkin veittu Evrópuríkjum til að hjálpa þeim að rísa upp úr rústum seinni heimsstyrjaldarinnar.

Átökin í Líbíu gætu þó sett strik í reikninginn, enda gera þau bæði Túnisum og Egyptum lífið erfitt, auk þess sem Evrópuríkin og Atlantshafsbandalagið virðast ekki hafa nein ráð til að binda fljótt enda á þau átök. **gudsteinn@frettabladid.is**




**MÓTMÆLENDUR Í PARÍS** Að venju fylgja G8-fundinum skrautlegir mótmælendur, sem að þessu sinni hafa sett upp grímur leiðtoganna og klætt sig upp að hætti franskra aðalsmanna frá fyrri tíð. NORDICPHOTOS/AFP

### Hagveldin átta

| | |
|---|---|
| Bandaríkin | Barack Obama *forseti* |
| Bretland | David Cameron *forsætisráðherra* |
| Frakkland | Nicolas Sarkozy *forseti* |
| Ítalía | Silvio Berlusconi *forsætisráðherra* |
| Japan | Naoto Kan *forsætisráðherra* |
| Kanada | Stephen Harper *forsætisráðherra* |
| Rússland | Dmitrí Medvedev *forseti* |
| Þýskaland | Angela Merkel *kanslari* |

Björgunarsveitin Þorbjörn í Grindavík sækir sögulegan grip:

# Náðu í skrúfu 80 árum eftir björgun

**FÓLK** Björgunarsveitin Þorbjörn í Grindavík sótti í vikunni skrúfuna af franska togaranum Cap Fagnet, sem strandaði og sökk í Hraunsfjöru skammt austan við bæinn fyrir réttum 80 árum.

Á vef sveitarinnar segir að ákveðið hafi verið að minnast þessara merku tímamóta með því að sækja skrúfuna. Kafarar losuðu skrúfuna upp af botni með vörubílatjökkum, en skrúfan og öxullinn sem á henni er eru hins vegar gríðarþung, um fjögur tonn. Því var afráðið að koma henni upp af botninum með því að notast við sex þúsund lítra tank sem björgunarskipið Oddur V. Gíslason dró út í Hraunsvík.

Skrúfan var svo dregin að höfn í Grindavík þar sem krani hífði herlegheitin upp á bryggju. Skrúfan var nokkuð löskuð, en hún verður í framhaldinu þrifin og höfð til sýnis fyrir utan höfuðstöðvar björgunarsveitarinnar.



**SKRÚFAN Á LAND** Björgunarsveitarmenn í Grindavík sóttu skrúfu franska togarans Cap Fagnet á hafsbotn í vikunni. MYND/BJÖRGUNARSVEITIN ÞORBJÖRN

Við þessa björgun var í fyrsta sinn á Íslandi beitt fluglínu til björgunar. Línunni var skotið úr fjörunni yfir í skipið og varð það skipbrotsmönnunum 38 til lífs því að skömmu eftir að síðasti maður komst í land urðu aðstæður erfiðari. Sjór braut á skrokknum og brátt rann skipið út af strandstað og sökk. **- þj**



Aura
by SWAROVSKI
Með þekkinguna á því hvernig hægt er að laða fram fegurð og sérkenni hverrar konu með töfrum kristallsins býður Swarovski nú nýjar freistingar – nýja upplifun, ilminn Aura by Swarovski.
DAGANA 26.MAÍ – 1.JÚNÍ
FYLGIR 100 ML HÚÐMJÓLK MEÐ HVERJUM KEYPTUM ILM. Í HÚÐMJÓLKINA HEFUR VERIÐ BÆTT OFURSMÁUM ÖGNUM AF MULDUM SWAROVSKI-KRISTÖLLUM OG FAGURLITUÐUM PERLUM TIL AÐ HÚÐIN FÁI FALLEGA TINDRANDI ÁFERÐ.
KÍKTU VIÐ OG FÁÐU PRUFU AF AURA BY SWAROVSKI.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**FRÉTTASKÝRING:** Jón Steinsson, lektor í hagfræði, gagnrýnir kvótafrumvarp sjávarútvegsráðherra

# Frumvarpið eykur óhagkvæmni

**Jón Steinsson, lektor í hagfræði við Columbia-háskóla, hefur sent Alþingi ýtarlega umsögn um nýtt frumvarp sjávarútvegsráðherra um breytingar á kvótakerfinu. Fréttablaðið heldur áfram að skoða frumvarpið og fjallar hér um umsögn Jóns.**




**SJÁVARÚTVEGUR** Jón telur ljóst að hækkun veiðigjalds hafi engin áhrif á framtíðarrekstrargrundvöll sjávarútvegsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hagfræðingurinn Jón Steinsson, lektor við Columbia-háskóla í Bandaríkjunum, hefur töluvert skrifað um mögulegur breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu á síðustu misserum. Jón hefur talað fyrir svokallaðri leigutilboðsleið, sem er útfærsla á fyrningarleiðinni sem ríkisstjórnin hugðist upphaflega fara í breytingum á kvótakerfinu, en tilboðsleiðin var sett fram af Jóni og Þorkeli Helgasyni stærðfræðingi. Þá hefur Jón stungið upp á því að deilurnar um kvótakerfið verði til lykta leiddar með þjóðaratkvæðagreiðslu þar sem kosið yrði á milli frumvarps frá ríkisstjórninni og frumvarps frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna.



**JÓN STEINSSON**

Jón gerir margvíslegar athugasemdir við fyrirliggjandi frumvarp í umsögninni. Hann er afar gagnrýninn á bann við veðsetningu aflaheimilda og þær takmarkanir sem gerðar eru á framsali samkvæmt frumvarpinu. Hann óttast jafnframt að með frumvarpinu séu sjávarútvegsráðherra færð of víðtæk völd til þess að haga stjórn fiskveiða eftir eigin höfði. Loks telur hann frumvarpið skapa töluverða óvissu um framtíð greinarinnar þar sem það mun einungis gilda í mest 23 ár verði það að lögum.

Þá setur Jón fram mat á því hve hátt veiðigjald sjávarútvegurinn þolir og því hvernig auðlindaarðurinn í sjávarútvegi skiptist milli hins opinbera og útgerðarinnar verði frumvarpið að veruleika og jafnframt hve mikið af hlut hins opinbera rynni til byggðamála. Auðlindaarð eða auðlindarentu má skilgreina sem þann hagnað sem til verður við nýtingu takmarkaðrar auðlindar umfram það sem tíðkast í öðrum greinum en samkvæmt viðteknum kenningum hefur skattlagning rentu mun minni skaðleg áhrif en annars konar skattlagning.

### Hvernig skiptist auðlindarentan?

Verði fyrirliggjandi frumvarp að lögum er það mat Jóns að um 30 prósent af auðlindaarðinum verði innheimt í gegnum veiðigjald og í gegnum uppboð á veiðiheimildum á svokölluðu kvótaþingi. Skilar veiðigjald 20 prósentum og uppboð 10 prósentum. Þar að auki verður 5 prósentum af auðlindaarðinum varið til byggðamála í gegnum strandveiðipott og byggðapott. Eftir standa því 65 prósent af auðlindaarðinum sem verða áfram í höndum núverandi handhafa.

Jón varar hins vegar við því að töluverð hætta sé á samráði í uppboðum á aflaheimildum, ekki síst þar sem fáir aðilar ráða yfir stærstum hluta heimilda eins og gildir um loðnu, síld og makríl hér á landi. Uppboðin þurfi því að hanna með það að markmiði að lágmarka hættuna á samráði.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og aðrir forystumenn ríkisstjórnarinnar hafa ítrekað lýst því yfir að sanngjarn hluti auðlindaarðsins af sjávarútveginum eigi að renna til þjóðarinnar. Jón bætir því við í mati sínu að samkvæmt frumvarpinu séu þessi 30 til 35 prósent því sá hluti.

### Óhagkvæmni aukin

Jón telur nokkra þætti frumvarpsins líklega til að auka óhagkvæmni í sjávarútvegi til muna. Fyrir það fyrsta er það mat Jóns að sá hluti kvóta sem ráðstafað er til strandveiða og sem byggðakvóta muni aukast um 50 prósent frá því sem nú er og verða um 5 prósent af heildarkvóta. Þessi ráðstöfun, og þar með aukningin, valdi verulegu fráviki frá hagkvæmri stjórn fiskveiða. Strandveiðar séu í raun veiðar þar sem keppst er um að ná sem mestu á land áður en potturinn klárast en slíkri hegðun fylgi offjárfesting og sóun. Byggðakvótar séu aftur á móti veittir á pólitískum forsendum og víki þar með frá hagkvæmnissjónarmiðum. Þá sé hægt að ná fram sömu markmiðum á hagkvæmari máta.

Í frumvarpinu eru settar verulegar takmarkanir við framsal á aflaheimildum og veðsetning þeirra bönnuð. Jón segir þessi ákvæði afskaplega óskynsamleg. Verði beint framsal bannað muni menn selja sig út úr greininni óbeint með því að selja fyrirtækin sem hafa aflaheimildir í stað heimildanna sjálfra. Bann við veðsetningu geri nýliðum erfiðara fyrir að hasla sér völl í greininni þar sem það geri fjármögnun kaupa á útgerðarfyrirtækjum og aflaheimildum erfiðari en ella. Bannið dragi því úr hagræðingu í sjávarútvegi og til lengri tíma þeim ábata sem þjóðin hefur af fiskveiðum.

### Breytingar á veiðigjaldi

Í frumvarpi sjávarútvegsráðherra felst sú breyting að útreikningar á upphæð veiðigjaldsins í sjávarútvegi skuli grundvallast á aflaverðmæti margfölduðu með sama hlutfalli og hlutfall vergrar hlutdeildar fjármagns er í rekstraryfirliti fiskveiða sem Hagstofan birtir. Jón telur þá breytingu til bóta en um sé að ræða ágætan mælikvarða á auðlindaarðinn í sjávarútvegi. Þó þurfi að hafa í huga að útgerðir hafa sterka hvata vegna hlutaskiptakerfis sjómanna til að selja afla til tengdra aðilda á undirverði. Þannig geti þeir fært hluta auðlindaarðsins til vinnslunnar til dæmis en þar með nær veiðigjaldið ekki til nema hluta auðlindaarðsins. Á móti kemur að ársgreiðsla sem miðast við eðlilegan arð af skipum, frystihúsum og öðrum fjárfestingum er ekki dregin frá þegar veiðigjaldið er reiknað út. Með ofangreint í huga er það mat Jóns að veiðigjaldið muni jafngilda 25 prósent af auðlindaarðinum sem verður til við veiðar aflaheimilda sem úthlutað er með nýtingarsamningum. Þá megi telja ólíklegt að slíkt gjald hafi merkjanleg áhrif á rekstrarskilyrði í greininni.

**Magnús Þorlákur Lúðvíksson**
magnusl@frettabladid.is



## Hve mikið veiðigjald þolir útgerðin?

Í greinargerð sinni tekur Jón upp spurninguna hve hátt veiðigjald sjávarútvegurinn þolir. Hann segir að hægt sé að svara þeirri spurningu á tvennan hátt. Sé markmiðið að tryggja að veiðigjaldið hamli ekki hagkvæmri fjárfestingu í greininni almennt þurfi veiðigjaldið að taka mið af auðlindaarðinum. Engin hætta sé hins vegar á því að það veiðigjald sem frumvarpið gerir ráð fyrir íþyngi greininni það mikið að það hafi áhrif á fjárfestingar og rekstur til lengri tíma.

Sé hins vegar litið á málið út frá sjónarhóli núverandi eigenda sjávarútvegsfyrirtækja í stað rekstrargrundvallar í greininni sé svarið annað. Jón telur þó hinn raunverulega vanda vera að mörg fyrirtæki í greininni hafa skuldsett sig upp í topp og muni því líklega þurfa að ganga í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu verði veiðigjaldið hækkað. Erfitt sé hins vegar að meta hve mikið sé hægt að hækka veiðigjaldið áður en þau fyrirtæki þyrftu að fara í endurskipulagningu. Slík endurskipulagning komi hins vegar ekki niður á starfsfólki fyrirtækjanna eða starfsemi þeirra að nokkru leyti. Því eigi að vera nokkurt rúm til að hækka veiðigjaldið.



• FRÁBÆR VERÐ Á FLOTTUM MERKJUM •

# KÍKIÐ Í HEIMSÓKN
# OG GERIÐ FRÁBÆR KAUP



**SUNDBUXUR - HERRA**
STÆRÐIR: S - XL
**VERÐ: 3.990 kr.**



**STUTTERMABOLUR - DÖMU**
STÆRÐIR: XS-L
**VERÐ: 3.990 kr.**
VERÐ ÁÐUR: 5.990 kr.



**GAME POINT SKÓR**
BARNASTÆRÐIR
**VERÐ: 5.990 kr.**
VERÐ ÁÐUR: 9.990 kr.



**ARGON LEÐURSKÓR - HERRA**
STÆRÐIR: 40-47
**VERÐ: 9.990 kr.**
VERÐ ÁÐUR: 14.990 kr.



**RENND PEYSA - DÖMU**
STÆRÐIR: XS-L
**VERÐ: 9.990 kr.**
VERÐ ÁÐUR: 15.990 kr.



**RENNDIR JAKKAR - HERRA**
STÆRÐIR: S-XL
**VERÐ FRÁ: 3.990 kr.**



**IKAZ GÖTUSKÓR - DÖMU**
STÆRÐIR: 36-41
**VERÐ: 9.990 kr.**
VERÐ ÁÐUR: 14.990 kr.

Gott úrval af sokkum frá PUMA

**SPORT OUTLET**

**Vínlandsleið 6-8 113 Reykjavík**

Opið: Virka daga kl. 11-18
Laugardaga kl. 11-16

**OPIÐ SUNNUDAG KL. 13-17**






# neytendur
hagur heimilanna

**6.299 KRÓNUR** er sú upphæð sem meðalheimili eyðir í bækur, blöð og ritföng í hverjum mánuði samkvæmt könnun Hagstofu Íslands.

## GÓÐ HÚSRÁÐ gull og silfur

*Hvernig hreinsa á gull- og silfurskartgripi*



Á heimasíðu Leiðbeiningastöðvar heimilanna er að finna gagnleg ráð til að hreinsa gull- og silfurskartgripi.

**Gull**

Blandið 1 msk. af uppþvottalegi saman við 2 dl af soðnu köldu vatni í glerskál. Gullskartgripirnir eru settir í skálina og látnir liggja í hálfa til eina klukkustund. Gott er að bursta þá með mjúkum bursta. Þegar skartið er orðið hreint er hvolft úr skálinni í sigti og skolað yfir með köldu vatni. Leggið síðan skartgripina á handklæði og fægið með mjúkum klút.

**Silfur**

1 tsk. lyftiduft
1 tsk. matarsódi
2 ½ dl kalt vatn
Hitið vatnið og bætið þurrefnunum út í. Látið rjúka og setjið skartgripina í löginn. Látið liggja um stund, takið skartið upp úr og fægið með mjúkum klút.

■ **Viðskipti**

## Tengi má enn nota sína mynd

Neytendastofa hefur bannað Múrbúðinni að nota myndmerkið Evidrain. Tengi leitaði til Neytendastofu með kvörtun yfir notkun Múrbúðarinnar á myndmerkinu Evidrain og taldi merkið mjög líkt merkinu Unidrain sem Tengi hefði umboð fyrir. Í ákvörðun Neytendastofu segir að myndmerkin séu mjög áþekk og mikil hætta á að ruglingur verði á milli þeirra. „Neytendastofa taldi Tengi eiga betri rétt til merkisins af því að það félag hafði notað sitt merki lengur," segir á vef Neytendastofu. **- óká**

ÁRBÆJAR PREK LÍKAMSRÆKT

**Viltu starfa sjálfstætt við líkamsrækt?**

Höfum til leigu rúmgóða sali fyrir hóptímakennslu sem og einkaþjálfun. Sér tækjasalur með hlaupabrautum og öðrum upphitunartækjum. Bjóðum upp á fast gjald fyrir einkaþjálfara. Salirnir henta vel fyrir t.d. danskennslu, Cross fit, boxþjálfun, Fitnessbox, Rope Yoga, barnaleikfimi o.fl. Einnig er góð aðstaða fyrir nuddara og sjúkraþjálfara.

Einstakt tækifæri þar sem startkostnaður er enginn, aðeins fast leiguverð.
Góð búningsaðstaða er fyrir hendi. Hægt er að leigja sal að hluta til eða að fullu.

Upplýsingar í síma 8615718 (Bergþór) eða á threk@threk.is

SÓLAR Lottó
Spilaðu með og láttu sólina leika við þig!
Hálft fæði innifalið!
Sólarlottó - Almería
Verð á mann frá: 17. júní - vika
88.844 kr.
m.v. 2 fullorðna og 2 börn
plús FERÐIR
www.plusferdir.is
PLÚSFERÐIR – Lágmúla 4 – 105 Reykjavík - Sími 535 2100

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRA SJÓNVARP
Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.
vísir



**Í LEIFSSTÖÐ** Upplýsingar um réttindi farþega virðast ekki skila sér til þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Flugfarþegar þekkja ekki nógu vel rétt sinn

**Um helmingur flugfarþega hefur ekki fengið þá aðstoð sem flugrekendum ber að bjóða vegna seinkunar á flugi. Þetta eru niðurstöður rafrænnar könnunar Neytendasamtakanna og Evrópsku neytendaaðstoðarinnar sem gerð var í apríl síðastliðnum.**

Misbrestur er jafnframt á að flugrekendur setji upp auðlæsilega tilkynningu við innritunarborð um rétt neytenda eins og þeim ber að gera. Neytendum er heldur ekki alltaf kunnugt um rétt sinn.

„Könnunin er ekki hávísindaleg eða marktæk þar sem aðeins bárust 75 svör en það vakti athygli okkar að upplýsingar til farþega virðast ekki skila sér," segir Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur hjá Neytendasamtökunum.

Þegar seinkun verður um tvær klukkustundir eða meira í styttra flugi og þrjár klukkustundir eða meira í flugi sem er 1.500-3.500 km hvíla á flugrekanda ákveðnar skyldur til að aðstoða farþegana. Samkvæmt fyrrgreindri könnun svöruðu 50 prósent farþega í millilandaflugi að þau hefðu aldrei notið lögbundinnar aðstoðar.

> Könnunin er ekki hávísindaleg eða marktæk þar sem aðeins bárust 75 svör en það vakti athygli okkar að upplýsingar til farþega viðrast ekki skila sér.
>
> **HILDIGUNNUR HAFSTEINSDÓTTIR** LÖGFRÆÐINGUR HJÁ NEYTENDASAMTÖKUNUM

Flugrekanda ber til að mynda að bjóða farþegum upp á hressingu í samræmi við lengd tafar. Farþegar eiga rétt á að hringja tvö símtöl eða senda tölvupóst án endurgjalds og rétt á gistingu auk ferða til og frá flugvelli ef þörf er á.

Hildigunnur segir að þótt könnunin hafi verið smá í sniðum sé ljóst að það varði flugfarþega miklu að vera meðvitaðir um rétt sinn og einnig þurfi flugrekendur að kynna réttindi flugfarþega fyrir þeim.

Sé ágreiningur milli farþega og flugrekanda geta farþegar skotið máli sínu til Flugmálastjórnar sem nú hefur úrskurðarvald í farþegamálum eftir breytingu sem gerð var á lögum um loftferðir í fyrra. Stofnunin getur beitt dagsektum og eru lágmarkssektirnar 10.000 krónur.

„Áður gátum við bara mælst til þess að málið skyldi útkljáð með vissum hætti," segir Valdís Aðalsteinsdóttir, upplýsingafulltrúi hjá Flugmálastjórn.

„Það er hægt að kæra ákvarðanirnar til innanríkisráðuneytisins innan þriggja mánaða frá því að þær eru teknar. Það er því ekki fyrr en eftir þessa þrjá mánuði sem stofnunin getur beitt dagsektum hafi flugrekandinn ekki fylgt ákvörðuninni," greinir Valdís frá.

Flugmálastjórn er farin að úrskurða í kærumálum, sem eru þó nokkur, en dagsektum hefur enn ekki verið beitt.

„Fyrir tveimur vikum ítrekaði stofnunin á fundi með flugrekendum mikilvægi þess að uppfylla upplýsingaskyldu til farþega. Þeim var jafnframt tjáð að Flugmálastjórn myndi gera reglubundnar úttektir vegna þessa," bætir Valdís við.

Upplýsingar um rétt flugfarþega er meðal annars að finna á vef Flugmálastjórnar, www.flugmalastjorn.is, og vef Neytendastofu, www.neytendastofa.is.

**ibs@frettabladid.is**

Sumaráætlun Strætó tekur gildi á sunnudaginn:

# Ferðum fækkað yfir sumarið

**SAMGÖNGUR** Sumaráætlun Strætó tekur gildi næstkomandi sunnudag 29. maí. Breytingin felst í því að vagnar á leiðum 1, 2, 3. 4, 6, 11, 12, 14 og 15 munu aka á 30 mínútna fresti í stað 15 mínútna.

Ferðunum verður fjölgað aftur í haust þegar skólarnir byrja að nýju og sumarfríum lýkur.

Bergdís I. Eggertsdóttir, verkefnastjóri Strætó bs., segir sumaráætlunina taka mið af minni eftirspurn á sumrin en á veturna.

„Eftirspurnin eftir þjónustu Strætó er eðlilega minni á sumrin en á veturna. Þar munar mest um að skólastarf liggur niðri auk þess sem almenn sumarfrí hafa sitt að segja."

Nánari upplýsingar um sumaráætlunina er að finna á vefnum www.straeto.is. Nýjar leiðabækur eru fáanlegar á öllum sölustöðum. **- ibs**



**ÞJÓNUSTAN MINNKAR** Vegna minni eftirspurnar að sumarlagi verður ferðum Strætó fækkað. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA


ÚRVALIÐ ER
í Flísa- & Baðmarkaðnum
EN: 1111:1998
CE
NAPOLI hitastýrt sturtusett
26.900
CERAVID baðkar 170x75 cm
18.900
6 mm Hert öryggisgler
MILAN sturtuhorn
90x90 cm eða 80x80 cm með botni.
Vatnslás og botnventill fylgja.
22.900
ROMA innrétting og spegill
37.900
6 mm Hert öryggisgler
Sturtuklefi 80x80x195cm
með botni, vatnslás og botnventli
39.900
Einnig fánlegur í 90x90x195cm
Fæst einnig í rúnnaðri útfærslu
EURO handklæðaofn kúptur
króm 50x80 cm
13.490
EN: 1111:1998
NAPOLI hitastýrð blöndunar-
tæki f. baðkar
CE
12.995
Þýskar og spænskar innréttingar
LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM
VitrA
QUALITY
Sunrise
NAPOLI hitastýrð blöndunartæki
fyrir sturtu
10.900
CE
EN: 1111:1998
CALIFORNIA innrétting
og spegill
39.900
hár skápur 29.900
(fáanlegt í hvítu og Wengue)
6 mm Hert öryggisgler
FC 504 Sturtuhorn 90x90 cm
32.900
ADELL sturtusett
2.595
6 mm Hert öryggisgler
FC 512 Sturtuhorn m. botni 145x80 cm
59.900
Flísa&Bað
MARKAÐURINN
Bæjarlind 6, Kópavogi, sími 517 6067. Opið mán. - fös. 10-18, laugard. 11-16.

**218,09** STIG ER GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR um miðjan dag í gær. Gengi krónunnar var síðast á svipuðum slóðum í maí í fyrra.

**Framkvæmdastjórar AGS frá upphafi**

| Tímabil | Nafn | Land |
|---|---|---|
| 1946 -1951 | Camille Gutt | Belgía |
| 1951-1956 | Ivar Rooth | Svíþjóð |
| 1956-1963 | Per Jacobsson | Svíþjóð |
| 1963-1973 | Pierre-Paul Schweitzer | Frakkland |
| 1973-1978 | Johannes Witteveen | Holland |
| 1978-1987 | Jacques de Larosière | Frakkland |
| 1987-2000 | Michel Camdessus | Frakkland |
| 2000-2004 | Horst Köhler | Þýskaland |
| 2004-2004 | Anne Osborn Krueger | Bandaríkin |
| 2004-2007 | Rodrigo Rato | Spánn |
| 2007-2011 | Dominique Strauss-Kahn | Frakkland |
| 2011- | John Lipsky | Bandaríkin |

*Heimild: Wikipedia.org*

Fjármálaráðherra Frakklands vill taka við af AGS:

# Evrópubúar verið einráðir við stýrið

Christine Lagarde, fjármálaráðherra Frakklands, gaf í gær opinberlega kost á sér sem eftirmaður Dominique Strauss-Kahn, fráfarandi framkvæmdastjóra Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, AGS.

Stjórnmálamenn í Evrópu hafa lýst því yfir um nokkurt skeið að þeir hafi hug á að halda stólnum líkt og þeir hafa gert frá stofnun AGS árið 1946.

Bandaríkjamaðurinn John Lipsky, aðstoðarframkvæmdastjóri AGS, tók tímabundið við starfi Strauss-Kahn í síðustu viku. Undantekning er að landar hans setjjast í stól framkvæmdastjóra AGS og hefur það aðeins gerst einu sinni áður. Anne Osborn Krüger tók við stöðunni um fjögurra mánaða skeið í kjölfar afsagnar Horsts Köhler. Ekki var um hneykslismál að ræða því Köhler tók við embætti forseta Þýskalands. Til mótvægis hafa Bandaríkjamenn stýrt Alþjóðabankanum frá stofnun hans sama ár og AGS var sett á laggirnar.



**LAGARDE ÆTLAR FRAM** Fjármálaráðherra Frakklands tilkynnti á blaðamannafundi í gær að hún ætli að demba sér í baráttuna um stól framkvæmdastjóra AGS. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lagarde hefur stuðning ráðamanna helstu landa Evrópu, Breta, Frakka og Þjóðverja. Fulltrúar AGS frá löndum utan Evrópu vilja hins vegar fá að hafa sitt að segja um það hver stýri AGS.

Breska viðskiptablaðið Financial Times greindi frá því í gær að tveir hafi formlega gefið kost á sér gegn Lagarde. Það eru seðlabankastjórarnir Agustín Carstens frá Mexíkó og Grígorí Marsjenko frá Kasakstan. **- jab**

Tveggja milljarða skattur gæti lagst á lífeyrissjóði:

# Gæti komið niður á fjárfestingum sjóða

Áætlað er að nýr eignaskattur á lífeyrissjóði sem ríkisstjórnin boðar í svokölluðum skattabandormi í tengslum við nýgerða kjarasamninga skili tæpum tveimur milljörðum króna. Skatturinn nemur 0,0972 prósentum.

Viðskiptaráð Íslands lýsir í umsögn sinni til Efnahags- og skattanefndar um skattabandorminn almennt yfir ánægju með að með honum sé undið ofan af mistökum sem gerð voru við breytingar á skattkerfinu eftir bankahrunið.

Í umsögn Viðskiptaráðs er hins vegar bent á að í 9. grein skattabandormsins sem fjallar um skattlagningu lífeyrisssjóða sé um grófa tvísköttun að ræða. Þetta sé nýr skattur sem ekki sé hægt að finna rökstuðning fyrir né sé hann í samræmi við yfirlýsingu stjórnvalda í tengslum við gerð kjarasamninga. Þar er meðal annars kveðið á um að greiða eigi götu lífeyrissjóða til frekari fjárfestinga. Þá sé skatturinn í mótsögn við þau markmið að standa vörð um getu sjóðanna til útgreiðslu úr þeim.



**FORMENNIRNIR** Viðskiptaráð vill ekki sjá nýjan skatt á lífeyrissjóði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Viðskiptaráð leggur því til í umsögn sinni að skatturinn verði felldur út úr frumvarpinu. **- jab**



**VIÐ LEIFSSTÖÐ Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI** Greining Íslandsbanka segir að hækkun flugfargjalda til útlanda, annan mánuðinn í röð, hafi komið á óvart. Nú hafi fargjöld í millilandaflugi hækkað um nærri 50 prósent frá febrúarbyrjun. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Verðbólgan eykur á vanda Seðlabankans

**Ársverðbólga nemur nú 3,4 prósentum. Búist er við að verðbólga aukist enn næstu mánuði. Greiningardeild Arion banka segir Seðlabankann í vanda.**

Tólf mánaða verðbólga stendur nú í 3,4 prósentum, samkvæmt mælingu Hagstofunnar. Hækkun vísitölu neysluverðs frá fyrra mánuði nemur 0,94 prósentum.

Verðbólgan er heldur meiri en spáð hafði verið. Greining Íslandsbanka spáði 0,6 prósentum, greiningardeild Arion banka og IFS greining 0,7 prósentum og markaðsvísir MP banka spáði 0,8 prósentum.

Í umfjöllun Greiningar Íslandsbanka kemur fram að margt leggist á eitt í verðbólgu mánaðarins. Tíu prósenta hækkun á gjöldum fyrir heitt vatn og frárennsli og 15,5 prósenta hækkun á flugfargjöldum til útlanda vegi þungt, en hækkun flugfargjalda annan mánuðinn í röð hafi komið á óvart. „Sá liður hefur nú hækkað um nærri 50 prósent frá febrúarbyrjun. Þá hækkaði matvara talsvert meira en við höfðum búist við.“

**3,4%** mældist tólf mánaða verðbólga samkvæmt mælingu Hagstofunnar.

Í markaðsvísi MP banka í gær er sagt að búast megi við áframhaldandi hækkun á tólf mánaða verðbólgu næstu mánuði. Sagt er líklegt að hún fari yfir 4,5 prósent seinni part sumars.

Þá segir Greining Íslandsbanka að mælingin viti tæpast á gott fyrir stjórnvöld. „Nýlokið er gerð kjarasamninga þar sem settir voru fyrirvarar um litla verðbólgu næstu misserin. Eru samningarnir uppsegjanlegir ef verðbólga verður ekki undir 2,5 prósenta markmiði Seðlabankans yfir árið 2012.“

Í Markaðspunktum Arion banka segir svo að verðbólguþróunin feli í sér verulegan vanda fyrir Seðlabankann. „Mun Seðlabankinn hækka vexti ofan í þann efnahagsslaka sem er til staðar? Að mati Greiningardeildar er Seðlabankinn hins vegar að kljást við margfalt stærra vandamál (en þann verðbólgukúf sem gengur nú yfir) en það snýr að trúverðugleika peningastefnunnar.“ Seðlabankinn sé enn einu sinni „lentur í því“ að fara inn í verðbólguskeið án nægilegs trúverðugleika. „Í því ástandi hefur vaxtahækkun takmörkuð áhrif á væntingar almennings og markaðsaðila, þar með taldar verðbólguvæntingar. Má því velta fyrir sér hversu mikil (ef einhver) áhrifin yrðu af vaxtahækkun á verðbólgu næstu misserin. Í raun er hægt að færa rök fyrir því að vaxtahækkun yrði til þess fallin að hafa verðbólguhvetjandi áhrif.“

Kjósi peningastefnunefnd Seðlabankans ekki að bregðast fyrr við er næstu vaxtaákvörðunar að vænta hjá Seðlabankanum 15. júní.

**olikr@frettabladid.is**

Rússneski netleitarrisinn Yandex skráður á hlutabréfamarkað í Bandaríkjunum:

# Fyrsta landnám Rússa í fimm ár

Rússneska netleitarfyrirtækið Yandex var skráð á Nasdaq-hlutabréfamarkaðinn í Bandaríkjunum á þriðjudag. Fimm ár eru síðan rússneskt fyrirtæki var skráð á markað vestanhafs. Yandex seldi hlutabréf fyrir 1,3 milljarða dala, jafnvirði 152 milljarða íslenskra króna, og hefur annað eins ekki sést innan tæknigeirans frá því að Google var skráð á markað árið 2004.

Gengi bréfa Yandex rauk upp um 55 prósent á þriðjudag en lækkaði um átta prósent í gær.

Flestir Rússar sem aðgang hafa að netinu nota Yandex-netleitarvélina. Fyrirtækið er jafnframt eitt umsvifamesta netfyrirtæki Rússlands. Yandex-leitarvélin er með rúmlega sextíu prósenta markaðshlutdeild í Rússlandi, Úkraínu, Kasakstan og Hvíta-Rússlandi.

Arkady Volozh, forstjóri Yandex, og Ilya Segalovich, yfirmaður tæknimála, voru viðstaddir skráninguna í fyrradag. Þeir eru æskuvinir, stærðfræðingar að mennt og stofnuðu fyrirtækið árið 1997. Þeir héldu að mestu í eigin bréf. Volozh sagði í samtali við fréttastofu Reuters ekki búið að ákveða hvað verði gert við söluandvirði hlutabréfa sem bætist við digra sjóði Yandex. Hugsanlega verði féð nýtt til fyrirtækjakaupa. **- jab**




**FYRSTI DAGURINN** Stofnendur Yandex, sem hér eru fremst á myndinni, voru að vonum glaðir þegar félag þeirra var skráð á hlutabréfamarkað. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**Stjórnarskrá lýðveldisins varðar okkur öll**

Fylgist með störfum Stjórnlagaráðs og hafið áhrif á endurskoðun stjórnarskrár lýðveldisins.
Bein útsending frá sameiginlegum fundi ráðsins er á hverjum fimmtudegi kl. 13 á vefsíðu ráðsins:
**www.stjornlagarad.is.** Fundirnir eru opnir almenningi. Öll gögn ráðsins má finna á vefsíðunni.

**Vefslóð Stjórnlagaráðs: www.stjornlagarad.is**

Þjóð til þings
Stjórnlagaráð 2011

**Stjórnlagaráð, Ofanleiti 2, 103 Reykjavík - sími: 422-4400 - netfang: skrifstofa@stjornlagarad.is - vefslóð: www.stjornlagarad.is**

# RÝMINGARSALA







Aðeins í **2 DAGA**

# 20 - 90% AFSLÁTTUR

Borðtölvur, vinnustöðvar, fartölvur, töskur, lyklaborð, prentarar, pappír, flakkarar, mýs, tölvuskjáir og margt, margt fleira.

Við bjóðum nýjar vörur í bland við eldri á rýmingarverði 26.-27. maí. Komdu á **lager Opinna kerfa** að Höfðabakka 9 og gerðu frábær kaup.

Opið til **20:00** í kvöld

**Opnunartími:** fimmtudag frá kl.12:00 - 20:00 og föstudag frá kl. 8:30 - 17:00.

OPIN KERFI

Opin kerfi | Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | Sími 570 1140 | www.ok.is

Opin kerfi eru dreifingar- og þjónustuaðili HP á Íslandi.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Breytt og skerpt sýn á sjávartengda starfsemi:

## Hvað er íslenzki sjávarklasinn?

Kortlagning íslenzka sjávarklasans, sem kynnt var í fyrradag, er þarft verkefni og líklegt til að bæði breyta og skerpa sýn okkar á sjávartengda atvinnustarfsemi á Íslandi. Yfirlýst markmið verkefnisins, sem Háskóli Íslands og ýmis fyrirtæki standa að, er að „kortleggja alla starfsemi í sjávarklasanum, efla vitund, áhuga og samstarf og móta stefnu um sjávarklasann á Íslandi".

Þetta hafa ýmis nágrannaríki okkar gert. Slík kortlagning og stefnumótun hefur meðal annars farið fram í Kanada, Bretlandi, Noregi og á Írlandi.

SKOÐUN
Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is



Bráðabirgðaniðurstöður kortlagningar sjávarklasans bregða upp miklu víðari mynd en við erum vön að hafa fyrir augum þegar horft er á sjávarútveg á Íslandi. Við erum vön að skilgreina sjávarútveginn sem veiðar og vinnslu, en í sjávarklasanum eru til dæmis ferðaþjónustufyrirtæki, flutningafyrirtæki, sölu- og markaðsfyrirtæki, hátækni- og hugbúnaðarfyrirtæki, fiskeldisfyrirtæki og ýmis fyrirtæki í heilsutækni, þar á meðal lyfja- og líftæknifyrirtæki. Tæknifyrirtækin eru samtals um sjötíu, með 26 milljarða króna veltu og umtalsverðan eigin útflutning.

Ýmsar ályktanir má draga af þeirri kortlagningu sjávarklasans, sem þegar er komin á blað.

Í fyrsta lagi sýnir hún rækilega fram á mikilvægi sjávarútvegsins fyrir margar aðrar atvinnugreinar á Íslandi. Málmsmíða- og viðgerðafyrirtæki eiga til dæmis helming veltu sinnar undir sjávarútveginum og veitufyrirtæki tæplega fimmtung. Samt eru furðumargir nýbúnir að halda því fram að starfsskilyrði sjávarútvegsins komi öðrum atvinnugreinum ekkert við.

Í öðru lagi er ljóst að mestu vaxtarmöguleikarnir í sjávarklasanum á næstu árum eru ekki í veiðum og vinnslu, heldur í tækni- og þekkingarhluta klasans. Þar á hins vegar það sama við og í jarðvarmaklasanum, sem nýlega hefur verið kortlagður, að ef innlendi grunnurinn, í þessu tilviki veiðarnar og vinnslan, er ekki sterkur og byggður upp af öflugum fyrirtækjum er dregið úr möguleikum tækni- og þekkingarfyrirtækjanna á að þróa vörur sínar og þjónustu og þau geta átt á hættu að missa færustu sérfræðinga sína til útlanda. Í því ljósi þarf meðal annars að skoða áform ríkisstjórnarinnar um miklar breytingar á rekstrarskilyrðum sjávarútvegsins.

Í þriðja lagi blasir við að „hagsmunir sjávarútvegsins" eru ekki eins einsleitir og menn vilja oft vera láta. Í sjávarklasanum er fjöldi fyrirtækja sem hefur til dæmis allt aðra afstöðu til erlendra fjárfestinga og hugsanlegrar aðildar að Evrópusambandinu en flest hefðbundnu fyrirtækin í veiðum og vinnslu.

Í kynningunni á sjávarklasanum kom fram að hann gæti skapað mörg ný störf og mikil verðmæti á næstu árum, jafnvel þótt starfsfólki í fiskveiðum og -vinnslu fækkaði. En til þess þurfa bæði fyrirtækin sjálf að auka samstarf sitt og marka sér stefnu og stjórnvöld að móta stefnu fyrir klasann og búa honum sem bezt og stöðugust rekstrarskilyrði. Sem stendur virðist sjávarklasinn fá säralitla athygli og stuðning hjá stjórnvöldum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Góður

Árni Johnsen hefur beint eitraðri fyrirspurn til Katrínar Jakobsdóttur menntamálaráðherra. Hann vill vita hvernig hún ætlar að tryggja að allir sem sækja um skólavist í Fjölbrautaskóla Suðurnesja næsta haust komist að. Það er gott að Árna sé umhugað um velferð unglinga og tækifæri þeirra til að öðlast menntun og því ber að fagna. Furðulegra er að Árni skuli einblína á einn skóla á landinu þar sem umframeftirspurnin eftir plássi er undir meðallagi.



### Pot

Gefum okkur að með fyrirspurninni sé Sunnlendingurinn Árni að stunda svokallað kjördæmapot. Það er ekki óhugsandi. Jafnvel það skýrir málið þó ekki til hlítar, því að í þremur skólum í kjördæminu hefur vandinn nefnilega verið meiri síðustu ár en á Suðurnesjum; nefnilega Menntaskólanum á Laugarvatni, Fjölbrautaskóla Suðurlands og Framhaldsskólanum í heimabæ Árna, Vestmannaeyjum. En Árni hefur reyndar ekki verið í jafnmiklum vandræðum með fylgið á þeim slóðum.



### Blitzkrieg

Styrmir Gunnarsson skrifar leiðara á vef Evrópuvaktarinnar þar sem hann segir ESB-sinna treysta á að „skriðdreka" sambandsins í Brussel ryðjist yfir Ísland án mótspyrnu og leggi það undir sig í eins konar „Blitzkrieg". Fyrir skemmstu skrifaði vopnabróðir Styrmis, Ögmundur Jónasson, grein um Evrópusambandið þar sem hann beitti fyrir sig hugtakinu lífsrými – öðru orði beint úr búri Þýskalands nasismans. Ögmundur sór það strax af sér að hafa líkt ESB við nasista. Og ætli Styrmir reyni það ekki líka. Þeir hljóta samt að fatta hvaðan misskilningurinn sprettur.

stigur@frettabladid.is

HALLDÓR




## Óljós framtíð íþróttamála

Íþróttastarf



Geir Sveinsson
varaborgarfulltrúi
Sjálfstæðisflokks

Það er staðreynd að svo til á hverju einasta heimili í borginni er einstaklingur sem er skráður í einhverja íþróttaiðkun hér í borg. Á nýafstöðnu þingi Íþróttabandalags Reykjavíkur, ÍBR, kom fram að í Reykjavík eru tæplega 50 þúsund íbúar borgarinnar skráðir í eitthvert af þeim 68 félögum sem starfa undir merkjum Íþróttabandalagsins.

Ef litið er til íbúa undir 18 ára aldri eru skráðir iðkendur í þessum aðildarfélögum ÍBR um 20 þúsund talsins, sem eru um 72% af íbúum borgarinnar á þessum aldri. Til viðbótar þessum fjölda eru síðan þau fjölmörgu sem leggja stund á ýmsa íþróttaiðkun, s.s. sund, hlaup, göngur og almenna líkamsrækt, sér til ánægju og heilsubótar og eru hvergi skráð. Íþróttir skipa því stóran sess í hugum borgarbúa og er um mikilvæga heilsuforvörn að ræða. En íþróttir gegna ekki einungis mikilvægu hlutverki hvað heilsu borgarbúa varðar heldur sömuleiðis mikilvægu félagslegu hlutverki og er það margsannað að íþróttaiðkun er ein besta forvörn sem völ er á.

En hver er framtíðarstaða þessara mála í borginni og hverjar eru áherslur Besta flokks og Samfylkingar hvað íþróttir varðar? Í tæplega 3.000 orða samstarfsyfirlýsingu Samfylkingar og Besta flokks má einungis finna 22 orð um íþróttamál. Það er allt og sumt.

Nýlega samþykktu Besti flokkur og Samfylking að slíta í sundur starfsemi Íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkur (ÍTR) og flytja starfsemi tómstunda í nýtt sameinað ráð skóla- og frístundamála. Í samþykktinni er kveðið á um hver verkefni hins nýja ráðs eiga að vera en ekki eitt orð um hvað verði um íþróttahluta sviðsins. Á fundi borgarstjórnar nýlega lagði ég fram fyrirspurn til borgarstjóra varðandi hvað yrði um þennan hluta ÍTR. Hvort til yrði fagráð sem héti Íþróttaráð Reykjavíkur eða hvort þessi málaflokkur væri á leið inn í t.d. menningar- og ferðamálaráð eða eitthvert annað. Hef ég enn ekki fengið svör við þessum spurningum mínum.

Hvað nú verður um íþróttahluta ÍTR vita fáir ef nokkur og er ekki gert ráð fyrir að það skýrist fyrr en í fyrsta lagi næsta haust. Ég hef áhyggjur af því hvað þessi meirihluti er að hugsa hvað varðar framtíð hins mikilvæga íþróttastarfs í borginni.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Varnir gegn gerræði

Í DAG



**Þorvaldur Gylfason**
prófessor

Árin fram að hruni einkenndust af auknu gerræði af hálfu helztu handhafa framkvæmdarvaldsins. Gerræðið komst í hámæli, þegar þeir vinirnir leiddu Ísland út í stríð í Írak án þess að spyrja kóng eða prest; þeir voru kóngurinn og presturinn. Þeir höfðu áður afhent einkavinum sínum Landsbankann og Búnaðarbankann með hörmulegum afleiðingum, sem enn sér ekki fyrir endann á. Gerræðið af hálfu framkvæmdarvaldsins afhjúpaði djúpar sprungur í stjórnskipaninni, þar eð skilvirk þrígreining valds hefði átt að standa í vegi þvílíkrar valdstjórnar. Varnirnar brugðust.

**„Leggjum þá bara niður“**

Þegar Þjóðhagsstofnun undir hæfri stjórn Þórðar Friðjónssonar gaf ekki nógu glansandi mynd af hagstjórninni, var stofnunin lögð niður með þeim rökum meðal annars, að hagdeildir bankanna dygðu til að vinna verkin. Þessi röksemd var fráleit, þar eð hagdeildir bankanna lögðu sig í framkróka við að fegra myndina af efnahagslífinu til að hífa upp verðið á hlutabréfum í bönkunum og þóknast eigendum þeirra. Þegar Samkeppniseftirlitið heimsótti skrifstofur olíufélaganna til að afla gagna um meint samráð þeirra, var stofnunin lögð niður og önnur sett á laggirnar í hennar stað undir meðfærilegri yfirstjórn. Þegar misskipting jókst hröðum skrefum eftir 1993 fyrir tilstilli stjórnvalda, sem dældu fé úr vasa fólks með lágar tekjur og miðlungstekjur til hátekjufólks, lét Hagstofa Íslands undir höfuð leggjast að kortleggja vandann eins og henni bar. Nærtækasta skýringin á vanrækslu Hagstofunnar er, að yfirmenn hennar sáu í hendi sér, að hún gæti hæglega farið sömu leið og Þjóðhagsstofnun og Samkeppniseftirlitið, svo það var eins gott að hlýða. Hér birtist íslenzk valdhlýðni í hnotskurn. Þessir nýliðnu atburðir hafa ekki enn vakið þá eftirtekt í útlöndum sem vert væri. Í því ljósi þarf að skoða þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að hafa að engu ítrekaðar óskir frá útlöndum um, að lögð sé fram löggilt ensk þýðing á skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis, þar sem ástandi stjórnsýslunnar er lýst í þaula. Þeim mun ánægjulegra er, að nú er til löggilt ensk þýðing á úrskurði Hæstaréttar Íslands um kosninguna til stjórnlagaþings í nóvember 2010, og verður þýðingin fljótlega birt opinberlega og send meðal annars erlendum dómstólum, fjölmiðlum og fræðimönnum, svo að þeir geti glöggvað sig á málatilbúnaði Hæstaréttar.

> Nærtækasta skýringin á vanrækslu Hagstofunnar er, að yfirmenn hennar sáu í hendi sér, að hún gæti hæglega farið sömu leið og Þjóðhagsstofnun og Samkeppniseftirlitið, svo það var eins gott að hlýða. Hér birtist íslenzk valdhlýðni í hnotskurn.

**Varnargarðar í stjórnarskrá**

Í ljósi alls þessa, sem að framan greinir, er að minni hyggju nauðsynlegt að setja ákvæði í stjórnarskrána til varnar fimm eða sex stofnunum ríkisins til að girða fyrir hættuna á, að Alþingi leggi þær niður. Við þurfum ákvæði um Hagstofu Íslands. Hefði það verið til staðar, hefði Hagstofan haft minni ástæðu en ella til að vanrækja kortlagningu aukinnar misskiptingar í landinu. Þetta skiptir máli ekki aðeins vegna þess, að rétt skal vera rétt, heldur einnig vegna hins, að sagan sýnir, að aukin misskipting er algengur fyrirboði fjármálakreppu. Þögn Hagstofunnar um þróun tekjuskiptingarinnar slökkti á mikilvægu viðvörunarljósi. Ríkisendurskoðun hefur síðustu ár birt þarfar upplýsingar til dæmis um einkavæðingu bankanna og fjármál stjórnmálaflokkanna, upplýsingar, sem margir stjórnmálamenn vildu helzt halda leyndum líkt og áður, ef þeir gætu. Þess vegna þarf stjórnarskráin að halda verndarhendi yfir Ríkisendurskoðun. Fjármálaeftirlitið hefur frá hruni sent 66 erindi til sérstaks saksóknara vegna meints misferlis í bönkunum fyrir hrun. Fjöldi manna á af þeim sökum málsókn yfir höfði sér. Vegna náins samneytis bankanna við stjórnmálamenn og flokka myndu margir flokksmenn miklu heldur vilja halda Fjármálaeftirlitinu sofandi eins og fyrir hrun. Þess vegna þarf stjórnarskráin að halda vakandi verndarhendi yfir Fjármálaeftirlitinu. Samkeppniseftirlitið ógnar með líku lagi stjórnmálahagsmunum, sé því vel stjórnað, þar eð of náin tengsl stjórnmála og viðskiptalífs hafa um langt skeið verið ein dýpsta meinsemd samfélagsins. Þess vegna þarf stjórnarskráin að halda verndarhendi yfir Samkeppniseftirlitinu. Umboðsmaður Alþingis hjálpar fjölda fólks að leita réttar síns gagnvart stjórnvöldum og þarfnast því verndar í stjórnarskrá. Til álita kæmi einnig að setja nýtt ákvæði í stjórnarskrá um endurreisn Þjóðhagsstofnunar, úr því að Alþingi hefur ekki enn gert það á eigin spýtur. Málið er brýnt vegna þess, að hagskýrslugerð hefur farið aftur frá hruni. Fjármálaráðuneytið hefur til dæmis ekki gefið út Þjóðarbúskapinn frá 2009, en það rit var lengi lykilheimild um ástand og horfur efnahagslífsins. Þess vegna auk annars er rík ástæða til að endurreisa Þjóðhagsstofnun.

## ÚR ERLENDUM LEIÐURUM

### Það sem við lifum af

Athafnalífið í Danmörku er grunnur velferðarinnar. Verðmætin, sem sköpuð eru í einkageiranum, eru forsendur þess að við getum fjármagnað velferðina og þess vegna er það mikilvægt að frumvarp ríkisstjórnarinnar um lækkun á skatti á fyrirtæki verði samþykkt.

www.b.dk

**Úr leiðara Berlingske**

### Kynþáttahatur

Það sem gerst hefur í Finnlandi á undanförnum mánuðum bendir til þess að baráttan gegn kynþáttahatri hafi ekki unnist nema að hálfu leyti í öllu samfélaginu. Dæmi um slíkt er að finna hjá borgarfulltrúum í Esbo þar sem fleiri en Sannir Finnar vilja fá nákvæmar tölur yfir hvað innflytjendur kosta sveitarfélagið. Orðfærið sem er notað er kannski pólitískt rétt en undirtónninn er sá að allir af erlendum uppruna séu byrði.

www.hbl.fi

**Úr leiðara Hufvudstadsbladet**

### Heilbrigðisþjónusta

Það á aldrei að leika vafi á því að sá sem þarf bráðalæknisþjónustu eða hátæknimeðferð fái hana. Tinghög sýndi í doktorsritgerð sinni tilhneigingu til þess að hátekjufólk þurfi ekki að bíða jafnlengi og aðrir hjá bæklunarlæknum og almennum skurðlæknum í Östergötland. Slíka mismunun er ekki hægt að sætta sig við. Það er aftur á móti eðlilegt að ræða um að sá sem vill skjótan aðgang að lækni vegna minni veikinda utan venjulegs stofutíma greiði fyrir það.

www.dn.se

**Úr leiðara Dagens Nyheter**




# Brennisteinn í andrúmslofti – hagsmunir almennings

Umhverfismál

Svandís Svavarsdóttir
umhverfisráðherra



Á síðustu misserum hefur umræða um mengunarmál farið vaxandi og greinilegt að aukinnar vitundar gætir meðal almennings og fjölmiðla um þetta mikilvæga umhverfismál. Því fagna ég og hrósa sérstaklega fjölmiðlum sem hafa staðið fyrir metnaðarfullum og ítarlegum umræðum. Umfjöllun um brennisteinsmengun frá jarðvarmavirkjunum og möguleg neikvæð áhrif hennar á heilsu fólks hefur verið til umræðu síðustu daga. Má rekja þá umræðu til viðbragða heilbrigðiseftirlita hjá Reykjavíkurborg, Kópavogi og Hafnarfirði en þessir aðilar hafa gert alvarlegar athugasemdir við frummatsskýrslu vegna fyrirhugaðrar jarðhitavinnslu við Gráuhnjúka. Hafa athugasemdir þeirra meðal annars beinst að ófullnægjandi athugun á áhrifum brennisteinsmengunar á íbúa á höfuðborgarsvæðinu, en mælingar sýna að hún hefur aukist um 140 prósent á síðustu árum.

### Mörk í þágu almennings

Fyrir um ári setti ég reglugerð um leyfilegan styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti. Markmið reglugerðarinnar er að draga úr mengun brennisteinsvetnis frá jarðhitavirkjunum og mögulegum neikvæðum áhrifum hennar á heilsu fólks. Með ríka hagsmuni almennings að leiðarljósi lagði ég áherslu á að setja hámarksreglur um leyfilegan styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti. Mörkin eru nokkuð lægri en þau mörk sem Alþjóða heilbrigðisstofnunin (WHO) hefur sett enda eru mörk stofnunarinnar sett með tilliti til mögulegra bráðaáhrifa á augu en ekki langtímaáhrifa á heilsu fólks en við þær aðstæður þurfum við að miða hér á landi vegna fjölda jarðvarmavirkjana og nálægðar

> Stjórnsýslan átti að vera einföld og litið var á eftirlit sem óþarfa afskipti.

þeirra við þéttbýli. Þessa ákvörðun tók ég á grundvelli þess að mikil óvissa ríkti og ríkir enn um heilsufarsáhrif af langvarandi innöndun brennisteinsvetnis og því nauðsynlegt að setja mörkin þannig að almenningur fái notið vafans.

### Kunnugleg viðbrögð

Reglugerðin var harðlega gagnrýnd af Samtökum orku- og veitufyrirtækja á Íslandi sem sögðu ákvörðun mína greinilega tekna á pólitískum forsendum en ekki faglegum. Þessi viðbrögð hljómuðu á sínum tíma kunnuglega og gera reyndar enn. Því miður. Fulltrúi sömu samtaka kvartar sáran yfir sífellt flóknara starfsumhverfi fyrir orku- og veitufyrirtækin og hefur gagnrýnt ýmis frumvörp ríkisstjórnarinnar sem fela í sér breytingu á lagaumhverfi þegar kemur að nýtingu lands og auðlinda. Nefnir hann sem dæmi frumvarp um upplýsingalög en nái það fram að ganga munu orkufyrirtækin verða sett undir upplýsingalögin. Hann telur þá leið ríkisstjórnarinnar að friðlýst svæði séu undanskilin í Rammaáætlun vera til þess að flækja starfsumhverfi orku- og veitufyrirtækja. Sama eigi við um frumvarp til vatnamála og frumvarpsdrög um breytingar á náttúruverndarlögum. Þeir hagsmunir sem hafðir eru að leiðarljósi í þessum frumvörpum þ.e. hagsmunir íslenskrar náttúru og íbúa á Íslandi feli í sér sífellt flóknara starfsumhverfi fyrir þá sem vilja nýta auðlindirnar.

### Nýjar áherslur

Sú gagnrýni sem að framan er rakin minnir á þær áherslur sem hagsmunaaðilar viðskiptalífs og fjármálafyrirtæki töluðu fyrir á árunum fyrir hrun. Lagaumgjörðin mátti ekki vera íþyngjandi, stjórnsýslan átti að vera einföld og litið var á eftirlit sem óþarfa afskipti.

Við höfum margoft séð alvarlegar afleiðingar þess að sérhagsmunir eru teknir fram yfir hagsmuni almennings í mörgum greinum samfélagsins í aðdraganda hrunsins og víða á enn eftir að taka til hendinni. Framkvæmdaaðilar og samtök þeirra ættu með stjórnvöldum að nálgast verkefnin út frá hagsmunum náttúrunnar og heildarinnar. Það eru raunverulegir hagsmunir framtíðarinnar og komandi kynslóða. Slík sýn verður og á að vera grundvöllur endurmótunarstarfs íslensks samfélags og í raun eina leiðin út úr kreppunni.

# Pólitískar skopparakringlur

Stjórnmál

Kristinn H. Gunnarsson
fyrrverandi alþingismaður



Nýleg skýrsla svonefndar Verðtryggingarnefndar opinberar, óvænt kannski, djúpstæða kreppu í íslenskum stjórnmálum. Þeir sem eiga að leiða þjóðina út úr efnahagslegum erfiðleikum virðast margir hverjir álíka stefnufastir og skopparakringlur. Nú er þörf á því sem aldrei fyrr að leggja spilin á borðið af raunsæi og að væntingar taki mið af efnahagslegri stöðu þjóðarbúsins. Varast ber að láta eins og þeim vanda sem fjölmargir standa frammi fyrir eftir langvarandi góðæri og á köflum aðgátslitla einkaneyslu sé hægt að þeyta eitthvert út í buskann og þar með sé hann horfinn. Fjórir nefndarmanna í Verðtryggingarnefndinni undir forystu tveggja alþingismanna tóku sér því miður þessa stöðu á pólitíska leiksviðinu með tillögum sem þeir hafa kynnt í tveimur greinum í Fréttablaðinu.

Fjórmenningarnir boða það sem skuldugir vilja sjálfsagt helst heyra, að þeir muni ekki þurfa að borga skuldir sínar að fullu. Lagt er til að raunvextir verði lækkaðir á gildandi lánum með handafli og beinlínis nefnt að tiltekin vaxtaprósenta sé á við 20% lækkun höfuðstóls skuldarinnar. Eflaust er það einlægur vilji tillögumannanna að bæta efnahag skuldugs fólks, en þeim er það vel ljóst og það kemur fram í skýrslunni að aðrir muni greiða reikninginn. Skuldir hverfa ekki heldur aðeins færast til. Það sem einn sleppur við verður annar að borga. Það er kjarni málsins. Hinir góðhjörtuðu nefndarmenn ætla með tillögu sinni lífeyrisþegunum að borga. Ellilífeyrir, sem lífeyrissjóðirnir greiða, verður lækkaður gangi tillögurnar eftir, bæði þeirra sem nú þegar taka út sinn lífeyri og eins hinna sem á næstu árum munu fara á eftirlaun. Þetta eru líklega milljarðatugir á hverju ári sem velta á frá þeim sem skulda yfir á herðar hinna sem hafa lagt fyrir til elliáranna. Gamla fólkið á að borga. Bæta á gamla fólkinu upp tekjuskerðinguna að einhverju leyti með því að hækka bætur almannatrygginga úr ríkissjóði. Það fylgir ekki tillögunum hverjir eigi að borga þessi auknu ríkisútgjöld. Það gleymdist. Svona málflutningur er vandamál en ekki lausn og lýsir alvarlegri pólitískri kreppu.

# Sjálfbær þróun er jafnréttisbarátta 21. aldar

Umhverfismál

Guðmundur Hörður Guðmundsson
umhverfisfræðingur



Sjálfbær þróun er hugtak sem mikið hefur verið fjallað um á undanförnum árum, ekki síst í kjölfar efnahagshrunsins, mikilla verðhækkana á hráefnum og vaxandi vistkreppu. Þrátt fyrir mjög aukið vægi sjálfbærrar þróunar í umræðunni virðast fáir þekkja merkingu hugtaksins nema að mjög takmörkuðu leyti. Margir þekkja grundvallarskilgreininguna sem birtist í skýrslunni Sameiginleg framtíð okkar: „Sjálfbær þróun er þróun sem fullnægir þörfum samtíðarinnar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að fullnægja sínum þörfum.“ Þetta lætur vel í eyrum en er samt ekki fullnægjandi skýring á hugtaki sem ratað hefur inn í stjórnarsáttmála og námskrár skóla og kann að rata inn í stjórnarskrá.

Sjálfbær þróun er viðbragð við framfaraspretthlaupi mannkyns sem hófst með iðnbyltingunni og hefur staðið linnulaust síðan. Við gerum okkur ef til vill ekki að fullu grein fyrir því hvernig álag á náttúru og auðlindir hefur aukist síðan við upphaf iðnbyltingar og hvaða áhrif það mun hafa á líf á Jörðinni. Þess vegna er gott að hafa í huga orð breska forsætisráðherrans Winston Churchill, sem sagði að því lengra aftur sem maður liti, því lengra fram í tímann sæi maður. Ef við horfum aftur um nokkra áratugi sjáum við talsverðar breytingar á mannfjölda og á samskiptum manns og náttúru, en ef við lítum þúsundir eða milljónir ára aftur í tímann sjáum við að algjör grundvallarbreyting er að verða á sambandi manns og náttúru með veldisvexti í nýtingu auðlinda og mannfjölgun.

> Orsaka þessara miklu breytinga er einna helst að leita í tækniframförum, ekki síst á sviði orkunotkunar.

Það tók mannkynið um tvær milljónir ára, til ársins 1820, að fylla fyrsta milljarðinn. Það tók hins vegar ekki nema 180 ár að sexfalda þá tölu. Að sama skapi sjöfaldaðist hagkerfi heimsbyggðarinnar á einungis hálfri öld frá 1950 til 2000. Orsaka þessara miklu breytinga er einna helst að leita í tækniframförum, ekki síst á sviði orkunotkunar. Allt fram á 19. öld byggði mannskepnan um 70% af orkunotkun sinni á eigin vöðvaafli. Þá var þrælahald skilvirkasta leiðin til að afla veraldlegra auðæfa. Iðnbyltingin breytti þessu og orkunotkun mannkyns þrefaldaðist á 19. öld með tilkomu gufuvélarinnar og hún þréttánfaldaðist á 20. öld með tilkomu sprengihreyfilsins. Í upphafi 20. aldar voru framleiddar 150 milljónir olíutunna á ári en í lok aldarinnar var ársframleiðslan 28 milljarðar tunna!

Í ljósi mannfjölgunar og aukinnar orkunotkunar er óhætt að fullyrða að enginn annar tími í sögu mannkyns jafnist á við 20. öldina. Þá urðu algjörar grundvallarbreytingar á sambandi manns og náttúru, sér í lagi í kjölfar iðnvæðingar síðari hluta aldarinnar. Okkur hefur því vart gefist tóm til að átta okkur á hinni nýju heimsmynd og þeim afleiðingum sem henni fylgja. Kastljósinu hefur eðlilega verið beint að jákvæðum hliðum framfaraspretthlaupsins, t.d. aukinni framleiðslu matvæla, hækkun meðalaldurs og greiðari samgangna. En neikvæðar hliðar framfaraspretthlaupsins eru til staðar og fara stækkandi. Þannig hefur mengun vaxið mikið, jarðvegs- og sjávarauðlindir þverra, regnskógar minnka og alvarlegar breytingar eru að verða á vistkerfum jarðar, t.d. með eyðingu ósonlagsins, hlýnun loftslags og súrnun sjávar. Þessi þróun nefnist einu orði vistkreppa.

Það er mín skoðun að sjálfbær þróun spretti upp úr jarðvegi pólitískrar grasrótar sem viðbragð við vistkreppunni og því óréttlæti sem komandi kynslóðir og þjóðir þróunarlandanna verða fyrir af hennar völdum. Sjálfbær þróun er því sambærileg öðrum hugmyndastefnum sem hafa komið fram í kjölfar iðnbyltingar til að lagfæra gallað ástand samfélaga og til varnar jafnrétti. Þannig börðust afnámssinnar gegn þrælahaldi og fyrir jöfnum rétti kynþátta allt frá 18. öld og fram til dagsins í dag í einhverri mynd, jafnaðarstefnan mótaðist á 19. öld og hafði það að markmiði að draga úr misskiptingu auðs og kvenfrelsisstefnan hafði mikil áhrif á 19. og 20. öld við að jafna rétt kynjanna. Sjálfbær þróun er jafnréttisbarátta 21. aldarinnar með áherslu á rétt til umhverfisgæða og auðlinda og á efnahagslegt jafnrétti milli þjóða iðnríkja og þróunarríkja. Sjálfbær þróun er nýr áfangi í jafnréttisbaráttu sem staðið hefur um aldir.




Pantaðu fría landslagsráðgjöf í dag!

Inga Rut Gylfadóttir og Björk Guðmundsdóttir, landslagsarkitektar FILA, hjálpa þér við að skipuleggja draumagarðinn þinn þér að kostnaðarlausu.

Pantaðu tíma og fáðu nánari upplýsingar hjá söludeild Steypustöðvarinnar í síma

4 400 400

STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausni

Hringhellu 2, 221 Hafnarfjörður | Hrísmýri 8, 800 Selfoss | Malarhöfða 10, 110 Reykjavík | sími 4 400 400, www.steypustodin.is

A Member of
The Linde Group | AGA




# AGA GAS ER ÖRUGGT VAL HEIMA OG Í FRÍINU

Þú getur verið afslappaður og öruggur við grillið með AGA gas. Öruggur um að þú ert að nota gæðavöru og að þú fáir góða þjónustu þegar þú þarft áfyllingu á gashylkið, hvort sem þú nýtir þér heimsendingarþjónustu á höfuðborgarsvæðinu eða þegar þú heimsækir söluaðila AGA. Sem stærsti söluaðili própangass á norðurlöndunum býður AGA upp á margar stærðir og gerðir gashylkja. Sérfræðingar AGA geta veitt þér góð ráð um hvaða hylki hentar best miðað við aðstæður og hvernig best er að meðhöndla própangas.

Farðu á www.gas.is og finndu nálægan sölustað eða sæktu öryggisleiðbeiningar og fáðu upplýsingar um AGA gas.

**ÍSAGA ehf. • www.gas.is**
**Breiðhöfða 11 • 110 Reykjavík • Sími 5773000**

***Söluaðilar ÍSAGA ehf. á höfuðborgarsvæðinu:***
*ÍSAGA:* Breiðhöfða 11 og Eyrartröð 8, Hafnarfirði - *Verslanir BYKO - Atlantsolía,* Kópavogsbraut

***Umboðsmenn ÍSAGA ehf á landsbyggðinni:***
***Selfoss:*** Vélaverkstæði Þóris, s. 482 3548. ***Vestmannaeyjar:*** Neta- og karaverkstæði Nethamars, s. 481 3226. ***Sauðárkrókur:*** Byggingarvörudeild Kaupfélags Skagfirðinga, s. 455 4626. ***Reyðarfjörður:*** Landflutningar–Samskip, s. 458 8840. ***Ísafjörður:*** Þröstur Marsellíusson hf, s. 456 3349. ***Akureyri:*** Sandblástur og málmhúðun hf, s. 460 1515.

# Aukið aðgengi að sálfræðimeðferð

Heilbrigðismál



Inga Hrefna Jónsdóttir
sérfræðingur í klínískri sálfræði



Sóley Dröfn Davíðsdóttir
sérfræðingur í klínískri sálfræði

Þörf er á breyttum áherslum við meðhöndlun geðraskana á Íslandi. Lítt hefur dregið úr tíðni þeirra þrátt fyrir að Íslendingar séu ötulli en margar þjóðir að meðhöndla þær – með lyfjum. Aðeins lítill hluti þeirra sem þjáist af kvíða og þunglyndi fær fullnægjandi meðferð og veldur þunglyndi helmingsaukningu á fjarvistum frá vinnu og er fjórða algengasta orsök örorku. Þá eru kvíðaraskanir þrálátar í eðli sínu og geta varað svo áratugum skiptir sé ekkert að gert. Þessar afleiðingar eru samfélaginu dýrkeyptar, auk þeirra þjáninga og skerðinga á lífsgæðum sem geðraskanir valda einstaklingnum og aðstandendum hans.

Þessi staða mála er sláandi í ljósi þess að til eru gagnreynd meðferðarform sem skila góðum árangri. Mælt er með gagnreyndri sálfræðimeðferð eins og hugrænni atferlismeðferð (HAM) sem fyrsta inngripi við kvíða og þunglyndi af breskum heilbrigðisyfirvöldum (NICE) og reiknuðu Bretar það út að það myndi borga sig upp á 2-5 árum að þjálfa upp 8000 meðferðaraðila til að veita þessa meðferð þar sem færri færu á örorkubætur og auknar tekjur kæmu til með sköttum fólks sem annars væri óvinnufært. Hefur þetta gengið eftir og eru Norðmenn nú að feta í fótspor Breta. Á Íslandi er aðgengi fólks að sálfræðimeðferð hins vegar enn takmarkað þar sem heilbrigðisyfirvöld hafa ekki séð sér fært að niðurgreiða meðferð hjá sálfræðingum þó lyfjameðferð sé niðurgreidd.

**Hugræn atferlismeðferð á Íslandi**

Íslendingar eru framarlega í að mennta og þjálfa meðferðaraðila í HAM sem er forsenda þess að unnt sé að bæta aðgengi hérlendis að þessari meðferð. Félag um hugræna atferlismeðferð (www.ham.is), sem nú telur yfir 200 félagsmenn, hefur á undanförnum árum staðið að sérnámi í hugrænni atferlismeðferð við Endurmenntun Háskóla Íslands í samvinnu við Oxford Cognitive Therapy Centre og fer námið aftur af stað í haust. Árlega ljúka hlutfallslega helmingi fleiri meðferðaraðilar þessari sérmenntun hér á landi en á Bretlandi sem þýðir að unnt er að bæta aðgengið að þessari meðferð með minni tilkostnaði hérlendis. Það er mikil gróska í HAM á Íslandi og verður Evrópuráðstefna um hugræna atferlismeðferð haldin í Reykjavík í haust þar sem fjölmargir af færustu meðferðaraðilum heims halda vinnustofur og kynna nýjustu rannsóknir á sviðinu. Með því að gera fleiri Íslendingum kleift að nýta sér þetta meðferðarform má ná meiri árangri við meðhöndlun geðraskana og spara útgjöld þegar til lengri tíma er litið.

# Lýðræðið

Stjórnmál



Kristinn Már Ársælsson
stjórnarmaður í Lýðræðisfélaginu Öldu

> Er þetta lýðræði? Getum við ekki gert betur? Má ekki dreifa valdinu ögn betur og tryggja aðkomu almennings að ákvarðanatöku? Auðvitað er það mögulegt! Til eru fjölmargar leiðir til þess að dýpka lýðræðið – leiðir sem hafa verið reyndar með góðum árangri erlendis.

Hrunið leiddi í ljós hvernig völd þjappast á hendur fárra þegar ekki er gætt að reglum lýðræðisins. Stjórnmálamenn og bankastjórar sögðu allt í himnalagi. Ráðamenn blekktu almenning. Fundir að næturlagi voru sagðir ósköp eðlilegir. Svo hrundi allt saman og sannleikurinn kom fram í dagsljósið. Ekki einu sinni ráðherra bankamála fékk að vita hvað var að gerast. Aðkoma almennings var og er engin, enda hagkerfið undanskilið leikreglum lýðræðisins og vald ríkisvaldsins í höndum örfárra stjórnmálamanna. Byrðarnar af hruninu lentu svo að sjálfsögðu á herðum almennings en einkavæddi gróðinn liggur að stórum hluta óhreyfður og safnar vöxtum á bók. Brestirnir í lýðræðinu blöstu við og í búsáhaldabyltingunni var kallað eftir nýju lýðræði. Nú eru liðin tæp þrjú ár frá hruninu og og rétt að fara yfir stöðu mála.

Byrjum á hagkerfinu. Öll fyrirtækin, hagkerfið sjálft er undanskilið leikreglum lýðræðisins; að allir hafi jöfn áhrif, séu metnir jafnt, eitt atkvæði á mann. Í hagkerfinu er það þannig að peningar eru atkvæði og fámennur hópur á mest af peningunum og þar með miklu fleiri atkvæði en langstærstur hluti almennings. Atkvæðavægi er ójafnt. Þar fyrir utan hefur almenningur engin völd í þeim fyrirtækjum og stofnunum sem hann starfar hjá, þar eru öll atkvæðin hjá eigendum fyrirtækisins, engin hjá starfsmönnum. Í lýðræðisríkjum nýtur hagkerfið undanþágu frá reglum lýðræðisins.

Svo er það ríkisvaldið. Sú leið að almenningur kjósi á fjögurra ára fresti fulltrúa úr stjórnmálaflokkum er ein veikasta mynd lýðræðis sem völ er á. Rannsóknir sýna að völd þjappast saman í stjórnmálaflokkum þar sem lokaðir hópar há valdabaráttu. Stjórnmálaflokkarnir eru að miklu leyti háðir fjárstyrkjum frá fyrirtækjum. Þrískipting ríkisvaldsins á að tryggja lágmarksdreifingu á valdi. Á Íslandi er þessi lágmarksdreifing ekki tryggð því stjórnmálaflokkarnir við völd á Alþingi (löggjafarvaldið) skipa ráðherra (framkvæmdarvaldið) og dómara (dómsvaldið). Löggjafar-, framkvæmdar- og dómsvaldið er beint og óbeint í höndum fámenns hóps stjórnmálamanna. Aðkoma almennings að sameiginlegum ákvörðunum er lítil sem engin. Við fáum ekki einu sinni að fylgjast með þar sem fundir stjórnmálamanna eru lokaðir, engar fundargerðir haldnar og allar upplýsingar um ákvarðanatökuna undanskildar upplýsingalögum.

Er þetta lýðræði? Getum við ekki gert betur? Má ekki dreifa valdinu ögn betur og tryggja aðkomu almennings að ákvarðanatöku? Auðvitað er það mögulegt! Til eru fjölmargar leiðir til þess að dýpka lýðræðið – leiðir sem hafa verið reyndar með góðum árangri erlendis. Tökum þrjú dæmi.

Í Porto Alegre í Brasilíu ákveður almenningur í gegnum lýðræðislegt ferli hvernig fjármunum borgarinnar er varið. Reynslan er sú að fjármunir hafa færst frá ríkari svæðum til fátækari, grasrótarstarf efldist og spilling hvarf enda ferlið gagnsætt og opið.

Í Bresku-Kólumbíu í Kanada var skipað borgaraþing með slembivali og jöfnum kynjahlutföllum sem vann tillögur að breytingum á kosningalöggjöfinni.

Stjórn skólamála í Chicago er að stórum hluta í höndum kjörinna hverfisráða, þar sem foreldrar, almenningur, kennarar og nemendur ráða skólastjóra og móta stefnu skólanna.

Lýðræðisfélagið Alda hefur sent Stjórnlagaráði tillögur um hvernig megi dýpka og efla lýðræðið. Tillögurnar má lesa á vefsvæði félagsins (lydraedi.wordpress.com) eða á vef Stjórnlagaráðs.






# flugrútan

# RÚTAN SEM ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF!

NJÓTTU ÞESS AÐ FERÐAST Á EINFALDAN HÁTT

## Áætlun Flugrútunnar frá BSÍ til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar

Gildir frá 27. mars til 29. október 2011.

| Mán. | Þri. | Mið. | Fim. | Fös. | Lau. | Sun. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 04:40 | 04:40 | 04:40 | 04:40 | 04:40 | 04:40 | 04:40 |
| 05:00 | 05:00 | 05:00 | 05:00 | 05:00 | 05:00 | 05:00 |
| 05:20 | 05:20 | 05:20 | 05:20 | 05:20 | 05:20 | 05:20 |
| 05:40 | 05:40 | 05:40 | 05:40 | 05:40 | 05:40 | 05:40 |
| 06:00 | 06:00 | 06:00 | 06:00 | 06:00 | 06:00 | 06:00 |
| 06:30* | 06:30* | 06:30* | 06:30* | 06:30* | 06:30* | 06:30* |
| | | | | | | |
| 08:00* | 08:00* | 08:00* | 08:00* | 08:00* | 08:00* | 08:00* |
| | | | | | | |
| 09:30 | 09:30 | 09:30 | 09:30 | 09:30 | 09:30 | |
| 10:30 | 10:30 | 10:30 | 10:30 | 10:30 | 10:30 | 10:30 |
| 11:30 | 11:30 | 11:30 | 11:30 | 11:30 | 11:30 | 11:30 |
| 12:30 | 12:30 | 12:30 | 12:30 | 12:30 | 12:30 | 12:30 |
| 13:30 | 13:30 | 13:30 | 13:30 | 13:30 | 13:30 | 13:30 |
| | | | | | | |
| 14:00 | 14:00 | 14:00 | 14:00 | 14:00 | 14:00 | 14:00 |
| 15:00 | 15:00 | 15:00 | 15:00 | 15:00 | 15:00 | 15:00 |
| 16:00 | 16:00 | 16:00 | 16:00 | 16:00 | 16:00 | |
| | | | | | | |
| 21:00* | 21:00* | 21:00* | 21:00* | 21:00* | 21:00* | 21:00* |
| 22:00* | 22:00* | 22:00* | 22:00* | 22:00* | 22:00* | 22:00* |
| 23:00 | 23:00 | 23:00 | 23:00 | 23:00 | 23:00 | 23:00 |

*26. maí - 4. september.

Áætlunarferðir Flugrútunnar eru í tengslum við allar komur og brottfarir flugvéla um Keflavíkurflugvöll

Bókaðu á www.flugrutan.is

Alltaf laus sæti!




EXPO - www.expo.is

# flugrútan

Skannaðu QR kóðann
með snjallsímanum þínum

SAF STARFSMENNTA VIÐURKENNING 2011

Global Passenger Network®


BSÍ Umferðarmiðstöðin • 101 Reykjavík
☎ 580 5400 • main@re.is • www.flugrutan.is

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**JOHN WAYNE** leikari (1907-1979) fæddist þennan dag.

*„Lífið er erfitt, en það er enn erfiðara ef þú ert heimskur.“*



## 80 ára afmæli

**Kristján Þorláksson**

varð áttræður þann 19. maí síðastliðinn. Af því tilefni býður hann vinum og ættingjum til veislu. Veislan er haldin laugardaginn 28. maí klukkan 16.00-19.00 í veislusal Hauka að Ásvöllum í Hafnarfirði.

GUNNAR HANSSON LEIKARI: ER FERTUGUR Í DAG

# Er alltaf jafnmikill strákur

Í dag verða bara rólegheit,“ segir Gunnar Hansson leikari inntur eftir því hvernig hann ætli að halda upp á fertugsafmælið sem er í dag. „En svo ætla ég að halda upp á afmælið um helgina. Fagnaðurinn byrjar á morgun þegar ég mun, ásamt félögum mínum, standa fyrir minningarmóti í golfi fyrir fallinn félaga sem lést langt fyrir aldur fram, Atla Thoroddsen flugmann. Hann átti afmæli mjög nálægt mér og ég lít á þetta mót sem hluta af afmælishaldi mínu. Á laugardaginn ætla ég síðan að bjóða nokkrum félögum og vinum til veislu.“

Gunnar segist þó vera afskaplega lítill afmælisdrengur og hafi til dæmis haldið upp á þrítugsafmælið með því að bjóða nokkrum vinum í kakó. „Hins vegar er ég giftur mikilli afmælismanneskju, Unni Elísabetu Gunnarsdóttur, og hún og móðir hennar töluðu mig til. Tengdamóðir mín meira að segja eftirlætur mér heimili sitt til að halda fagnaðinn og kann ég henni miklar þakkir fyrir. Þessar mæðgur hafa mikil áhrif á mitt líf og sérstaklega í þessu tilfelli.“

En eru þetta ekki skelfileg tímamót fyrir sjarmöra? „Ekki fyrir mig, ég eldist svo vel,“ segir Gunnar og hlær. „Í alvöru talað þá finnst mér þetta bara gaman og er alveg á því að þetta sé besti aldurinn. Enda er það nú þannig að þótt maður eldist finnst manni maður alltaf vera jafnmikill strákur.“

Gunnar stendur á tímamótum á öðrum vígstöðvum því í sumar mun hann stjórna golfþætti á RÚV sem hann er á fullu að undirbúa. „Þetta verður vikulegur þáttur um golf á Íslandi, þar sem við munum fjalla um allar hliðar golfíþróttarinnar. Fyrir mig er þetta algjört draumadjobb, þar sem ég hef verið forfallinn golfari frá níu ára aldri. Ég ætla að fá til mín í stúdíóið alls konar kylfinga með ólíka getu, og svo fylgjumst við auðvitað líka með mótaröðinni. Ég hugsa þetta þannig að ef lífið væri bara golf væri þetta eini magasínþátturinn sem þú þyrftir að horfa á.“

Undanfarin ár hefur Gunnar lítið sést í leikhúsunum, enda verið á kafi í öðru. „Við Ragnar bróðir minn, sem er leikstjóri, erum eiginlega búnir að vera hálfgerðir síamstvíburar undanfarin þrjú ár, við vorum að framleiða þættina með Frímanni, gera auglýsingar og svona eitt og annað, auk þess sem ég er búinn að vera að uppistandast sem Frímann út um allt.“ Verður Frímanni þá ekki boðið í partíið á laugardaginn? „Ég held að hann taki sér frí það kvöld,“ segir Gunnar. „Enda er hann miklu eldri en ég, plús það að hann myndi aldrei ræða aldur sinn opinberlega. Þannig að hann verður örugglega ekki þarna.“

fridrikab@frettabladid.is



**EKKI MIKILL AFMÆLISDRENGUR** Gunnar Hansson ætlar ekki að bjóða Frímanni í afmælisveisluna í tilefni af 40 ára afmælinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Hrefna Júlíusdóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð í Kópavogi þann 24. maí síðastliðinn. Jarðarförin fer fram frá Háteigskirkju miðvikudaginn 1. júní kl. 15.00.

**Bjarkey Magnúsdóttir**
**Jóhannes Kristjánsson** **Sólveig Sigurðardóttir**
**Brynja Kristjánsdóttir** **Örn Bergsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Rafn Hafnfjörð Gunnlaugsson**

Krókavaði 2, Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi þann 21. maí síðastliðinn. Jarðarförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 27. maí kl. 13.00.

**Kristín Björg Jóhannsdóttir**
**Hjördís Hafnfjörð Rafnsdóttir** **Hjörtur Zakaríasson**
**Birna H. Rafnsdóttir** **Gunnar Örn Kristjánsson**
**Hrafnhildur H. Rafnsdóttir** **Kristján Gunnarsson**
**Elín Þóra Rafnsdóttir**
**Þyri Rafnsdóttir** **Elvar Örn Unnsteinsson**
**Jóhann Hafnfjörð Rafnsson** **Lilja Kúld**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Ástkær sonur okkar, bróðir, barnabarn, frændi og vinur,*

**Albert Karl Sigurðsson**

Tunguvegi 7, Njarðvík,

varð bráðkvaddur á heimili sínu sunnudaginn 15. maí. Útförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju föstudaginn 27. maí klukkan 14.00.

**Margrét Sanders** **Sigurður Guðnason**
**Sigríður Sigurðardóttir**
**Sylvía Sigurðardóttir** **Guðni Róbertsson**
**Sigríður Sigurjónsdóttir** **Guðni Sigurðsson**
**Kolbrún Jóna Færseth**
**og aðrir ættingjar og vinir**

---




**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is


---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Ingveldur Kristjana Þórarinsdóttir**

Geirastöðum,

sem lést á Sjúkrahúsinu í Bolungarvík 21. maí sl., verður jarðsungin frá Hólskirkju í Bolungarvík laugardaginn 28. maí klukkan 11.00.

**Hreinn Ólafsson**
**Sigurður Ólafsson**
**Margrét Ólafsdóttir**
**tengdabörn, barnabörn og fjölskyldur.**

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigurbjörg Oddsdóttir**

Höfða, Akranesi,

lést föstudaginn 20. maí. Útförin fer fram frá Akraneskirkju mánudaginn 30. maí kl. 14.

**Valgeir Borgfjörð** **Fanney Renegado**
**Guðrún Jónína Magnúsdóttir**
**Guðmundur Trausti Magnússon** **Ingibjörg Gísladóttir**
**Sævar Þór Magnússon**
**Jenný Ásgerður Magnúsdóttir** **Jón Þórir Leifsson**
**Margrét Högna Magnúsdóttir**
**Erlingur Birgir Magnússon**
**Vilhelmína Oddný Magnúsdóttir** **Þorgeir Gunnarsson**
**Jónína Björg Magnúsdóttir** **Guðmundur Sigurðsson**
**barnabörn og langömmubörn.**

---



†

*Okkar ástkæra*

**Ingibjörg Sigvaldadóttir**

frá Svanshóli

verður jarðsungin frá Hólmavíkurkirkju laugardaginn 28. maí kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Hollvinafélag Gvendarlaugar hins góða í Bjarnarfirði. Rnr. 1161-26-653 kt. 460209-1530

**Sigurrós Gunnarsdóttir**
**Ingimundur Ingimundarson** **Ragnheiður E. Jónsdóttir**
**Pétur Ingimundarson** **Margrét Ingadóttir**
**Svanur Ingimundarson** **Anna Inga Grímsdóttir**
**Ólafur Ingimundarson** **Hallfríður Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---



†

*Elskulegur faðir minn, tengdafaðir og afi,*

**Júlíus Arnarsson**

íþróttakennari og formaður Íþróttafélags fatlaðra í Reykjavík (ÍFR),

lést á Landspítalanum við Hringbraut laugardaginn 21. maí. Útför hans fer fram frá Digraneskirkju föstudaginn 27. maí kl. 11.00. Þeir sem vilja minnast hans eru vinsamlega beðnir um að láta ÍFR njóta þess. Sími 561-8226, Rn. 515-26-700075 og kt. 500775-0339.

**Óli Þór Júlíusson** **Eva Hrund Harðardóttir**
**Lóa Lind Óladóttir**
**og aðrir aðstandendur**



**Michelle Obama** þótti bera af öðrum vel klæddum konum á hátíðarkvöldverði sem drottningin hélt til heiðurs henni og manni hennar, Barack Obama. Hún klæddist fílabeinshvítum síðkjól úr smiðju Tom Ford og hönskum í stíl.

**Sölufulltrúi:** Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473

GLÆSILEGUR



teg. PAULA - push up í D,DD,E,F,FF,G skálum á kr. 7.680,-

Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Opið mán.-fös. 10-18. Lau. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur

Eirberg
AIR-O-SWISS rakatækin
Bæta rakastig og vinna gegn:
• Slappleika og þreytu
• Höfuðverkjum
• Augnþurrki
• Astma
Auka vellíðan og afköst



reddot award
Verð 29.850 kr.
Í sumar er opið virka daga frá kl. 9 -18
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

NÝ SENDING AF KJÓLUM OG BOLERO JÖKKUM



hjá Hrafnhildi
Sími 581 2141 • www.hjahrafnhildi.is

**Guðlaug Dagmar Jónasdóttir varð á dögunum í 2. sæti í Fegurðarsamkeppni Íslands.**



# *Farin að skarta litum*

Guðlaug Dagmar Jónasdóttir hreppti 2. sætið í Fegurðarsamkeppni Íslands fyrir stuttu en heiðgulur síðkjóll hennar vakti ekki síður athygli en hún sjálf. Guðlaug nemur félagsráðgjöf við Háskóla Íslands og er að ljúka þriðja ári.

„Ég er öll að koma til í litunum en hingað til hef ég mestmegnis haldið mig við fremur hlutlausan fatnað og liti. Þannig skartaði ég gulu á keppninni og kjóllinn sem ég er í núna er blágrænn, en hann fékk ég í Dúkkuhúsinu," segir Guðlaug og

;TÍSKA | 2

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nýir svefnsófar - margar gerðir

12 mánaða vaxtalausar greiðslur



Sjá nánar verð og ný tilboð á www.svefn.is

Verð frá kr. 59.900,-

Svefn & heilsa ★★★★★

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 - Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00



**Tískurisarnir Yves Saint Laurent og Christian Louboutin** takast nú á í réttarsal. Málið snýst um að Louboutin telur Saint Laurent hafa stolið hönnun fyrirtækisins með því að setja rauðan lit á sóla skónna sinna en það er einmitt einkennismerki skófatnaðar frá Louboutin.

## Drottningin með eigin tískulínu

QUEEN LATIFAH HEFUR HANNAÐ TÍSKULÍNU FYRIR FYRIRTÆKIÐ HSN.

Söng- og leikkonan Queen Latifah hefur hannað sína fyrstu tískulínu fyrir fyrirtækið HSN og mun hún koma á markað í ágúst.

Samkvæmt tímaritinu People mun línan, sem kallast Queen collection, innihalda föt og fylgihluti fyrir konur í stærðunum 2 til 24.

Lathifah er sjálf íturvaxin og taldi nauðsynlegt að fötin í hennar línu yrðu til í öllum stærðum.

Í línunni er einnig að finna leðurveski, en stjarnan segist sjálf vera brjáluð í veski. „Ég get þess vegna gengið um í joggingbuxum en með þrjú þúsund dala veski við."



Queen Latifah hannar tískulínu með fötum og fylgihlutum fyrir konur í stærðum frá tveimur upp í tuttuguogfjóra.

# Er enginn leikjanörður

**Linda Jóhannsdóttir, nemandi í fatahönnun við Listaháskóla Íslands, fékk fyrstu verðlaun í samkeppni leikjaframleiðandans CCP um hönnun á fatnaði fyrir persónur í tölvuleiknum EVE Online.**

„Nei, langt því frá, ég er ekkert inni í tölvuleikjum," segir Linda Jóhannsdóttir, nemandi í fatahönnun, hlæjandi þegar blaðamaður spyr hvort hún sé leikjanörður. Linda fékk þó fyrstu verðlaun fyrir hönnun sína á persónur í tölvuleiknum EVE Online í samstarfsverkefni leikjaframleiðandans CCP og Listaháskóla Íslands.

Nemendur á fyrsta ári í fatahönnun hönnuðu hver sex til átta alklæðnaði og voru verðlaun veitt fyrir fyrstu þrjú sætin.

„Ég fékk peningaverðlaun og skrifaði undir plagg um að CCP hefði notkunarrétt á línunni. Það er auðvitað það sem mann langar allra mest, að hönnunin verði notuð í leikinn og maður sjái hana í prívídd," segir Linda.

Hún segir verkefnið hafa verið mjög krefjandi og stíl persónanna í tölvuleiknum eins langt frá hennar eigin og hugsast geti. Það hafi þó verið gaman að takast á við persónur EVE Online.

„Þetta var krefjandi en ótrúlega skemmtilegt. Leikurinn er byggður upp á ættbálkum sem hafa hver sína sögu og menningu. Ég valdi mér Galante-ættbálkinn sem er glyskenndari en hinir og reyndi að ímynda mér hverju ég vildi klæðast í leiknum. Ég vildi hafa fötin kvenleg en þó sterk og sexí og notaði leður, blúndur og prjónaefni, sem ég held að hafi ekki verið notað áður í tölvuleik," segir Linda. „Ég reikna samt ekki með að ég taki upp á því að spila leikinn sjálf, og þó, maður veit aldrei."

*heida@frettabladid.is*



Linda Jóhannsdóttir segist seint munu verða tölvuleikjanörður en hún lenti í fyrsta sæti í hönnunarkeppni um fatnað á persónur EVE Online hjá leikjaframleiðandanum CCP. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Ég reyndi að ímynda mér hverju ég vildi klæðast í leiknum," segir Linda.

Linda notaði leður, blúndur og prjónaefni, sem ekki hafa sést í leiknum áður.

Linda hannaði á Galante-ættbálkinn, sem hún segir glyskenndari en hina ættbálkana í leiknum.

Framhald af forsíðu

bætir við að hún sé afar hrifin af kjólunum í þeirri verslun. Sjálfur drottningarkjóllinn er hins vegar fenginn frá Bandaríkjunum, en Guðlaug valdi hann í gegnum internetið og tengdamóðir hennar sá svo um að ferja hann með sér heim til Íslands.

„Ég lá yfir kjólasíðunum þar sem auðvitað komu endalaust margir til greina en ég var heppin með valið því auðvitað



rennir maður svolítið blint í sjóinn. Ef frá eru taldir kjólarnir kann ég annars alltaf best við mig í gallabuxum og leggings og er hrifin af því að vera í eilítið rómantískum blússum við, úr þunnu efni, með blúndum og slíku."

*juliam@frettabladid.is*


Spennandi borgir
í beinu flugi í sumar og haust



Tallinn

16.-24. júlí frá Keflavík Miðaldaborg frá 11. öld.

Ein allra fallegasta borg Evrópu, Kastalar, hallir, gamlir markaðir, frábær þjónusta, ódýrt að versla og að borða. Borgin er á minjaskrá Unesco og er ein best varðveittasta miðaldaborg í Evrópu. Úrval skoðunarferða innan sem utan borgar. Verð 78.900 kr. miðað við tvo í herbergi. Innifalið, flug, skattar, hótel með morgunmat, rúta til og frá flugvelli og Íslenskur farstjóri.

Zagreb

5.-9. okótber frá Keflavík Hin forna borg



Zagreb er ægi fögur borg sem rekur upphaf sitt til ársins 1094. Röltu um einhverja þeirra fögru almenningsgarða sem er að finna í Zagreb, þræddu göngustígana og virtu fyrir þér hinar mörgu óteljandi fallegu byggingar sem príða borgina, listaverkin, söfnin, kíktu á markaðinn og andaðu að þér liðinni sögu sem er að finna við hvert fótmál.

Spennandi skoðunarferðir í boði. Verð 89.900 kr. miðað við tvo í herbergi. Innifalið, flug, skattar, hótel með morgunmat, rúta til og frá flugvelli og Íslenskur farstjóri.

Riga

12.-16. og 19.-23. október frá Keflavík og Akureyri



Gamli tíminn og nýi mætast í borg sem ekki á sinn líka. Miðstöð menningar og lista við Eistrasaltið.

Gamli bærinn er frá 1201 verndaður af Unesco. Þar ber hæst Kastalinn í Riga, kirkja ST Peters´s og Dómkirkjan.

Gamli bærinn er virkilegt augnaydni og setur borgina á stall með fallegri borgum í Evrópu. Úrval skoðunarferða í boði. Verð 93.900 kr. miðað við tvo í herbergi. Innifalið, flug, skattar, hótel með morgunmat, rúta til og frá flugvelli og Íslenskur farstjóri.

Trans-Atlantic
Sími 588 8900
www.transatlantic.is



nettoline
ELDHÚS-BAÐ-ÞVOTTAHÚS-FATASKÁPAR
20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM INNRÉTTINGUM
OG 10% AÐ AUKI
SÉ GREITT Í EINU LAGI VIÐ PÖNTUN
friform.is
Mán. - föst. kl. 09-18
Laugardaga kl. 11-15
Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500



SADDUR ÁN SAMVISKUBITS



Tacos m. kjúkl.
kr. 1.340
Hot´nSweet salat
m. kjúkl. 1.350
Culiacan
MEXICAN GRILL
Suðurlandsbraut 4a 533 1033 www.culiacan.is



## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

Bergþór Bjarnason skrifar frá Nice

# Myndhöggvari í tískunni, madame Grès

Hún var ein af þessum listamönnum í tískunni og þekkt undir nafninu madame Grès sem var þó ekki hennar rétta nafn. Á kreppuárunum í kringum 1930 varð Germaine Krebs að mademoiselle Alix og þá þegar mátti sjá einkenni framtíðarstíls hennar í anda grískra gyðja. Eftir að hafa komist í Vogue vildu allar velstæðar konur breytast í grískar gyðjur í kjólum hennar.

Hún ætlaði sér að verða myndhöggvari og var á sínum tíma einn virtasti franski tískuhönnuðurinn. Hún byrjaði að sauma og sníða án þess að hafa nokkuð lært til verka og skapaði þess vegna sínar eigin aðferðir við hönnun sína. Madame Grès notaði bæði plíseringar og fellingar með sérstökum hætti og hafði djúpstæð áhrif á tískuna og þessi áhrif má auðveldlega finna hjá ýmsum hönnuðum. Til dæmis má nefna hönnuði eins og Yves Saint Laurent, Azzedine Alaïa og Dominique Sirop, tveir hinir síðarnefndu safna meira að segja kjólum madame Grès. Hönnunin einkenndist í kringum 1950 af mínímalisma og ströngum línum en var þó alltaf kynþokkafull langt á undan öðrum hönnuðum. Þetta átti jafnt við um dragtir sem og kjóla. Fullkomnunaráráttan sem einkenndi þennan hönnuð minnir á listamann í leit að fullkomnun og varla þekkist í dag. Madame Grès sagði í einu af örfáum viðtölum sem hún veitti, en hún var afskaplega hlédræg og látlaus, að það væri nánast það sama að vinna með stein eins og myndhöggvari eða efni eins og hönnuður. Hún leit á hönnunina sem skúlptúr úr mjúku efni.

Grès er nafn eiginmanns hennar, Serge, afturábak en hann var málari og segir sagan að hann hafi ekki verið par hrifinn af þessu láni konu sinnar á nafni sínu og það hafi jafnvel verið ástæða þess að hann yfirgaf hana. Frá þeim degi var vinnan eina gleði hennar. Þegar erfiðlega fór að ganga seldi madame Grès Bernard Tapie fjármálamanni nokkrum tískuhúsið en þeim kom illa saman og á endanum varð tískuhúsið gjaldþrota á áttunda áratugnum.

Nú fimmtán árum eftir dauða madame Grès er hægt að njóta yfirlitssýningar á fimmtíu ára hönnun hennar á Bourdelle-safninu í fimmtánda hverfi Parísar sem sett er upp af tískusafninu Galleria (Musée Bourdelle, 16 rue Antoine Bourdelle, 15e, M° Falguière eða Montparnasse-Bienvenüe) og stendur til 24. júlí. Dauða þessarar merkilegu konu frétti nær enginn af fyrr en ári seinna þegar dagblaðið Le Monde greindi frá andláti hennar, að vanda hlédræg.

*bergb75@free.fr*



Pippa Middleton er vinsæl meðal tískuunnenda. NORDICPHOTOS/AFP

# Oftast leitað að Pippu

**Pippa Middleton er orðin vinsælli meðal tískuunnenda en enska poppstjarnan Cheryl Cole.**

Systir Katrínar hertogaynju af Cambridge, Pippa Middleton, er sú sem oftast er leitað að á ensku tískuvefsíðunni www.MyCelebrityFashion.co.uk. Kemur þetta fram í tölfræði síðustu þriggja mánaða á síðunni.

Pippa situr í toppsæti listans, en neðar á listanum birtast nöfn eins og Cheryl Cole, Vanessa Hudgens og Alexa Chung. Í sjötta sæti situr svo systir Pippu, Katrín hertogaynja. Frægt er orðið þegar Pippa stal senunni í brúðkaupi systur sinnar í lok apríl í þröngum kjól frá Söruh Burton hjá Alexander McQueen.

*- mmf*

## Tískuhótel Fashion TV í Dubai

100 METRA SKJÁR VERÐUR UTAN Á FYRSTA TÍSKUHÓTELI HEIMS, SEM VERÐUR REIST Í SAMEINUÐU ARABÍSKU FURSTADÆMUNUM.

Fyrsta tískuhótel heims verður brátt opnað í Dubai. Unnið er að lokahugmyndum, en hótelið er samstarfsverkefni Fashion TV sem kemur að hugmyndavinnu og Al Habtoor Group sem fjármagnar verkefnið.

Hótelinu er ætlað að vera hinn ákjósanlegasti áfangastaður tískumeðvitaðra ríkisbubba en einnig á þar að vera hægt að halda hinar ýmsu uppákomur tengdar tísku og tískusýningum. Hótelið, sem mun verða fimm stjarna, verður á 30 hæðum með 200 herbergjum. Utan á því verður einn stærsti LED-skjár veraldar, um 100 metrar á breidd, þar sem dagskrá Fashion TV verður sýnd.


















# ALLT SEM ÞIG VANTAR

**Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is**

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

## BÍLAR & FARATÆKI

Bílamarkaðurinn



TOYOTA Avensis s/d sol. Árgerð 1998, ekinn 167 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 495.000. Rnr.102269.



LAND ROVER Range rover hse. Árgerð 1996, ekinn 240 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 580.000. Rnr.250246.



DAEWOO Nubira. Árgerð 2000, ekinn 123 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 350.000. Rnr.102328.

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

Bílabankinn



**VESPA**
MEIDUO Md50qt-9a. Árgerð 2008, ekinn 780 KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 190.000. Rnr.154894.

**Bílabankinn**
**Breiðhöfða, 112 Reykjavík**
**Sími: 588 0700**
**Opið 12-16 laugardaga**
**www.bilabankinn.is**

Bílalíf



**DÍSEL**
M.BENZ ML 270 CDI. Árgerð 2000, ekinn 185.km, sjálfskiptur,mikið yfirfarinn og endurnýjaður hjá Öskju. Verð 1.980.000. Rnr.124012.Til sýnis og sölu hjá Bílalíf, Kletthálsi 2, S:562-1717. Sjá fleiri myndir á www.bilalif.is

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18 og laugardögum 12-16**
**www.bilalif.is**

STÓRA BÍLASALAN



MM Pajero GLS Árgerð 08/2000, ekinn 141þ.km, bensín, ssk, leður, lúga. Gott eintak sem er á staðnum! Tilboðsverð aðeins 1.090.000kr staðgreitt! Raðnúmer 131436. Sjá nánar á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

HEIMSBÍLAR



POLARIS Sportsman 500cc . Árg. 2006, ekinn 5800 KM, bensín, sskr. Verð 1.150.000. Rnr.330711. TILBÚIÐ TIL NOTKUNAR



AUDI Q7 quattro s line. á. 2007, ek. 66 Þ.KM, dísel, ssk. 20"dekk, krókur, Verð 8.490.000. Rnr.143293. Flottur bíll, ER Á STAÐNUM.



XINLING Cxm250b. Árgerð 2007, ek. 94 KM, bensín, 6 gírar. Verð 390.000. Rnr.330374. ER Á STAÐNUM, gott staðgr.verð



GALLOPER tci. Árgerð 1999, ek. 245 Þ.KM, dísel, 5 gírar. V. 275.000. Rnr.143031. ER Á STAÐNUM.

**Heimsbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5674000**
**http://heimsbilar.is**

TOPPBÍLAR bílasala



NISSAN Terrano ii. Árgerð 1999, ekinn 230 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 590.000. TILBOÐ 399.000.- Rnr.284659.

**Toppbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Rvk.**
**Sími: 587 2000**
**www.toppbilar.is**

Bíla & FerðavagnaMarkaður



Til sölu VW Transporter húsbíll árg. 92 ek. 193 þús. þar af 150 erlendis. 2,4 Turbo Disel. Nýleg tímareim og startari. 50 l vatnstankur og sér skólptankur. Skjóltjald. Markísa. Sér einangraðar hliðar og tvöfaldir gluggar í hliðum. Svefnpláss fyrir 4. Westfalia innrétting. Verð 1.987 þús. Mikið úrval af ferðavögnum til sölu og góð eftirspurn.

**Ferðavagnamarkaður**
**Höfðabakka 9, 110 Reykjavík**
**Sími: 445 3367**
**www.ferdavagnamarkadur.is**

HÖFÐABÍLAR ... þar sem bílar seljast



KAWASAKI Kx 450 d. Árgerð 2006, FALLEGT HJÓL ekinn c.a. 60 STUNDIR. TILBOÐSVERÐ aðeins 390þús vísa raðgreiðslur möguleg. ER Á STAÐNUM Rnr.152514.



PALOMINIO Bronco 800 pallhýsi camper. Nýskráð 2009 Verð 1.290. þús Rnr.153281.



LAND ROVER Discovery ii hse. Árg 2003, ekinn 89 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. mikið útbúin Verðtilboð 2.390. þús SKIPTI ATHUGANDI Rnr.152360.

**Höfðabílar**
**Fossháls 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**Óskum eftir ferðavögnum á söluskrá okkar og á staðinn.**
**www.hofdabilar.is**

bifreiðasalan



TOYOTA LC 120 2003 LX BEINSKIPTUR EK 182Þ ATH SKIPTI Verð 2890 LÁN Ca. 1700Þ RAÐNÚMER.193013

**Bifreiðasalan**
**Stórhöfði 15, 112 Reykjavík**
**Sími: 577 4400**
**www.bifreidasalan.is**

TOYOTA SELFOSSI



PALLHÝSI PALOMINO MAVERICK Raðnúmer 138091 Ökutækið er ekki á staðnum. Árgerð 2008. Verð 2.290.000 kr



FORD F350 CREW 4X4 Raðnúmer 138184 Ökutækið er ekki á staðnum. Árgerð 2006 ekinn 76.000 km. Verð 3.690.000 kr.



TOYOTA LAND CRUISER 100 VX 35" Raðnúmer 139222 Ökutækið er ekki á staðnum. Árgerð 2006, ekinn 136.000 km. Verð 7.990.000 kr.



TOYOTA RAV4 LANGUR 4WD Raðnúmer 138723 Ökutækið er á staðnum. Árgerð 2002, ekinn 120.000 km. Verð 1.290.000 kr.



M.BENZ 270GD Raðnúmer 273153 Ökutækið er á staðnum. Árgerð 2004, ekinn 144.000 km, verð 7.900.000 kr.

**Toyota Selfossi**
**Fossnes 14, 800 Selfoss**
**Sími: 480 8000**
**http://www.toyotaselfossi.is**

Arnarbílar www.arnarbilar.is



SUBARU LEGACY SEDAN 2.0 GL 4WD árg 1/2006 ek aðeins 58 þ km beinskiptur með 2 ganga á felgum Verð aðeins 1.850þ stgr Vantar bíla á skrá og á staðinn, Arnarbílar S: 5672700

**Arnarbílar ehf**
**Hamarshöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 567 2700**
**www.arnarbilar.is**

Við elskum að selja bíla
DIESEL.IS
Klettháls 15 • Sími 578 5252



HONDA CBR 1000 RR Fireblade. Árgerð 2008, ekinn 5 Þ.KM Aukahlutir fyrir 1.2m Verð 1.980.000. Rnr.161276.

**Diesel.is**
**Kletthálsi 15, 110 Reykjavík**
**Sími: 578 5252**
**http://www.diesel.is**

100bílar.is bílasala
Vantar á skrá!!





HJÓLHÝSI, A-HÝSI, FELLIHÝSI, PALLHÝSI!!, Okkur vantar ferðavagna á staðinn og á skrá, Við sérhæfum okkur í ferðavögnum allt seldist upp síðasta sumar, Frábært 5000m2 plan með góðri nágrannavörslu og flottur 750m2 salur þar sem fellhýsin standa uppsett, Við erum ekki staddir í iðnaðarhverfi, Mikið af vögnum á staðnum, Sendu okkur skráningu og myndir á 100bilar@100bilar.is eða í síma 5179999, www.100bilar.is

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

### Bílar til sölu



Til sölu Willys 1965. 33' dekk, vél volvo B18. Þarfnast viðhalds. Uppl í s. 866 0028



**Ódýrir nýsk. '12!!**
Ford Focus 5 gíra, mjög góður bíll, gott viðhald. V.330þ. Renault Megane '99, 5g. V. 145þ. Uppl í s. 844 6609



Til sölu Subaru Tribeca 2008 Limited, einn með öllu, ekinn 70.000 km. Uppl í s. 6969569



TIL SÖLU TOYOTA AVENSIS 1,8 ÁRG 6/2001.SJÁLFSKIPTUR. EKINN 193 Þ.KM. NÝ VÉL FRÁ UMBOÐI EKINN 90 Þ. KM. SKOÐAÐUR. GÓÐUR BÍLL. VERÐ 790 Þ. S. 895 8956.

**GRÆN TILBOÐ**
Nýjir bílar frá verksmiðju
Raunverð frá kr: **790.000,-**
Fáðu bækling á islandus.com
**islandus.com**
www.islandus.com - Sími 552 2000

Græn verðlækkun: Jeppar, pallbílar, fólksbílar frá Ford, Jeep, Dodge, Toyota, Chevrolet og flestum öðrum bílaframleiðendum. Nýjir frá verksmiðju METAN & BENSÍN. Umhverfisvæn tollalækkun. Lægri bifreiðagjöld. Tugir þúsunda sparast mánaðarlega í eldsneyti. Fáðu kynningarbækling á islandus.com og reiknaðu dæmið til enda. Grænir leigubílstjórar spara yfir 100þús/kr á mánuði! Hundruð ánægðra viðskiptavina.www.islandus.com - Sími 5522000



**Gerðu felgurnar eins og nýjar!**
Níðsterk duftlökkun. Héðinsgata 2 105 Reykjavík. WWW.duft.is Sími 512 4460.



**Lítið keyrður**
Opel Combo árg'02, ek. aðeins 42 þús. Sk'12. V. 690 þús. Uppl. í s. 847 5545



Til sölu Toyota Hilux Extracap árg. '01 2,5 disel. Turbo intercooler. Ek. 152 þús. Uppl. í s. 698 2312.

Nissan Primera árg'98, ek. 185 þús. Tilboð 290 þús. Uppl. í s. 896 4850

### 0-250 þús.



**Skoðaður 4x4 190 þús!**
KIA SPORTAGE 4x4 árg.'96,beinskiptur,skoaðaður 2012,verð 350 þús. TILBOÐ 190 þús. stgr! s. 841 8955.

Til sölu Subaru Legacy árg'95 í góðu standi á Eskifirði. V. 240 þús. Uppl. í s. 858 8833

# POPP

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS • MAÍ 2011



## MIÐ ÍSLAND

*ari eldjárn, bergur ebbi, jóhann alfreð og dóri dna*

*yfirheyrir*

## MARGRÉTI BJÖRNS

FYNDNASTA VERZLINGINN OG NÝJU STELPUNA Á FM957





# LIFÐU AF Í JÚNÍ

### FARÐU Á FÓTBOLTALEIK
Í Danmörku. Strákarnir í landsliði Íslands með leikmönnum 21 árs og yngri taka þátt í lokamóti Evrópukeppninnar í júní. Mótið fer fram í Danmörku þannig að það er lítið mál að kíkja út og skella sér á leikina. Það er hressandi að fylgjast með U21-landsliðinu – miklu meira hressandi en nokkurna tíma karlalandsliðinu.

### GRILLAÐU
Finndu almennilegt kjöt og grillaðu það. Þá erum við ekki að tala um kryddmaukaðar pakkningar með þunnum sneiðum af lambi, heldur alvörusteikur sem fást í kjötborðum verslana. Bestu kjötborðin eru samt í sérstökum kjötverslunum. Popp mælir með eldrauðu, fersku nauta-ribeye.





### HJÁLPAÐU TIL
Hringdu nú í gömlu frænkuna, vininn eða hvern sem þú þekkir fyrir austan fjall og hjálpaðu til við að hreinsa eftir eldgosvesenið. Fólkið á Kirkjubæjarklaustri myndi örugglega þiggja smá hjálp við að moka stéttir og skrúbba glugga.







**POPP** er fylgirit Fréttablaðsins. POPP kemur út einu sinni í mánuði.
**Ritstjóri:** Atli Fannar Bjarkason
atlifannar@frettabladid.is
**Útlitshönnun:** Arnór Bogason
**Sölustjóri auglýsinga:** Benedikt Freyr Jónsson
benediktj@365.is • sími 512 5411
**Útgefandi:** 365 hf.




ENGIN ÁST Á PÖBBNUM SÍÐAN LEONCIE FÓR AF KLAKANUM:

# LEONCIE VELKOMIN Í KÓPAVOGINN

Hver þekkir ekki „feelgood-hittarana“ „Ást á pöbbnum“ og „Enginn þríkantur hér“? Þeir gætu fengið að hljóma aftur á íslenskum skemmtistöðum á næstunni því ískryddið sjálft, Leoncie, hyggst nú samkvæmt nýjustu fréttum flytja aftur til Íslands eftir nokkurra ára dvöl erlendis. Hún bjó sem kunnugt er í Sandgerði með manni sínum Viktori en flutti þaðan árið 2004 til Bretlands.

Guðrún Pálsdóttir, bæjarstjóri í Kópavogi, lofar því að vel verði tekið á móti ískryddinu í Kópavogi og segir það jafnvel eiga möguleika á því að verða heiðurslistamaður í bænum. „Margir góðir listamenn hafa alist hér upp og við höfum styrkt þá og heiðrað með ýmsum hætti.“

Í Bretlandi fór hún í prufur fyrir X-Factor árið 2006 en komst ekki áfram úr prufunum. Hún var eitthvað feimin við að segjast vera frá Íslandi en Simon Cowell vildi endilega vita hvaðan hún kæmi. Hún svaraði að hún væri frá Leigh-on-Sea áður en hún hóf upp raust sína. Nú vill hún kaupa hús tengdaforeldra sinna í Kópavogi.

„Kópavogur á hana,“ segir Erpur Eyvindarson, einnig þekktur sem BlazRoca. Hann er einn þekktasti Kópavogsbúi á Íslandi og mögulega harðasti stuðningsmaður Breiðabliks. Hann tekur því fréttunum fagnandi.

„Ég meina, þetta er bara stórkostlegt! Það hefur ekki verið nein ást á pöbbnum síðan Leoncie fór,“ segir hann. „Catalina er búin að vera skugginn af einhverju rassgati síðan hún fór.“

„Þetta er búið að vera frábært fyrir Kópavog síðasta árið: Breiðablik Íslandsmeistari, Kópacabana



**Í HÚS TENGDAFORELDRA** Leoncie ætlar að flytja til Íslands á næstunni og nú í hús foreldra Viktors í Kópavogi. Viktor er ekki óþekktur meðal aðdáenda Ískryddsins því glöggir hafa tekið eftir honum í myndböndum hennar.

plata ársins, Gerpla Evrópumeistari og Gunnar I. Birgisson dottinn úr pólitík. Nú kemur Leoncie og fullkomnar dæmið.“

Erpur tekur heldur ekki fyrir það að halda sérstaka tónleika fyrir Leoncie þegar hún mætir. „Skólahljómsveit Kópavogs marserar og syngur öll lögin hennar fyrir hana.“

„Við eigum náttúrlega okkar eigin Hörpu! Í Salnum verður svona Leoncie og Sinfó dæmi nema Skólahljómsveitin fyllir í skarðið fyrir Sinfó. Strákarnir í Breiðabliki halda bolta á lofti fyrir utan, ég verð kynnir og Glysmaðurinn massar sig extra upp og slær á tunnur á meðan Gerplustelpurnar taka kollhnís.“

Hann bætir við að hann ætli sér að taka dúett með Leoncie á tónleikunum.

Eins og kunnugt er fór Leoncie frá Sandgerði eftir deilur við nágranna sína. Henni fannst hún vera beitt óréttlæti og talaði um að bæjarbúar hefðu niðurlægt hana og verið með fordóma í hennar garð. Erpur kann skýringar á því: „Þeir eru búnir að sjá helling af blökkumönnum en hafa bara aldrei séð gulan mann.“

Vakin er athygli á því að XXX Rottweilerhundar spilar á Sódómu á föstudagskvöldið. „Við erum með helläðan DJ sem gerir örugglega Leoncie-mix fyrir okkur,“ bætir Erpur við að lokum.



**ERPUR & LEONCIE Í SALNUM** Erpur Eyvindarson lofar rosalegum endurkomutónleikum í Salnum í Kópavogi.

## LÍF OG STARF LEONCIE

- Leoncie er fædd í Góahéraði á Indlandi. Hún hefur búið í Kanada fyrir utan Ísland og Bretland.
- Hún hefur kallað sig „indversku prinsessuna“ og „Icy Spicy Leoncie“. Leoncie er kaþólsk og segist fá innblástur við bænir.
- Kynnist Viktori og giftist honum á níunda áratugnum
- Gaf út „My Icelandic Man“ árið 1985
- Gaf út „Sexy Loverboy“ árið 2002
- Gaf út „Radio Rapist/Wrestler“ árið 2003
- Flytur frá Íslandi árið 2004
- Tekur þátt í X-Factor árið 2006
- Snýr aftur til Íslands 2011






galleri sautján

**Smáralind | Kringlunni**

Kíkið á okkur á **ntc.is** eða á facebook



# TÓNLIST

**!** Millinafn Emmsjé Gauta er Þeyr og er hann skírður eftir hljómsveit frá níunda áratugnum.



## HEFÐI GERT LÉLEGA PLÖTU ÁRIÐ 2002

**Rapparinn Emmsjé Gauti gefur út fyrstu sólóplötu sína á næstu dögum en hún ber heitið „Bara ég“. Rapparinn hefur verið að semja tónlist í mörg ár og er loksins tilbúinn til að taka skrefið lengra og gefa út plötu.**

„Ég er búinn að vera að vinna að sólóplötu frekar lengi. Ég hef eiginlega bara beðið eftir rétta tækifærinu til að gefa hana út og núna er hún loksins tilbúin,“ segir Emmsjé Gauti, en von er á fyrstu plötu kappans á allra næstu dögum. Á plötunni er að finna þrettán lög og koma fjölmargir tónlistarmenn að gerð hennar. Má þar helst nefna Blaz Roca, Friðrik Dór og Gnúsa Yones, en það er Geimsteinn sem gefur plötuna út. „Nafnið á „Bara ég“ er algjör kaldhæðni, því það koma mun fleiri að gerð plötunnar en bara ég,“ segir Gauti.

Emmsjé Gauti byrjaði að grúska í tónlist árið 2002, þá þrettán ára gamall. „Á næsta ári verð ég búinn að brasa í þessu í tíu ár, sem er ansi langur tími. Ein plata á tíu árum er kannski frekar slappt en það hefði verið mjög vont ef ég hefði gefið út plötu þrettán ára. Það hefði verið léleg plata,“ segir Gauti í léttum dúr.

Útgáfutónleikar Emmsjé Gauta verða í Þjóðleikhúskjallaranum 9. júní.

Platan er hins vegar unnin í Austurríki og kemur því ekki til landsins fyrr en flugbanninu hefur verið aflétt. „Það er pínu nett að hugsa til þess að koma plötunnar frestist vegna eldgoss.

Það eru örugglega ekkert margir sem geta sagt það, þó svo að það sé ömurlegt.“ *kristjana@frettabladid.is*


NINGS
Suðurlandsbraut 6
NINGS
Stórhöfða 17 við Gullinbrú
NINGS
Hlíðasmára 12 Kópavogi
Sími 588 9899
www.nings.is




## PLATA FRÁ BOMBAY BICYCLE CLUB

**NÝ PLATA** Bombay Bicycle Club sló í gegn á Iceland Airwaves í fyrra.

Breska hljómsveitin Bombay Bicycle Club hyggst gefa út nýja plötu í ágúst á þessu ári.

Hljómsveitin vann plötuna með upptökustjóranum Ben Allen, sem er þekktur fyrir vinnu sína með hljómsveitinni Animal Collective. Þó að hljómsveitin stefni á að gefa út í ágúst hefur sú ákvörðun ekki verið meitluð í stein. Platan var tekin upp í Þýskalandi, Bretlandi og í Bandaríkjunum.

Bombay Bicycle Club er nokkuð vinsæl hljómsveit hér á landi, en hljómsveitin hefur gefið út tvær plötur á síðustu tveimur árum. Hún kom fram á Iceland Airwaves-hátíðinni í fyrra og sló í gegn í troðfullu Hafnarhúsinu.

## „FERSKT“ EFNI FRÁ STAIND

Hljómsveitin Staind, sem var upp á sitt besta fyrir áratug eða svo, vinnur nú að nýrri plötu sem hefur fengið nafnið Seven.

Hljómsveitin er komin með nýjan trommara og gítarleikarinn Mike Mushok talaði um nýju plötuna í útvarpsviðtali á dögunum. „Þetta er nútímaútgáfa af þungri Staind-plötu,“ útskýrði hann. „Hún er allt öðruvísi en síðasta plata. Hún hljómar eins og við vorum í upphafi. Mér finnst hún vera fersk.“

Mushok segir að erfitt hafi verið að gera plötuna, ekki vegna þess að tónlistin sé erfið viðfangs heldur vegna þess að ýmislegt hafi verið í gangi hjá meðlimum Staind. „En þegar við horfum til baka, nú þegar platan er tilbúin, þá erum við virkilega ánægðir,“ sagði hann.



**STAIND SNÝR AFTUR** Lagið Outside með Staind og Fred Durst sló í gegn fyrir áratug. Hljómsveitin hefur látið lítið fyrir sér fara, en Aaron Lewis, söngvari Staind, er nú byrjaður að væla á ný.


Justin Bieber notar Proactiv® Solution
Burt með bólurnar!
Í **Proactiv® Solution** eru efni sem hreinsa húð þína og eyða bólum. Með daglegri notkum koma efnin í veg fyrir að nýjar bólur myndist. Við lofum því!
Eftirtalin sjálfstæð Apótek selja einnig Proactiv Solution:
**REYKJAVÍKURAPÓTEK**, Seljavegi 2 // **LYFJABORG APÓTEK**, Borgartúni 28 // **GARÐSAPÓTEK**, Sogavegi 108
**URÐARAPÓTEK**, Grafarholti // **RIMA APÓTEK**, Grafarvogi
**APÓTEK HAFNARFJARÐAR**, Tjarnarvöllum 11
**ÁRBÆJARAPÓTEK**, Hraunbæ 115 // **LYFJAVER** Suðurlandsbr. 22
60 DAGA 60 SKILARÉTTUR
Heilsubudin.is - bætt útlit, betri líðan





FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN
KOMDU Í ÖLL HELSTU PARTÝIN MEÐ OKKUR
m.visir.is Fáðu Vísi í símann!
Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.
Meiri Vísir.
vísir


BBQ
Nýtt á KFC
Beikon
BoxMaster™
Orginal
kjúklingabringa,
ostur,
brakandi beikon,
ferskt salat,
tómatar,
kartöfluskífa,
toppað með
æðislegri
BBQ sósu
649
kr.
PIPAR\TBWA • SÍA • 111449
KFC
svooogott™
0gr.
trans-
fita
www.kfc.is
FAXAFENI • GRAFARHOLTI • HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ • REYKJANESBÆ • SELFOSSI



# PÍKUPRUMP ER FOKKINGS FYNDIÐ DÆM

**Margrét Björnsdóttir hefur látið finna fyrir sér síðan hún vann keppnina fyndnasti Verzlingurinn fyrr á þessu ári. Í kjölfarið var henni boðið að troða upp á uppistandskvöldi Mið-Íslands og nú heyrist daglega í henni á útvarpsstöðinni FM957. Popp fékk grínhópinn Mið-Ísland til að leggja fyrir hana nokkrar spurningar og upp úr krafsinu kom að hún var lygasjúkt barn og þótti efnileg í sleggjukasti.**

*Af hverju er fólk alltaf að hlæja að þér?*
„Ég vona að það sé vegna þess að ég sé svo fyndin."

*Hvenær manstu eftir að hafa sagt eitthvað sem fólki fannst fyndið?*
„Ég man eftir því þegar ég var lítil með frekjuskarð. Þá laug ég að fólki að ég hefði verið með eina mjóa og langa tönn á milli framtannanna. Fólki fannst þetta mjög fyndið. Ég var mjög mikið í því að ljúga einhverju að fólki. Ég man að ég sagði einu sinni við kennarann minn að ég hefði farið til Japans í skipi og það hefði tekið þrjár vikur. Ég held ég hafi verið frekar grillað barn."

*Hvaða grínista heldur þú mest upp á, fyrir utan okkur?*
„Ég hef alltaf haldið mjög mikið upp á Eddie Izzard og svo að sjálfsögðu Ricky Gervais. Þeir tveir eru í miklu uppáhaldi hjá mér."

*Er misskilningur að það sé til sérstakur stelpuhúmor? Er ekki rangt að aðgreina stelpu- og strákahúmor? Erum við ekki öll í sama liði?*
„Við erum vissulega í sama liðinu, kannski finnst stelpum sumt fyndnara en strákum og öfugt. En mér finnst það samt meira einstaklingsbundið."

*Ef þú ættir 100 milljónir, hvað myndir þú gera við þær?*
„Ég myndi kaupa mér ógeðslega mikið af skóm og fötum. Svo myndi ég fara á fullt af geðveikum tónleikum erlendis. Ef ég væri í stuði myndi ég gefa í góðgerðamál. Ég myndi líka fá mér Lindt-súkkulaði og ég myndi kaupa það í 10/11 af því bara."

*Á Ísland að ganga í ESB eða er þér drullusama um það?*
„Ég er vandræðalega lítið inni í þessari umræðu. En samt einhvern veginn langar mig ekki að fara í ESB. Ég vil ekki að við glötum forræði yfir fiskimiðunum okkar."

*Hvað ætlarðu að gera í haust, ætlarðu að læra eitthvað?*
„Ég ætla ekki að læra neitt næsta haust. Ég ætla að vinna og safna mér peningum. Mig langar sjúklega að fara í Asíureisu í byrjun næsta árs."

## SVEINN ANDRI STARTAÐ SNILLDARTRENDI, ANNA GRJÓTHÖRÐ Á EFTIR HO ÉG ÞURFA AÐ FYLGJA ÞI

*Hvað ertu að spá að fara að vinna á FM 957?*
„Þetta er húmor, maður. Það er megafyndið að ég sé að vinna á FM957. Það er líka mjög gaman að vinna á FM. Þetta eru allt svo fyndnar týpur. Ég fíla þetta mjög vel."

*Ertu búin að fara í heilablaðsnámið eða áttu það eftir?*
„Ég á það eftir, ég bara finn aldrei hentugan tíma fyrir það. Þeir eru allir búnir í því á FM svo það styttist í að ég þurfi að gera það. Ég held ég fái mér tribal-tattú á mjóbakið samhliða aðgerðinni."

*Var allt uppbókað sem flokksstjóri í unglingavinnunni?*
„Hey já, ég sótti um og það hringdi einhver gella um daginn og spurði hvort ég vildi vera á leikjanámskeiði en ég bara eitthvað „hey, kerling, ég er komin með vinnu á FM" og svo skellti ég á hana."

*Þegar þú fékkst útvarpsþátt með Brynjari Má, hvort hugsaðirðu „Jæja, maður verður að byrja á botninum"*

*eða „Vá, hvað leiðin á toppinn er stutt"?*
„Ég hugsaði eiginlega bæði. Einu sinni hló ég að fólki sem hlustaði á FM ... En það var í gamla daga. FM er flott stöð með misgóða tónlist og ég hef ótrúlega gaman af þessu öllu saman. Brynjar er líka frábær og það hjálpar rosalega að vera að gera þetta með honum."

*Helduðu að það að vera hávaxin og ljóshærð úr Verzlunarskólanum hjálpi til eða skemmi fyrir?*
„Ég hugsa að það hjálpi alltaf til að vera



**SPYRLARNIR:** MIÐ-ÍSLAND

Strákarnir í Mið-Íslandi eru heitari en hraunhnullungar í Grímsvötnum þessa dagana. Þeir héldu gríðarlega vinsæl mánaðarleg uppistandskvöld í vetur og vinna nú að sjónvarpsþáttum sem verða frumsýndir í vetur. Margrét Björnsdóttir kom einmitt fram á einu af uppistandskvöldum hópsins og það var því kjörið að fá þá til að yfirheyra hana. Á myndinni eru Mið-Íslandsdrengirnir ásamt Ragnari Hanssyni, leikstjóra og andlegum leiðtoga hópsins, við framleiðslu sjónvarpsþáttanna.

ljóshærð, hávaxin og úr Verzlunarskólanum. Þetta eru hlutir sem geta ekki skemmt fyrir.“

*Þú ert í beinni, sérð að Brynjar er farinn að svitna og titra. Hvað gerirðu?*
„Ég segi: „Rólegur, þetta var bara píkuprump“ og svo set ég Britney í gang.“

*Af hverju tala stelpur alltaf um píkuprump þegar þær eru með uppistand?*
„Af því það er svo fokkings fyndið dæmi. Ef þið Mið-Ísland gæjar væruð með vagínur þá mynduð þið skilja

**I NÝJU**
**A MJÖLL KOM SVO**
**ONUM OG MÉR FANNST**
**ESSU ÞOTULIÐI EFTIR.**

það, ég hugsa samt að Dóri þekki þetta.“

*Mið-Ísland – ríða, drepa, giftast, sleppa?*
„Ég myndi fara í orgíu með ykkur öllum. Ég hugsa að það væri geðveikt fyndið. Svo myndi ég drepa Dóra og sleppa Jóhanni fram af byggingu. Loks myndi ég giftast Bergi Ebba en Ari væri leynilegur elskhugi minn.“

*Eru strákarnir sem tóku þátt í uppstandskeppninni í Versló ekki abbó?*
„Jú, algerlega. Ég held að þetta tap muni há þeim að eilífu.“

*Hvort heillar meira, uppistandið eða útvarpsmennskan? Eða jafnvel leiklistin?*
„Leiklistin heillar mig ótrúlega mikið. Útvarpsmennskan er líka mjög spennandi og uppistandið líka. Þetta er svona gullin þrenna.“

*Er ekki ljóst að þig vantar millinafn til að þetta fljúgi algerlega í útvarpinu. Margrét Mjöll milli fjögur og sex, eitthvað slíkt? Einhverjar uppástungur?*
„Nei, alls ekki. Margrét Björns er nefnilega svo gott. Þetta er sterkt og glæsilegt nafn. Þú veist að þú getur alltaf treyst Margréti Björns. Margrét Björns svíkur þig ekki.“

*Nú er þversumma tölunnar 957, 21. Og þversumma tölunnar 21 er 3. 3 er tala trúarinnar og heilagrar þrenningar. Því liggur beint við að spyrja, ertu trúuð?*
„Ég trúi bara á sjálfa mig. Djók. Nei, ég er ekki alveg nógu trúuð en ég fermdist og allt svoleiðis. Ég bara veit ekki alveg með þennan Guð.“

*Er ekki kjörið að þú verðir næsta Magga massi? Kemur til greina að fara að stera sig og kjöta sig verulega fyrir sumarið?*
„Jú, ég er virkilega heit fyrir því að verða næsta Magga massi. Ég man að gamli frjálsíþróttaþjálfarinn minn vildi gera mig að sleggjukastara. Ef ég hefði fetað þá braut væri ég í frekar góðum málum en ég myndi sjá fram á langt og strangt æfingasumar. Ég þyrfti samt að fá mér annað nafn fyrst Magga massi er upptekið, spurning með Grétu grjót?“

*Verslunarskólinn, þriðji besti framhaldsskóli landsins. Ræðið?*
„Þetta er algjört kjaftæði náttúrlega. Og hvað? Á MR að vera bestur? Þetta er bara rugl. Verzlunarskólinn er langflottasti og besti skólinn. Enda sjáum við það að besta fólkið kemur úr Verzló eins og t.d. Klara í Nylon, Hemmi Gunn og gæinn með íþróttafréttirnar. Við ræðum þetta ekkert frekar.“

*Þrátt fyrir að þú hafir landað plássi á FM 957, liggur ekki leiðin ávallt niður á við eftir að hafa deilt sviði með Mið-Íslandi og Pétri Jóhanni?*
„Alls ekki. Ég byrjaði á toppnum og verð þar.“

*Nú er töluverður aldursmunur á þér og Brynjari. Er þetta hluti af einhverju trendi í þjóðfélaginu?*
„Já, algjörlega. Sveinn Andri startaði nýju snilldartrendi, Anna Mjöll kom svo grjóthörð á eftir honum og mér fannst ég þurfa að fylgja þessu þotuliði eftir.“













# GRÆJUR

**!** Árni Vilhjálmsson í FM Belfast var einn af stofnmeðlimum grínhópsins Mið-Ísland.

**POPPGRÆJUR:** LITIÐ OFAN Í GRÆJUTÖSKUNA HJÁ FM BELFAST



**FM BELFAST** Frá vinstri: Árni Vilhjálmsson, Lóa Hjálmtýsdóttir, Árni Plúseinn og Örvar Þóreyjarson Smárason. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# 19,6 KÍLÓ AF STUÐI

**Stuðboltarnir í FM Belfast nota heimatilbúnar græjur á tónleikum sem komast fyrir í einni stórri tösku. Önnur plata sveitarinnar kemur út eftir eina viku.**

Hljómsveitin FM Belfast gefur út sína aðra plötu eftir rúma viku, hinn 3. júní. Gripurinn nefnist Don't Want to Sleep og lítur dagsins ljós tæpum þremur árum eftir að hin vel heppnaða How to Make Friends kom út.

FM Belfast er skipuð þeim Árna Plúseinum, Lóu Hjálmtýsdóttur, Árna Vilhjálmssyni, Örvari Þóreyjarsyni Smárasyni og Birni Kristinssyni og hafa þau verið dugleg við tónleikahald í gegnum árin. Græjurnar sem þau nota á tónleikum eru að hluta til heimatilbúnar og sniðnar að taktvænni tónlistinni. „Ég hef mikinn áhuga á rafmagnshljóðfærum, stjórntækjum og Midi-drasli," segir forsprakkinn Árni Plúseinn. „Ég hef verið að smíða drasl sem við notum til að spila og við erum líka með ljósadót sem passar við það sem er að gerast í tónlistinni."

Þegar FM Belfast ferðast til útlanda hefur Árni stóra tösku meðferðis sem hefur að geyma öll nauðsynlegustu tæki og tól. Mikilvægt er að innihaldið fari ekki yfir tuttugu kíló því bannað er að ferðast með þyngri farangur. „Taskan mín er 19,6 kíló. Hún er orðin mjög tálguð," segir hann hress. Hann mætir alltaf með tvær tölvur á tónleika og er önnur til vara. „Það er ágætt fyrir sálina því það getur verið stressandi ef eitthvað bilar. Á föstudaginn á Nasa biluðu báðar tölvurnar og það varð mikil „panikk". Við vorum með dómsdagsdansleik og það var kannski eðlilegt að allt hryndi og færi í smá rugl. En það lagaðist á endanum."

Árni er að vonum spenntur fyrir nýju plötunni, sem kemur út hjá Morr Music erlendis en hjá Kimi Records hér heima. „Við förum út aðfaranótt föstudags ef gosið hleypir okkur út," segir hann og getur ekki beðið eftir því að spila nýju lögin fyrir erlenda aðdáendur. Ferðalagið stendur yfir frá 27. maí til 10. júní og verður spilað í Berlín, London, París, Brussel og Prag.

*freyr@frettabladid.is*

### GRÆJUKISTA FM BELFAST

**MIDI to DMX** *„Þetta er græja sem ég smíðaði sjálfur með Arduino-örgjörva. Hún breytir MIDI-skilaboðum frá tölvunni í DMX-skilaboð sem ljósaboxið skilur."*

**DMX Dimmer Box** *„Þetta box sér um að blikka ljósunum eftir skilaboðum sem koma frá tölvunni í MIDI to DMX og þaðan fer það hingað."*

**MOTU UltraLite** *„Þetta er hljóðkortið sem dælir músíkinni út úr tölvunni."*

**Behringer Mixer** *„Þetta er endastöðin í töskunni, þar sem músíkin blandast áður en hún fer í hljóðkerfi tónleikastaðarins."*

**Korg NanoKontrol x 2** *„Þessar græjur stýra hljóðrásum í tölvunni."*

**Novation X-Station** *„Þetta er hljóðgervill sem fær nótnaskilaboð frá tölvunni."*

**Novation LaunchPad** *„Þessi græja stýrir kaflaskiptingum í lögum. Áður notaði ég lyklaborðið á tölvunni til þess að stjórna kaflaskiptingum en á endanum vantaði mig fleiri takka."*









FM957
NÝTT
Villta Vestrið
Kl. 7:00
Svali
Kl. 9:00
NÝTT
FjögurSEX
Kl. 16:00
Heiðar
Kl. 13:00
AÐ EILÍFU
FM
Villta Vestrið
Nýr og ferskur morgunþáttur frá mönnunum á bak við lögin Sjomleh, Keyrum þetta í gang, Djamm í kvöld og mörg fleiri
FjögurSEX
Brynjar Már og Margrét Björns gera heimferðina skemmtilegri

# PLÖTUR

**!** Samanlagður aldur þremenninganna í Beastie Boys er 135 ár. Geri aðrir betur.



## BEASTIE BOYS

### HOT SAUCE COMMITTEE PART TWO

**Dánlódaðu:** Don't Play No Game That I Can't Win, Make Some Noise og Too Many Rappers.

# NOSTALGÍA

Í fyrndinni, í fjarlægu sólkerfi voru Beastie Boys svölustu menn í heimi. Ekki nóg með það, heldur bjuggu þremenningarnir frá New York yfir þvílíkum sameiningarmætti að annað eins hefur varla sést í tónlistarsögunni; Á löngu tímabili virtist sem allir, jafnt hipphopptrýni, rokkhundar, FM-hnakkar eða alhliða hipsterar, fíluðu Beastie Boys. Og ekki að ástæðulausu. Stór hluti aðdráttaraflsins var jákvætt kæruleysi. Þeim var skítsama, þeir voru óhræddir við að hræra saman ólíkum stílum og gera það sem þá langaði til. Sem er töff.

Fátt hefur breyst í þeim efnum á nýjustu plötunni, þeirra fyrstu í sjö ár. Eins og margoft hefur verið bent á hafa Beastie Boys alla tíð dílað í sinni eigin tegund af fortíðarfíkn (það gerðu þeir jafnvel áður en fyrirbærið hipphopp-nostalgía varð til, á Paul's Boutique árið 1989) og gera enn, enda frumkvöðlastarf fráleitt á dagskránni hjá mönnum sem voru þegar orðnir ellilífeyrisþegar, í rapp-árum talið, fyrir fimmtán árum. Notaleg nostalgían sem boðið er upp á á Hot Sauce Committee Part 2 er fín en gefur ekki tilefni til fagnaðarláta á götum úti. Hér eru á ferð menn sem kunna til verka, en meistarataktar á borð við þá sem heyrðust á helsta meistaraverki sveitarinnar, Ill Communication frá 1994, eru víðs fjarri.

Því er kaldhæðnislegt að á nýju plötunni sé helst litið til fyrrnefndrar Ill Communication, sándlega séð. Bassinn er þungur, hljóðbrellur nýttar í hófi en raddir brenglaðar í óhófi, sem verður dálítið þreytandi til lengdar og virkar nánast eins og liðsmenn hafi eitthvað að fela. Platan rennur þó ágætlega og hápunktarnir eru fáir en góðir. Upphafslagið Make Some Noise er fyrirtaks gleðirapp af gamla skólanum og sér í lagi ná góðir gestir að lífga upp á herlegheitin; Nas í Too Many Rappers og Santigold í hinu frábæra og reggískotna Don't Play No Game That I Can't Win, sem ætti með réttu að verða sumarsmellur. Sem sagt, ekkert nýtt hér á ferð frá Beastie Boys. En bjóst nokkur við því?

*Kjartan Guðmundsson*






**NETTIR** Strákarnir í Arctic Monkeys senda frá sér nýja plötu í júní.

## 5 SPENNANDI PLÖTUR Í JÚNÍ



**BON IVER - BON IVER** Justin Vernon og félagar eru ljúfir sem lömb.



**LIMP BIZKIT - GOLD COBRA** Urðum að hafa Limp Bizkit með. Tónlistarstefnan er löngu dáin en alltaf heldur Limp Bizkit áfram.




**BATTLES - GLOSS DROP** Framsæknasta hljómsveitin á þessum lista. Gefðu henni séns.



**LIL WAYNE - THA CARTER IV** Vandræðaunglingurinn og flagarinn Lil Wayne kemur alltaf aftur.



**ARCTIC MONKEYS - SUCK IT AND SEE** Bresku strákarnir eru komnir aftur með fjórðu plötuna sína.



**FRÁBÆR GRAFÍK** L.A. Noire er kannski ekki næsti GTA en hann er svo margt sem GTA er ekki.

**POPPLEIKUR:** L.A. NOIRE

# FRÁBÆR REYFARI

Forritarar Rockstar Games eru meistarar í að segja góða sögu. Eftir að hafa skemmt tölvuleikjaunnendum endalaust með sögum um siðblinda en elskulega glæpamenn í Grand Theft Auto seríunni hafa snillingarnir hjá Rockstar nú ákveðið að setjast hinum megin við borðið með L.A. Noire. Nú er umfjöllunarefnið ekki „fyrirmyndar“-lífsstíll bófa heldur saga lögregluþjóns í Los Angeles á fimmta áratug síðustu aldar. Hér er sögð saga sem býður upp á dulúð, spennu og heilu bílfarmana af ofbeldi. Og eins og sönnum Rockstar-leik sæmir eru allar persónur leiksins drullusokkar.

Ólíkt leikjunum í Grand Theft Auto seríunni finnst manni eins og maður hafi ekki eins mikið frelsi í L.A. Noire. Jú, maður getur skoðað gríðarstórt landsvæði, jú, maður getur stoppað bíla úti á götu og tekið þá traustataki en núna gerir maður það á öðrum forsendum. Í GTA skeytti maður oft lítið um verkefnin og vildi oft bara sjá hversu miklum glundroða maður gæti valdið. Í L.A. Noire getur maður ekki einu sinni drepið gangandi vegfarendur, ekki það að undirritaður hafi sérstakan áhuga á því.

L.A. Noire býður upp á svo miklu meira en hefðbundinn GTA-glundroða. Hér þurfa menn í alvörunni að nota kollinn til að leysa þau fjölmörgu glæpamál sem verða á vegi aðalhetjunnar. Vísbendingar þarf að finna og sakborninga þarf að yfirheyra. Og jú, menn fá að skjóta helling af glæpamönnum með byssum og taka þátt í æsispennandi eltingarleikjum. Engar áhyggjur, Rockstar-menn eru ekki orðnir geldir.

Það sem er magnaðast við L.A. Noire er grafíkin, það er að segja hversu raunverulegar persónur leiksins eru. Reyndar þurfa persónurnar að vera raunverulegar þar sem yfirheyrslur leiksins snúast um að sjá hvort fólk ljúgi eður ei út frá svipbrigðum þess og það væri frekar erfitt með grófa kassagrafík. Það er meira að segja svo gott að ef maður sér nýja persónu getur maður samstundis þekkt hana og sagt við sjálfan sig: „Hey, þetta er feita löggan úr Heroes!“ Söguþráður leiksins er einnig stórgóður og er það góð tilbreyting að fá einu sinni að sitja réttu megin við borðið. Einnig má ekki gleyma leikvellinum sjálfum, Los Angeles í allri sinni fimmta áratugar dýrð.

Eins rangt og það er að segja það er L.A. Noire mjög „broskaður“ reyfari sem getur haldið mönnum við efnið tímum saman. Þetta er kannski ekki sú geðsýki og siðblinda sem maður á að venjast frá Rockstar en þetta nægir full vel þangað til næsti GTA lætur sjá sig. *- vij*

| SPILUN | GRAFÍK | HLJÓÐ | ENDING | NIÐURSTAÐA |
|---|---|---|---|---|
| 4/5 | 5/5 | 5/5 | 4/5 | 5/5 |

**POPPLEIKUR:** BRINK

# DAUFUR PERSÓNULEIKI

Í endalausu flóði fyrstu persónu skotleikja er ljóst að leikir þurfa að skarta einhverju afar sérstöku til að skara fram úr. Brink er áhugaverð tilraun til að blanda saman net- og einstaklingsspilun í einn stílíseraðan hrærigraut þar sem mikil áhersla er lögð á mismunandi hlutverk sem menn geta brugðið sér í. Sagan í Brink er á þann veg að The Ark er fljótandi fyrirmyndarborg framtíðarinnar en með tímanum, og hlýnun jarðar, hefur borgin breyst í hálfgert fljótandi fangelsi þar sem helmingur íbúanna gerir sitt besta til að flýja borgina á meðan hinn helmingurinn reynir að halda lífi í borginni með því að halda öllum íbúunum innan hennar. Inn í þetta ástand detta leikmenn þar sem þeir velja að ganga til liðs við uppreisnarmennina eða yfirvaldið. Söguþráður leiksins er gríðarlega stuttur og ættu menn að geta klárað sögu beggja fylkinganna á einni góðri kvöldstund.

Til allrar lukku er boðið upp á fleiri spilunarmöguleika heldur en bara máttlausan söguþráðinn. Free Play býður mönnum upp á að spila í gegnum borð leiksins eftir sínu eigin höfði og Challenge krefst þess að menn leysi hinar ýmsu þrautir í keppni við klukkuna. Takist mönnum vel til fá þeir að launum ný vopn og fleira til að betrumbæta karakterinn sinn. Fyrir utan þetta geta menn að sjálfsögðu spilað í gegnum söguþráðinn saman eða þá á móti mennskum andstæðingum í gegnum alnetið.

Brink er leikur sem lítur mjög vel út, með sérstakan stíl og fjölda vopna og möguleika til að auðga spilunina. Leikurinn klikkar þó á nokkrum sviðum. Gervigreind andstæðinganna jafnt sem samherjanna er afar vafasöm á köflum og handsprengjurnar minna meira á hurðarsprengjur en drápstól en það versta er að Brink nær ekki skara fram úr á neinu sviði. Leikurinn er alls engin hörmung en hann rétt slefar yfir það að vera í meðallagi. Og það er ekki það sem maður hafði vonast eftir. *- vij*



**FLOTTUR Á YFIRBORÐINU** Brink hefur útlitið en persónuleikinn er því miður ekki alveg til staðar.

| SPILUN | GRAFÍK | HLJÓÐ | ENDING | NIÐURSTAÐA |
|---|---|---|---|---|
| 3/5 | 4/5 | 3/5 | 3/5 | 4/6 |






# 5 GÓÐ RÁÐ

## TIL AÐ HORFA Á ÚRSLITAKEPPNI NBA ÁN ÞESS AÐ MISSA VINNUNA.

**1 Farðu snemma að sofa** Þá meinum við virkilega snemma; upp úr átta. Þá nærðu fjögurra tíma svefni áður en leikur hefst, getur horft á hann og lagt þig svo í fjóra tíma eftir leik. Átta tíma svefn, hinn fullkomni glæpur.



**2 Plataðu yfirmanninn** Hringdu inn og segðu að þú sért veikur. Það þýðir ekki að segja að þú sért með kvef eða annað smávægilegt, úrslitakeppnin er rétt að byrja og þú verður ljúga upp veikindum sem duga í nokkrar vikur.



**3 Drekktu kaffi** Mjög mikið kaffi. Þá þarftu ekkert að sofa og getur horft á leikina og verið sá hressi í vinnunni. Popp getur þó ekki borið ábyrgð á heilsukvillum sem fylgja þessu ráði.



**4 Fáðu vinnu hjá NBA-liði** Fáðu vinnu hjá Miami Heat, þá geturðu fylgst með leikjunum á launum – hvort sem þú verður húsvörður eða vatnsberi.



**5 Notaðu augntangir** Spenntu augntangir á augnlokin. Þær halda augunum opnum í vinnunni eftir langa nótt og enginn fattar að þú ert í raun sofandi.




Auglýsingasími
512 5411
POPP

## 1-2 milljónir



Toyota Avensis árg '05, ek.100þ, bsk,1.8 bensín, S+V dekk. Verð 1890þ. S. 697 6556

VWBora árg.04, 1.6cc,ekinn56þ,ssk,nýtt: tímareim, diskar-klosar, nýsmurður, gsm:6907931&6625878

Einn sparneytnasti bíllinn á markaðnum! Skoda Octavia dísel,sjálfskip, árg '06,ek.81þ,5 dyra,silfur grár 1.950þ s.840 2224.



Can Am Outlander 800cc ltd, árg'08. Vel búið aukahlutum t.d. styrkt grind, big horn dekk, auka bensíntankar m.festingum, xenon kastarar o.fl. Keyrt aðeins 2700 km og 97 tíma. Búið að fara í 100tíma skoðun. Verðhugmynd 2.100.000 kr. Uppl. í s. 892 1679.

## Bílar óskast

**Subaru Legacy óskast!**
99-2003 sjálfskiptann station, ekinn undir 170 þús, má þarfnast smá lagfæringa,200-600 þús staðgreitt í boði fyrir rettan bíl s.691 9374

Óska eftir Toyotu Corollu eða Avensis ekki eldri en árgerð 2002. Greiðslugeta kr. 600.000.-. Nánari upplýsingar kristmundurh@gmail.com

**Bíll óskast á 25-250þús.**
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Mótorhjól



Mótorhjól susuki boluward árg. '05 800 cub ek. 7000 míl topphjól gott fyrir byrjendur verð 890þús. ATH. greiðslukjör eða skipti á sparneytnum bíl 868 2352.

## Fjórhjól




Eigum til úrval nýrra og notaðra fjórhjóla. VDO Verkstæðið Borgartún 36 S: 588 9747 www.vdo.is

Polaris Sportman 800 07' ek.1130km spil + hiti í handföngum áhvílandi 730þ., v. yfirtaka láni + 600þ. uppl:894 0103.

## Reiðhjól







**Kría Hjól**
Alhliða hjólaviðgerðir - Sérsmíðum hjól -Gerum upp hjól. Fagþjónusta á góðu verði Kría Hjól - Hólmaslóð 2 s.534 9164. kriacycles.com

Tökum reiðhjól í umboðssölu. Umboðssalan Korputorgi, sími 867-0177 opið 12-18.30

## Kerrur



Gæðakerrur - Góð reynsla Ýmsar stærðir 1 eða 2ja öxla. Íslensk smíð. www.brimco.is Brimco ehf. Flugumýri 8, Mos. s. 894-5111 Opið 13-16.30

Vel meðfarin og þétt farangurskerra óskast f. 10 manna farþegabíl uppl: 8917711

## Hjólhýsi



Til sölu hjólhýsi Hobby delux 540UL, árg. 2007, markhýsa, með renndum hliðum. 2 rúm. Verð 3.100.000 Uppl. s. 895 7496

## Fellihýsi



Glæsilegt 12.ft. starcraft fellihýsi til sölu. Útdraganleg hlið, sólarsella, fortjald, geymslubox og tengdamömmubox á toppi. Verð 1200 þús. Uppl: 650 5040

Palomino Yearling fellihýsi 10 fet til sölu árg'05 með fortjaldi, sólarsellu, grjótgrind ofl. Vel með farið. V. 1.500.000. S. 861 9494

## Tjaldvagnar




## Vinnuvélar



New Holland E50.2 árg 2006, 900 tímar, vökvahraðtengi og 3 skóflur. Upplýsingar Gunnþór 6943700



LEIGÐU LENGRI VINNUDAG! RAFSTÖÐVAR 4-160KW OG LJÓSAMÖSTUR MEÐ 220V ÚRTAKI. EINNIG DIESEL VATNSDÆLUR MEÐ 72m3/klst AFKSÖTUM. DS-LAUSNIR EHF 561-8373 www.dslausnir.is

## Bátar




## Bílaþjónusta




## Varahlutir







Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.




**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www. netpartar.is

**Partahúsið - S. 555 6666**
VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Fókus, M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. Musso og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 666 6555. Hvaleyrarbraut 20 Hafnarfirði.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Sonata 97, Impreza 99 og Skoda felicia 99, Peugeot 306 99, 206 og 406 ST. Nissan Almera 97, Ford 250 99, Megane 01. Opel Vectra '98 Kaupi bíla til niðurrifs. Sími 661 5270.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03 og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Japanskar vélar Bílapartasala**
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum bíla. S. 565 3400 & 893 2284. www. carparts.is japvel@carparts.is

**VW, Skoda, Audi, Pajero - varahlutir S: 534 1045**
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj.

## Viðgerðir

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

Flutningsþrif, gólfbónun, teppahreinsun, gluggaþvottur & Alhliða garðaþjónusta. www.hreingerningar.is S. 772 1450

## Garðyrkja




**Garðaþjónusta Reykjavíkur 20% afsláttur fyrir eldri borgara.**
Öll almenn garðvinna á einum stað fyrir garðinn þinn. Trjáklippingar Beðahreinsanir, Trjáfellingar, garðaúðanir, þökulagnir,sláttur, hellulagnir ofl. Fagleg vinnubrögð og sanngjarnt verð. Eiríkur, S. 669 0011. Þórhallur S. 772 0864.

**MOLD**
Grjóthreinsuð og sandblönduð garðamold til sölu. Seld í rúmmetrum á kerrur og palla, keyrð heim sé þess óskað.
VERKTAKAR MAGNI EHF.
SÍMI: 660 6101 OG 660 6111

**JARÐVINNA**
**Öll almenn jarðvinna, útvegum öll fyllingarefni.**
**Áratuga reynsla.**
**Véló ehf S. 823 7473**







**Láttu fagmenn vinna verkið.**
Hellulagnir
Jarðvegsskipti
Drenlagnir og
öll önnur jarðvegsvinna.
Vönduð vinna
Tilboð þér að kostnaðarlausu.
Bjössi 696 6676
www.hellulagnir.is

## Til sölu




**BH-Tækni ehf • Smiðjuvegi 72**
**200 Kópavogi • tym@tym.is**
**www.tym.is • S. 897 5090**

**Breska sendiráðið auglýsir eftir tilboðum í Land Rover Discovery TD V6 HSE árgerð 2007 ekinn 97000 km.**



**Tilboð skulu berast Sendiráðinu í lokuðu umslagi stýluð á Mike Wilson, merkt LR 2007, ekki seinna enn 8. júní n.k. Nánari upplýsingar veitir Óskar í síma 696-1504.**

**Sendiráðið áskylur sér rétt til að hafna öllum tilboðum.**

## Til sölu

### Vélar á lager



**MiniMax LAB 300 PLUS- Ný týpa.**
Alsambyggð vél - Álsleði
Hallandi blað - Fyrirskeri
3 Mótorar 4HP 380v
**Verð 1.200.000 m/vsk**
Einfasa vél 220v **á tilboðsverði 980.000 m/vsk**



**MiniMax FS30 Smart**
Samb. Afréttari/þykktarhefill 300mm breiður. Einnota hefiltennur. 5,5HP
**Verð 750.000 m/vsk**



**MiniMax C26 Genius**
Alsambyggð vél - Álsleði
Hallanlegt blað - Einnota hefiltennur
**Tilboðsverð 670.000 m/vsk**

Sjá nánar á www.idnvelar.is

**Sagarblöð/verkfæri/loft-pressur/lím/járnsmíðavélar.**

**Þjónusta við allar gerðir iðnaðarvéla.**

IÐNVÉLAR
SMIÐJUVEGI 44-46 • KÓPAVOGI • S: 414 2700 • Fax: 414 2701

**Trjáklippingar - garðyrkja - hellulagnir.**
**Klippi tré og runna og felli tré, fræsi stubba. Fljót og góð þjónusta.**
**Látið fagmann vinna verkin.**
**Garðaþjónustan Björk**
**Jóhannes garðyrkjumeistari**
**s. 846 8643, 899 7679**

**Gröfuþjónusta Auberts.**
**Allar stærðir af gröfum með fleyg og jarðvegsbor, hlöðum grjótkanta og útvegum holtagrjót og allt fyllingarefni, jöfnum lóðir, gröfum grunna. Einnig endurnnýjun á drenn og klóaklögnum.**
**Sími 892 1663.**

HreinirGarðar
Garðsláttur fyrir heimili, húsfélög og fyrirtæki
www.hreinirgardar.is
S.571-2000

Sælugarðar
- Garðsláttur
- Garðaúðanir
- Beðahreinsun
- Trjáklippingar
- Trjáfellingar
- Þökulagnir
- Hellulagnir
- Sólpallasmíði

Mætum og gerum tilboð þér að kostnaðarlausu!
Kári sími: 824-1238

Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.

### Er mosinn að eyðileggja grasflötinn!
Erum með góðar lausnir við því. Garðaþjónusta Reykjavíkur S. 669 0011. G

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

Garðsláttur á GÓÐU verði. FAGMENNSKA og persónuleg þjónusta. ENGI ehf. Sími 615-1605.



Safnkassarnir komnir aftur, 3 gerðir. Sláttuorf og keðjusagir fyrir atvinnumanninn, gott verð. Kerrur í garðvinnuna. www.topplausnir.is Lyngás 8, Garðabæ, s: 517 7718

### Er öspin til ama ?
Fellum og fjarlægum tré. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 695 1918.

### Trjáklippingar
Trjáfellingar og runnaklippingar. Alhliða garða þjónusta. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. Sími : 848 1723.

### TRJÁKLIPPINGAR
Klippi, felli og snyrti tré og runna. Alm. garðavinna. Ágúst Haukur garðyrkjufræðingur s. 848 9600.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

### Málarameistari
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald

HAMRABORG ehf
Þakpappaþjónusta
Viðgerðir á PVC dúk
Almennar húsaviðgerðir

Sími 896 4947 Netfang: hamraborg @ simnet.is

Smiður getur bætt við sig verkefnum, utan sem innanhúss. Áratugareynsla. S. 867 7753.

### Eldri múrari
Eldri múrari óskar eftir múrverki td. múra bílskúra, kjallara, ýmsar viðgerðir, einnig flísalögn.Tilboð eða tímavinna S. 866 3175.

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899 4254.

## Tölvur

tölvuhjálp!
Yfirhalning á tölvu aðeins 2.000 kr.
Ókeypis vírusvörn
Nánar á www.tolvuhjalp.is
Sími 588-9590
Vesturvör 32a, Kópavogi

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun, kem/sæki/sendi afsl. FEB&ÖBÍ Stefán 821 6839.

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

## Nudd

NUDD. NUDD. NUDD. Exclusive Whole Body Massage. S. 692 2126, Alena.

THE BEST!!LUXURY,WHOLE BODY MASSAGE IN DOWN TOWN ANY TIME!!!S: 869 8602.

### Nudd
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

## Spádómar

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

Raflagnir
Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

Lögg. Rafvirki getur tekið að sér verkefni. Gott verð í boði. Uppl. S: 698 1524.

### Raflagnir, dyrasímar. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki.

# Þjónustuauglýsingar

FJARÐARBÓLSTRUN ehf
Sérsaumum einangrunarlok og yfirbreyðslur á allar tegundir potta.
Metum og gerum við.
Margra ára reynsla.
Netfang: www.fjardarbolstrun.is
Sími: 864-4188

Fyrir skip og báta - Tæki til makrílveiða
Frábær búnaður á góðu verði
Elcon ehf • sími 552 9510 • elcon@simnet.is

KREPPUMARKAÐUR
Breiðumörk 25 í Hveragerði (við hliðina á apótekinu).
Bækur - Leikföng - Fatnaður og margt fleira.
Heillegir og fallegir hlutir á kreppuverði
Opið þriðjudaga til föstudaga frá14.00 til 18:00.
Við styrkjum Hjálparsveitina í Hveragerði.

BÍLAVERKSTÆÐI AUÐUNS
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
FOSSALEYNI 16 • GRAFARVOGI
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

Gabriel demparar í 40 ár
Gabriel
GS varahlutir
Bíldshöfða 14 • Rvk • S. 567 6744 • gsvarahlutir.is

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

Eftirlitsmyndarvél fyrir sumarbústaði og heimili.
- Tekur venjulegt GSM SIM kort.
- Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
- SMS og MMS viðvörun í síma og netf.
- Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
- Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
- Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
- Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.

Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir@internet.is

Hjólbarða Grafarvogs Verkstæði
- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

Allt á einum stað
BREMSUVIÐGERÐIR
BREMSUKLOSSAR
SPINDILKÚLUR
ALLAR PERUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

Trúin flytur fjöll við flytjum allt annað
553 5050
Allir bílar með posa
SENDIBÍLASTÖÐIN H.F
Klettagarðar 1 // Sími: 553 5050 og 533 1000
www.sendibilastodin.is // stodin@sendibilastodin.is

- Steypusögun
- Kjarnaborun
- Múrbrot
- Hellulagnir
- Jarðvegsvinna
- Öll almenn-verktakavinna

BROTAFL
STEINSÖGUN - BORUN - BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is

IVECO
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Vagnhöfða 5

Umhverfisvænt Hreinsiefni
fyrir heita potta og sundlaugar - einfalt í notkun
Jafnvægisstillir PH gildi vatnsins.
Lyktarlaust og mýkra vatn
Vatnið gælir við húðina
Hreinsar bakteríur úr pottum og lögnum
Laugin ehf
Sendum í póstkröfu hvert á land sem er.
Funahöfði 17 - 110 Reykjavík - sími: 578 3030 GSM: 824 0240 - laugin@laugin.is - www.laugin.is

Metabo KGS 216 1500W
Bútsög
Með laser og vinnuljósi.
Framdraganleg í 305mm.
**Tilboðsverð 49.900 kr.**
Ásborg vélar verkfæri
Smiðjuvegi 11 Gul gata Kópavogi sími 5641212

# Alla fimmtudaga

## Atvinna

**Laus störf í boði hjá Tandraberg ehf. Fjarðabyggð**

Okkur vantar vana tækjastjórnendur sem geta unnið á vinnuvélum og vörubílum. Við leitum að mönnum með frumkvæði og reynslu.
Möguleiki er á úthaldsvinnu.
Umsóknir sendist á netfangið einar@tandraberg.is

## Fundir / Mannfagnaður

### Aðalfundarboð

**Aðalfundur félags skipstjórnarmanna fer fram á Grand Hótel Reykjavík föstudaginn 27. maí 2011. Fundurinn verður haldinn í Setrinu, sem er salur á jarðhæð og hefst kl. 14.00.**

Félag skipstjórnarmanna

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Tillögur laganefndar til stjórnar kynntar.
3. Önnur mál.

**Kvetjum félagsmenn til að mæta á fundinn.**

**Léttar veitingar.**
**Gleðilegt sumar.**
**Stjórnin.**

## Fasteignir







**17. Júnítorg 5, íbúðir 0410 og 0108**

**Opið hús í dag á milli 16 og 17**

Glæsileg 128,3 fm. íbúð á 4. og efstu hæð með mikilli lofthæð, góðum svölum og stæði í bílageymslu. Einnig 107,5 fm. íbúð á 1. hæð með timburverönd. Báðar íbúðirnar eru að 17. Júnítorgi 5 í Garðabæ, húsi ætlað fólki 50 ára og eldri. Vandaðar innréttingar, fataskápar og hurðir úr eik.

**Óskar sýnir íbúðina í dag, fimmtudag, á milli 16 og 17. Uppl. í síma 822-8750.**

Lyfjalaus verkjastilling, 50%-100% árangur á nokkrum mínútum. Sími: 564 5959

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Heilsuvörur Herbalife, frí ráðgjöf. 8918902 asta@dagamunur.is www.dagamunur.is

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s. 862 5920.

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD - DEKUR - ÍÞRÓTTANUDD**
Íþróttanudd, Gigtarnudd (krepptir fingur), Svæðanudd, Dekur f. pör, vini og hópa, skrúbb, pottur, nudd og máltíð. Góð tilboð. JB Heilsulind. S. 823 8280.

Ódýrir og vandaðir ferðanuddbekkir og óléttubekkir til sölu. S. 891 6447, Óli.

## Þjónusta



Ráðgjöf fyrir einstaklinga og fjölskyldur. Fíknvandamál, meðvirkni, fullorðin börn og uppeldisvandamál. Áhersla á lýðandi stund og heildræna sýn. Grúppur fyrir karla. Uppl. í s. 775 3979.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**SUMAR 2011 ÍTR**
**Námskeið í leiklist og kvikmyndagerð. Systkinaafsláttur 20%**
**Skráning á: studio-list.com**



**MEÐGÖNGUJÓGA**
Ný námskeið hefjast 1. júní. Nærandi og styrkjandi fyrir verðandi mæður.
Nánari upplýsingar og skráning á www.ljosheimar.is og í síma: 862 4546 og 699 4849.
Hlökkum til að sjá þig!

## Flug



**Einkaflugmannsnám 30.**
Viltu starfa í flugi? Einkaflugmannsnám er fyrsta skrefið í átt að atvinnuflugmannsprófi. Skráning á www.flugskoli.is.

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Tökum húsgögn og heimilistæki í umboðssölu. Umboðssalan Korputorgi, s. 8670177 opið 12- 18.30

## Dýrahald

Ég er með 3 ára þrílita læðu sem leitar eftir heimili, hún er barngóð og yndisleg. Hægt að skoða. uppl.s.6938139, Hafdís

Þrír 8 vikna fallegir, skemmtilegir og gæfir kettlingar fást gefins á gott heimili. Þeir eru kassavanir og geta farið heiman í næstu viku Sími 517 7077 og 616 6368.

## Ýmislegt




# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl.**
**Uppl/info í S. 824 4535.**
**www.leiguherbergi.is**

**GÓÐ GISTING Í MIÐBÆ RVK**

**Dags- og vikuleiga.**

**GISTIHÚSIÐ EGILSBORG**
**sími 896 4661**

**Íb. í Hfj. Eskivellir**
Ein 2. herb. og önnur 4. herb. glæsilegar íb. lausar strax. Langtímaleiga uppl. 699 5532 Agnar.

1-2 manna herb. í Hfj. Aðg. að baði. eldh., þurrkara og þvottavél. Stutt í Iðnskólann og bónus S. 892 5309.

130fm íbúð í Hfj. til leigu. Upplýsingar í síma 894 6633.

Til leigu 2. herb 66 fm íbúð á Hvaleyrarholti í Hafnarfirði. Verð 95 þ pr. mán. Uppl í s. 664 5582.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Herbergi til leigu á svæði 108. Laust strax. Uppl. í síma 898 9946

Stúdíó eða herbergi. Skammtíma-eða langtímaleiga. S. 821 4848.

Stúdíó eða herbergi. Skammtíma-eða langtímaleiga. S. 821 4848.

Til leigu ný 2ja herb. íbúð í miðbæ Reykjavíkur. Reglusemi og snyrtimennska skilyrði. Fyrirframgreiðsla. Uppl. í s. 897 9390 og 896 1306.

Til leigu björt 68 fm 2. herb íbúð á 3. hæð í Fellsmúla. Leigist á 110.000 með hússjóði en án hita og rafmagns. 6626601 og 6927618

## Húsnæði óskast

**2ja herbergja íbúð óskast**
**Óska eftir 2ja herbergja íbúð á höfuðborgarsv. á góðu verði. Reglusemi og skilvísar greiðslur. Nánari upplýsingar í s. 660 6302**

29.ára stúlka óskar eftir 2-3 herb. íbúð til leigu á Höfuðborgarsv sem fyrst. Reglusöm og skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 775 3662

## Sumarbústaðir



Framleiðum sumarhús, 20 ára reynsla, sjá heimasíðu: sumarhus.com s. 615-2500.

Sumarhús til leigu í Húsafelli - Helgarleiga. Laus. Uppl. í S. 895 2490.

## Atvinnuhúsnæði

**Iðnaðarhúsnæði til lei**
Laust til leigu strax. Iðnaðarhúsnæði sem skiptist í 479m2 sal og 75m2 milliloft fyrir skrifstofu/kaffistofu, staðsett í Vesturhrauni í Garðabæ. 5m háar innkeyrsludyr beggja megin, lofthæð 6 - 8 m. Stórt bílaplan fyrir framan og aftan húsið, hentar vel fyrir gámalosun. Brettahillur eru uppsettar og geta fylgt með. Upplýsingar í síma 480 0000 á skrifstofutíma.

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Bílskúr

**BÍLSKÚRSHURÐIR OG OPNARAR**
UPPSETNING, VIÐHALD, VIÐGERÐIR
30 ára reynsla.. Hringið í síma 892 7285

## Gisting

Gisting í 2-3 manna stúdíóíbúð í gistiheimili við Dugguvog öll aðstaða. Verð frá 8.000 per nótt. S. 824 6692.

Íbúðargisting við Nyhavn í Kaupmannahöfn. 80 fm. Facebook: Kbh. Uppl. í s. 004550127560.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Café Roma Kringlunni**
**leitar að kaffibarþjón í fullt framtíðarstarf. Vinnutími frá 12-lokunar og 2 helgar í mán. Lág.aldur 20 ár. Reynsla og íslenskukunnátta skilyrði**
**Umsóknir sendist á kaffiroma@gmail.com**

Háseta vantar á 200 tonna línubát. Upplýsingar í síma 450 0201 / 894 1899

**Vanur Grillari Óskast**
Vanur grillari óskast í aukavinnu á veitingastaðnum Ginger aðra hvorra helgi ekki yngri en 20 ára, reyklaus og reglusamur uppl. gefnar á: nonni@ginger.is

Óska eftir starfskrafti í hlutastarf í söluturn. Verður að vera yfir 18 ára. Uppl. í s. 698 4066.

**Sölust. ,útkeyrsla ofl**
Óskum eftir traustum einstakling á aldrinum 25-40 ára.Tölvukunnátta æskileg. Vinnutími frá kl. 09:00 til 17:00. Nánari uppl. í síma 565 7744 milli kl.16:00-17:00 íslenskukunnátta skilyrði

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

Erum að safna fjárhæð til styrktar börnum í Nepal og vantar föt og annað dót sem er einhvers virði til að selja í Kolaportinu. Erum einnig að safna notuðum hjólum sem við svo gerum upp og endurseljum til styrktar verkefninu. Við verðum næsta sunnudag á Ingólfsstræti 19, kjallara, til að taka á móti dótinu. Áhugasamir komi endilega í heimsókn. Við getum einnig sótt dótið. Vigdís s. 867 1640

## Einkamál

**Spjalldömur 908 1616**
Opið þegar þér hentar. Aðalega á kvöldin og næturnar.

Ung og heit kona vill kynnast karlmanni með skemmtun í huga. Rauða Torgið Stefnumót, s. 535-9920 og 905-2000, augl.nr. 8831.

Kona um fimmtugt vill kynnast karlmanni með framtíðarsamband í huga. Rauða Torgið Stefnumót, s. 535-9920 og 905-2000, augl.nr. 8965.

Kona um fertugt í fullu fjöri, vill kynnast hressum manni. Rauða Torgið Stefnumót, s. 535-9920 og 905-2000, augl.nr. 8596.

Heitt spjall, heitar dömur! Hvaða dama verður vinkona þín í kvöld? Dömurnar á Rauða Torginu, símar 908-6000 og 535-9999.

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRI MENNING
vísir

**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft...

## krossgáta

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** loga, **6.** bardagi, **8.** verkur, **9.** eiga heima, **11.** skst., **12.** heimagert vín, **14.** húrra, **16.** ætíð, **17.** löng, 18. umhyggja, **20.** tvíhljóði, **21.** trjóna.

**LÓÐRÉTT**
**1.** skraf, **3.** borðaði, **4.** fugl, **5.** sjáðu, **7.** hverfill, **10.** drulla, **13.** eldsneyti, **15.** vitskertur, **16.** ákæra, **19.** ónefndur.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** báls, **6.** at, **8.** tak, **9.** búa, **11.** no, **12.** brugg, **14.** bravó, **16.** sí, **17.** síð, **18.** önn, **20.** au, **21.** kani.
**LÓÐRÉTT: 1.** rabb, **3.** át, **4.** langvía, **5.** sko, **7.** túrbína, **10.** aur, **13.** gas, **15.** óður, **16.** sök, **19.** nn.

# Verk í vinnslu

**BAKÞANKAR**
**Ragnheiðar Tryggvadóttur**

Ákveðinn hóp fólks mætti kalla forfallna dyttara. Þá sem dunda við að dytta að einhverju öllum stundum og fellur aldrei verk úr hendi. Það sem einkennir þá er ekki endilega rífandi kraftur eða hamagangur við framkvæmdirnar og stundum verður maður varla var við að verið sé að dytta að. En þeir skilja eftir sig óaðfinnanlegt handbragð. Fínpússað yfirborð og rennislétta fleti, mála aldrei út fyrir og muna alltaf eftir að þrífa penslana.



**RAULANDI** eitthvað fyrir munni sér eiga þessir forföllnu dyttarar það til að strjúka lófa yfir bekki og borð í leit að misfellum sem þarf að laga. Komi þeir í heimsókn renna þeir á lausar lamir og hallandi hillur og bjóðast til að „dytta að þessu“ fyrir þig. Draga skrúfjárn upp úr vasa, eins og það sé eðlilegasti hlutur að taka það með sér hvert sem er, og bauka þetta meðan þú hellir upp á kaffið.

**ÞESSI** hópur á undantekningarlaust sumarbústað þar sem hægt er að dytta að grindverki, leggja pall, gróðursetja, fúaverja og mála endalaust. Takmarkið er ekki að klára, þetta er eilífðarverkefni sem líf dyttarans snýst um – án þess væri líf hans innantómt.

**ÉG TILHEYRI** ekki þessum hóp en öfunda hann auðvitað. Ég tilheyri öðrum hóp sem kalla mætti forfallna klastrara. Það sem einkennir þá er einmitt hamagangur við framkvæmdir en ekki endilega óaðfinnanlegt handbragð. Þeir mála út fyrir og láta málninguna harðna í penslunum. Klastrarinn hendir sér í verkin, riggar upp milliveggjum, skrúfar upp hillur, málar og lakkar eins fjandinn sé á hælunum á honum.

**TAKMARK** klastrarans er að klára. Hann sér í hillingum að allt sé tilbúið, klárt og komið í stand svo hann geti hallað sér aftur og notið þess. Hann gerir jafnvel grín að hægagangi dyttarans og skilur ekki þetta dútl.

**VERKEFNI** klastrarans eru þó verkefni sem aldrei sér fyrir endann á. Þegar eitt verk klárast tekur annað við og þegar því er lokið þarf að endurtaka það sem kláraðist þar á undan, einmitt vegna þess að kastað var til höndum til að byrja með. Fullklárað og tilbúið er ástand sem alltaf er utan seilingar og sá dagur kemur aldrei þar sem hægt er að halla sér aftur.

**OG Á MEÐAN** klastrarinn reytir hár sitt yfir lausum gólflistum og sprungnu lakki, andvarpar dyttarinn af ánægju yfir því að hafa eitthvað til að dytta að.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman









Lesendur okkar eru á öllum aldri



með ólíka sýn á lífið








– og við þjónum þeim öllum

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA 2001-2011
Allt sem þú þarft

# SUMAR TILBOÐ

## STÚTFULLAR VERSLANIR AF SJÓÐHEITUM TILBOÐUM




Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl



**SÁ MINNSTI AF SINNI TEGUND**

LACIE

### 8GB MINNISLYKILL

Minnislykill sem er svo örsmár að þú þarft að passa þig að týna honum ekki

**4.990**

4GB 2.990 • 16GB 9.990



**SÁ MINNSTI AF SINNI TEGUND**

**3 LITIR**

LACIE

### 500GB FLAKKARI

Örsmár LaCie Rikiki GO flakkari með innbyggðri USB snúru, fæst í silfur, bláum eða rauðum lit

**12.900**

320GB 9.990 • 1TB 19.900

**MIKIÐ ÚRVAL MINNISKORTA**



### 8GB MINNISKORT

Hágæða SD High Capacity minniskort frá Silicon Power, Full HD video og Class6

**3.990**

4GB 2.990 • 16GB 7.990

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer · ASUS · hp · lenovo · packard bell · SONY · TOSHIBA

# menning
menning@frettabladid.is

**TENÓRAR Í HÖRPU** Tenórarnir þrír og einn í útrás, Garðar Thór Cortes, Gissur Páll, Jóhann Friðgeir og Snorri Wium, halda aukatónleika föstudagskvöldið 3. júní í Norðurljósum í Hörpu. Þeir héldu tónleika í Gamla bíói fyrir fullu húsi í lok apríl. Nú endurtaka þeir leikinn í Hörpu ásamt gestunum Diddú, Óskari Péturssyni og Óperukórnum í Reykjavík undir stjórn Garðars Cortes, auk píanóleikaranna Jónasar Þóris og Antoníu Hevesi.

## Goðafræði í götum

Guðrún Kvaran, prófessor og sviðsstjóri á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, gengur um Þingholtin og rifjar upp sögur úr norrænni goðafræði á laugardaginn. Í göngunni ætlar Guðrún að fjalla um nöfn goðanna og vinsældir þeirra í nafngjöfum síðari tíma.

Þá verður haldið lengra austur og rætt um kappa úr Íslendingasögum og Landnámu og nöfn þeirra og notkun í samtímanum.

Gangan er samvinnuverkefni við Ferðafélag Íslands og liður í aldarafmælisdagskrá Háskóla Íslands. Hún hefst klukkan 14 á laugardag, 28. maí, á malarbílastæði Háskóla Íslands fyrir neðan Aðalbyggingu og lýkur á sama stað og lagt er upp.


## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

18.05.11 - 24.05.11



**1** Handbók um íslensku
Jóhannes B. Sigtryggsson ritst.



**2** Léttara og betra líf
Lene Hansson



**3** Ég man þig - kilja
Yrsa Sigurðardóttir



**4** 25 gönguleiðir á Hvalfjarðarsv.
Reynir Ingibjartsson



**5** Matur sem yngir og eflir
Þorbjörg Hafsteinsdóttir



**6** 25 gönguleiðir á höfuðborsv.
Reynir Ingibjartsson



**7** Engan þarf að öfunda
Barbara Demick



**8** Íslenzkir þjóðhættir
Jónas Jónasson



**9** Eyjafjallajökull
Ari Trausti og Ragnar TH.



**10** Kjarni málsins
Hannes H. Gissurason

Eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872




**LOUISE BOURGEOIS, KLEFI (SVARTIR DAGAR)** Innsetninguna Klefi (Svartir dagar) gerði Bourgeois árið 2006, fjórum árum fyrir andlátið, en hún hefur aldrei komið fyrir augu almennings fyrr en á sýningunni í Listasafni Íslands á laugardag.

2006 © LOUISE BOURGEOIS TRUST. MEÐ LEYFI HAUSER & WIRTH AND CHEIM & READ. LJÓSMYND, CHRISTOPHER BURKE

# Í klefa harmrænnar æsku

**Tæplega þrjátíu verk frönsk-amerísku myndlistarkonunnar Louise Bourgeois verða til sýnis á sýningunni Kona, sem opnuð verður í Listasafni Íslands á laugardag. Bourgeois hefði orðið hundrað ára í ár. Nýjasta verkið er frá 2006 og hefur aldrei komið fyrir sjónir almennings áður.**

Louise Bourgeois er eitt fremsta nafn í sögu myndlistar á 20. öld og ferill hennar einn sá óvenjulegasti. Hún vann ötullega að list sinni frá þrítugsaldri en mátti bíða fram á áttræðisaldur til að komast til alþjóðlegrar frægðar, en þá fór jafnframt í hönd frjóasta tímabil hennar að margra mati.

„Bourgeois var mjög merkileg að því leyti að hún varð betri eftir því sem hún varð eldri," segir Halldór Björn Runólfsson, safnstjóri Listasafns Íslands. „Hún sló í gegn þegar hún fékk einkasýningu á Museum of Modern Art í Bandaríkjunum, 1981 þá orðin 71 árs. Í kjölfarið byrjaði hún á innsetningunum sem hún varð einkum þekkt fyrir; „klefunum" svonefndu. Árið 1992 sýndi hún verkið Precious Liquids; rummungsklefa sem var settur upp eins og gríðarstór vatnstankur; inni í honum var járnrúm og við hliðina tilraunaflöskur með ýmsum vökvum í. Verkið var eins og hnefahögg í andlit þeirra sem skoðuðu. Hún var orðin 81 árs en eftir það komu klefarnir á færibandi."



**HALLDÓR B. RUNÓLFSSON**

Á sýningu Listasafnsins verða tveir klefar til sýnis, Klefi númer 7 frá 1998, og Klefi (Svartir dagar) frá 2006 en sá síðarnefndi hefur aldrei verið sýndur á opinberri sýningu áður.

„Sem er í sjálfu sér heimsviðburður, hún er listamaður af þeirri stærðargráðu," segir Halldór. Auk innsetninganna verða á sýningunni höggmyndir, en jafnframt málverk, teikningar og vefmyndir.

Bourgeois dró aldrei fjöður yfir það að listsköpun hennar var sjálfsævisöguleg og var sífellt að vinna með erfiða æsku; þegar hún var tíu ára flutti kennslukona á heimilið sem hún hafði dálæti á, þar til hún komst að því að hún átti í ástarsambandi við föður hennar.

„Þetta var Louise mikið áfall," segir Halldór, „og ekki síður að við tók mikil svikamylla milli foreldra hennar, sem notuðu barnið til að njósna um hvort annað og fleira í þeim dúr. Þetta var hálfgerð misnotkun og andrúmsloftið á heimilinu var þrúgandi. Bourgeois komst aldrei yfir þetta; á seinni hluta ferilsins fékk hún þetta nánast á heilann og gerði í framhaldinu sín merkustu verk."

Bourgeois lést í fyrra en hefði orðið hundrað ára á jóladag í ár hefði hún lifað. Halldór hefur unnið að undirbúningi sýningarinnar undanfarin tvö ár og litlu mátti muna að hann hitti Bourgeois áður en hún kvaddi.

„Það var búið að koma á sambandi á milli okkar og til stóð að við hittumst en því miður féll hún frá áður en af því gat orðið. Hún vann fram í andlátið og varð djarfari með árunum, stórtækari og dramatískari og var á hápunktinum þegar hún lést."

Spurður hvað skýri áhrif og vinsældir Bourgeois, segir Halldór engum listamanni hafa tekist jafn vel að sameina nútímalist, eins og hún var fram á 7. áratuginn og samtímalist eins og hún þróaðist eftir það.

„Það er enginn listamaður sem fær mann til að skilja betur samhengið í 20. öld og hún. Ég get varla útskýrt hversu merkilegur viðburður þessi sýning er; ekki síst í ljósi þess að þetta er aldarafmælið og ásóknin í verk hennar er gríðarleg. Þetta er einstakt tækifæri."

Verkin á sýningunni koma úr einkasafni Ursulu Hauser í Sviss, Hauser & Wirth, Louise Bourgeois Trust í New York og úr einkasöfnum. Aðalsýningarstjóri er Laura Bechter, sýningarstjóri Einkasafns Hauser & Wirth. Sýningin er á dagskrá Listahátíðar í Reykjavík 2011.

bergsteinn@frettabladid.is

### Í HNOTSKURN

Louise Bourgeois fæddist í Frakklandi árið 1911 en settist að í New York árið 1938 og gerðist bandarískur ríkisborgari. Hún var gift bandaríska listfræðingnum Robert Goldwater.

Bourgeois hóf feril sinn sem málari en sneri sér að höggmyndalist í stríðslok. Í framhaldinu uppgötvaði hún mátt innsetninga um 1950, þar sem aðskilin listaverk eru tengd innbyrðis. Frægust var hún fyrir innsetningar sínar, sem hún kallaði klefa (Cells) sem og kóngulóaskúlptúra, sem hún vann mikið með á tíunda áratugnum og fram til dauðadags.

Hún og maður hennar voru virk í jafnréttisbaráttu kynjanna og fyrir andlátið lagði Bourgeois réttindabaráttu samkynhneigðra lið. Hún lést í New York í fyrra.




BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
129 KR.
EUROSHOPPER HVÍTLAUKSBRAUÐ 2 STK.
NÝBAKAÐ Í VERSLUNUM BÓNUS
BAGUETTE BRAUÐ
129 KR.STK
Smyrill
129 KR.DS
BÓNUS SMYRILL 300g
Alltaf mjúkur úr ísskáp
129 KR.
EUROSHOPPER MAISKORN 450g
129 KR.
EUROSHOPPER MAISSTÖNGLAR 450g
VERNDUM UMHVERFIÐ
BÓNUS
Þökk fyrir að velja Bónus
129 KR. 385g
MYLLU HEIMILISBRAUÐ HÁLFT
129 KR.
HEIMA HRÍSGRJÓN 5 x 100g
129 KR.
BÓNUS PYLSUBRAUÐ 5 stk
BÓNUS MARGNOTA BURÐARPOKINN
200 KR.STK.
Clean & Fresh
129 KR. 625ml
UPPÞVOTTALÖGUR CLEAN & FRESH 625ml
49 KR.
EUROSHOPPER KATTAMATUR 100G
CREAM CRACKERS
69 KR.
EUROSHOPPER TEKEX 200G
98 KR.
EUROSHOPPER UPPÞVOTTABURSTI
35 KR.STK
ROOKEE NÚÐLUR 85g
98 KR.STK
YUMYUM NÚÐLUR 70g
89 KR.STK
BAKAÐAR BAUNIR 420g
ROLLED OATS
98 KR.PK
ES HAFRAMJÖL 500g
EURO SHOPPER
EUROSHOPPER ORKUDRYKKUR HÁLFUR LÍTRI
98 KR.
ENERGY DRINK 500ml
25000 DÓSIR Í BOÐI Á ÞESSU VERÐI
NESTLÉ LIONBAR EXTRA BITE 80g
98 KR.STK
LION EXTRA BITE
Mountain Dew
mix
Egils APPELSÍN
pepsi
pepsi MAX
69 KR.DÓSIN
Gosdrykkir í 33cl dósum 69 kr.
98 KR.
CANDYFLOSS 20g dós
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu vildarpunkta VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur
527 9000
UPPLÝSINGA OG ÞJÓNUSTUSÍMI

# MEÐ VON UM AÐ ALLT GETI ENDURFÆÐST

Leiklist ★★★★

**Ferðalag Fönixins**

Sýnt í Borgarleikhúsinu á Listahátíð í Reykjavík

**Höfundar og flytjendur:** Eivör Pálsdóttir, María Ellingsen og Reijo Kela. **Tónlist:** Eivör Pálsdóttir. **Lýsing:** Björn Bergsteinn Guðmundsson. **Búningar:** Filippía Elísdóttir. **Leikmynd:** Snorri Freyr Hilmarsson



Hrífandi dávaldur hljóða og tóna stjórnar leiðangri um dimman skóg eða bjartar sléttur.

Sýningin Ferðalag Fönixins er sjónrænt ævintýr í skógi eða á sléttu eða á ísbreiðu eða inni í þverskurði trésins; bara hvar þar sem hver og einn vill staðsetja þetta ferðalag. Áhorfendur sátu í hring; í miðju hans var sviðið málað í það sem virtist vera árhringir, sem segja sögu trésins en eru um leið völundarhús þar sem lifandi verur – kannski fuglar, kannski hrottalegir veiðimenn – komast ekki alltaf leiðar sinnar heldur lenda í öngstræti.

Áhorfendur hafa líklega verið um tvö hundruð og jafnmargar eru þær sennilega sögurnar eða myndbrotin sem til urðu á sýningunni sem Eivör Pálsdóttir, María Ellingsen og Reijo Kela stóðu fyrir á Listahátíð á þriðjudagskvöld.

Í bláleitum ljósum halda þau af stað í leit að hamingjunni eða möguleikunum á að komast út úr þessari hringiðu. Hér hafa höfundar leitað í gamlar sagnir um fuglinn Fönix. Um þann fugl eru til margar goðsagnir; ein kínversk er á þá leið að hann geti alltaf endurfæðst. Ekki var um neina hreinræktaða frásögn að ræða; umgjörðin í tóna- og hljóðaheiminum var eins og úr dimmum skógum norðursins og ekki laust við að ísbreiður Grænlands séu nálægar við undirleik trommunnar. Urg og surg úr djúpum börkum þursa leiddu hugann til norðurs með tónum og hljóðmyndum sem einnig minntu á heim Samanna.

Eivör Pálsdóttir stendur í stafni og stjórnar hljóðum, tónum, stunum og hljóðfæraleik. Aðrar hljóðmyndir óma víðs vegar í bakgrunni meðan þau María Ellingsen og dansarinn Reijo Kela heyja sína baráttu undir þungum drumbum sem hanga úr loftinu. Þar skiptust á lífræn og tilbúin efni; afhoggið tré og steindautt rör, sennilega úr áli. Gleði og líf berst við dauða og eyðileggingu.

Björn Bergsteinn Guðmundsson ljósameistari er ekki síður höfundur verksins með sinni oft dularfullu ljóstúlkun, einkum þegar hvíti fuglinn liggur einn í skóginum undir ljóstilbrigðum sem birtast eins og gegnum skin laufskrúðs af himni ofan. Fuglinn, sem Reijo Kela ljáir lífi, bregður sér í gervi bjarnar eða hins illskeytta veiðimanns nútímans. Tilbúinn að drepa hvern þann fugl sem á vegi hans verður. Þegar hann hverfur er saklausi fuglinn kominn blindaður í sama búning. Nokkuð sterk mynd af eyðileggingaröflum og yfirgangi þeirra er svífast einskis fyrir eigin hag og gera náttúrufólkið að þrælum sínum.

Leikmynd Snorra Freys Hilmarssonar rammar verkið vel inn, þótt það sé í raun enginn eiginlegur rammi því hringurinn og allt sem hann segir okkur gerir söguna endalausa.

Búningar Filippíu voru margræðir. Hvíti fuglinn jafnt brúður í mannsmynd og tákn sakleysis sem vængbrotins fugls meðan hin stórkostlega múndering Eivarar í dökkum litum, með slóða sem fellur eins og ný jörð yfir alla náttúruna þegar hún klífur fram úr fylgsni sínu og syngur í lokin einu orðin sem sögð eru í sýningunni: „Þetta er mín sýn, eða þetta er mín synd.“

Á þeim tímapunkti var búið að vagga áhorfendum svo vel inn í skóginn og seiðinn að andinn hreinlega lyftist með hennar kraftmiklu kristaltæru tónum og vildi fá meira að heyra. Í dagskránni er talað um listviðburð, líklega í skorti á skilgreiningu á sýningunni, en það þarf ekki að skilgreina alla hluti né heldur skilja. Stundum er það skynjunin sem fær að fara á sjón-tónleika og bera svo með sér litaðar hreyfanlegar raddir í myndum, með voninni um að allt geti endurfæðst.

**Elísabet Brekkan**

**Niðurstaða:** Heillandi sýning.


HÁSKÓLI ÍSLANDS
1911-2011



**ÞJÓÐHETJAN OG ÞJÓÐRÍKIÐ**
**Jón Sigurðsson 200 ára**

Málþing um þjóðhetjuna og þjóðríkið í tilefni 200 ára afmælis Jóns Sigurðssonar á vegum Háskóla Íslands, Sagnfræðistofnunar og afmælisnefndar Jóns Sigurðssonar í Hátíðasal Háskóla Íslands 27. maí 2011.

DAGSKRÁ

**13:00–13:10 Setning** Ásta R. Jóhannesdóttir, forseti Alþingis
Fundarstjórn Anna Agnarsdóttir, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands

**13:10–13:40 „Var Jón Sigurðsson sjálfstæðishetja?“** Guðmundur Hálfdanarson, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands

**13:40–14:10 „Kvenhetja eða þjóðhetja?“** Erla Hulda Halldórsdóttir, sagnfræðingur og doktorsnemi við Háskóla Íslands

**14:10–14:40 „Hver fær að blása á kertin? Í tilefni af 200 ára afmæli H. C. Andersen.“** Jón Karl Helgason, dósent í íslensku við Háskóla Íslands

**14:40–15:10 „Þjóðréttarfræðingurinn Jón Sigurðsson.“** Björg Thorarensen, prófessor í lögfræði við Háskóla Íslands

**15:10–15:40 „Faðir, frelsari, forseti. Jón Sigurðsson sem sameiningartákn 1879–2011.“** Páll Björnsson, sagnfræðingur og dósent í nútímafræði við Háskólann á Akureyri

**15:40–16:00 Kaffihlé**

**16:00–17:00 Minningarfyrirlestur Jóns Sigurðssonar: „Sködduð og frelsandi karlmennska: Stríð, hetjutilburðir og baráttan um þjóðina. Þýskaland á fyrri hluta 20. aldar, 1900–1930 [Damaged and Redemptive Masculinity: War, National Heroics, and the Fight over the People. Germany in the early Twentieth Century, 1900–1930].“** Geoff Eley, prófessor í sagnfræði við University of Michigan.
Fundarstjórn: Valur Ingimundarson, prófessor í sagnfræði og forstöðumaður Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands

Allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

PIPAR\TBWA • SÍA • 111491




**GRADUALE FUTURI** Fyrstu sjálfstæðu vortónleikarnir verða í Langholtskirkju 26. maí klukkan átta.

# Vortónleikar hjá Graduali futuri

Stúlknakórinn Graduale futuri sem starfræktur er við Langholtskirkju heldur sína fyrstu sjálfstæðu vortónleika í Langholtskirkju í kvöld klukkan átta.

Kórinn mun syngja lög úr ýmsum áttum, en einnig koma fram með kórnum Kjartan Valdemarsson á píanó, Ingólfur Magnússon á bassa, Jón Stefánsson á orgel, Rósa Jóhannesdóttir á harðangursfiðlu og Jon Kjell Seljeseth á hljómborð. Strengjakvartett skipaður kórmeðlimum stígur einnig á svið. Kórinn en skipaður 23 stúlkum á aldrinum 9 til 15 ára en þess má geta að stór hluti kórsins stefnir á ferð á kóramót, Norbusang, í Danmörku. Stjórnandi kórsins er Rósa Jóhannesdóttir.

Miðaverð er 2.000/1.000 krónur. Frítt er fyrir 12 ára og yngri. Að tónleikum loknum gefst tónleikagestum kostur á að fá sér kaffi og veitingar af hlaðborði sem verður í boði foreldrafélagsins.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 26. maí 2011**

### ➜ Tónleikar

**20.00** Færeyska hljómsveitið **ORKA** spilar í **Norræna húsinu** í kvöld kl. 20. Aðgangseyrir er ókeypis.

**20.00** **Stúlknakór Langholtskirkju**, **Graduale futuri**, heldur fyrstu sjálfstæðu vortónleika sína í kvöld kl. 20. Miðaverð er 2000/1000 krónur. Frítt inn fyrir 12 ára og yngri.

**21.00** Hljómsveitin **Dead Sea Apple** heldur tónleika á **Sódóma Reykjavík** í kvöld. Hljómsveitin gat sér gott orð á tíunda áratugnum. Tónleikarnir hefjast kl. 21. Aðgangseyrir kr. 1000.

**22.00** **Sing for Me Sandra**, **Ultra Mega Technobandið Stefán**, **Yoda Remote** og **Jón Þór** spila á **Faktorý** í kvöld. Húsið opnar kl. 21 og hefjast tónleikarnir kl. 22. Aðgangseyrir er ókeypis.

### ➜ Sýningar

**11.00** Ljósmyndasýning **Diana Storåsen** opnaði nýlega í **Þjóðmenningarhúsinu**. Diana fæst við fólk og minningar í ljósmyndum sínum. Sýningu lýkur í ágúst.



### ➜ Umræður

**20.00** **Guðmundur Oddur Magnússon** verður með sýningastjóraspjall um sýninguna **Hugvit í Hafnarborg** í kvöld. Guðmundur ræðir við gesti um sýninguna. Spjallið hefjst kl. 20.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**


KJARNAFÆÐI
VILLIBRÁÐARKRYDDAÐ...
BRAGÐIÐ SEM ÍSLENDINGAR ELSKA
KJARNAFÆÐI
VELDU GÆÐI
VELDU KJARNAFÆÐI
VELDU GÆÐI
VELDU KJARNAFÆÐI





> Í SPILARANUM

**Arctic Monkeys** - Suck It And See
**Lady Gaga** - Born This Way
Lögreglukórinn - GAS
Puzzle Muteson - En Garde
Mógil - Í stillunni hljómar

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Ferskt þjóðlagapopp

Væntanleg sólóplata Thurstons Moore, forsprakka Sonic Youth, hefur fengið góða dóma hjá gagnrýnendum. Platan nefnist Demolished Thoughts og er hans fjórða á ferlinum. Upptökustjóri var tónlistarmaðurinn Beck og útkoman er ekkert lík tilraunarokki Sonic Youth. Þess í stað eru þjóðlagaáhrifin áberandi þar sem kassagítarspil, kryddað með strengjahljóðfærum, spilar stærstu rulluna.

Tónlistarsíðan Pitchfork gefur plötunni 8,1 í einkunn af 10 mögulegum. Þar segir að þrátt fyrir að Moore sé orðinn 53 ára hljómi platan eins og ferskur frumburður. „Margir ákveða að hætta eftir þrjátíu ára feril en Moore hefur bætt enn einni rósinni í hnappagat sitt.“ Breska blaðið The Guardian gefur plötunni fjórar stjörnur og þar segir gagnrýnandinn að líkindi megi finna með henni og plötu Beck, Sea Change. Gagnrýnandi BBC er einnig jákvæður og segir að Moore sé bæði óútreiknanlegur og pönkaður tónlistarmaður.






> **PLATA VIKUNNAR**

Arabian Horse ★★★★
Gusgus
Góðir söngvarar og flottur hljómur einkenna poppuðustu Gusgus-plötuna í langan tíma. - TJ



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Vel heppnað framhald*

Ein af ferskari og skemmtilegri plötum síðustu ára er fyrsta plata bandarísku hljómsveitarinnar Battles, Mirrored, sem kom út árið 2007. Tónlistin á henni var mjög tilraunakennd og stundum kölluð stærðfræðirokk vegna þess hve flókin hún var að samsetningu. Mirrored var ofarlega á listum helstu tónlistarmiðla yfir plötur ársins 2007, en síðan hefur lítið heyrst frá sveitinni. Á því verður þó breyting þegar önnur platan Gloss Drop kemur út 6. júní nk.

Battles var stofnuð í New York árið 2002. Sveitin gaf út nokkrar EP plötur, en gerði samning við bresku plötuútgáfuna Warp í febrúar 2006. Eftir útkomu smáskífunnar Atlas og stóru plötunnar Mirrored var Battles á allra vörum. Það gekk þó hægt að koma saman plötu númer tvö og í ágúst í fyrra tilkynnti Battles að einn af meðlimunum, Tyondai Braxton, söngvari, gítar- og hljómborðsleikari, væri hættur til þess að einbeita sér að sólóferli. Hans skarð var ekki fyllt og því eru hljómsveitarmeðlimir bara þrír á nýju plötunni. Brotthvarf hans varð samt til þess að sveitin fékk fjóra gestasöngvara til liðs við sig á nýju plötunni. Mathias Aguayo syngur fyrsta smáskífulagið Ice Cream, Kazu Makino úr Blonde Redhead syngur eitt lag, Yamantake Eye úr Boredoms syngur meistaraverkið Sundome og gamli syntapopparinn Gary Numan syngur eitt.



**ÖFLUGIR** Önnur plata New York sveitarinnar Battles kemur út 6. júní

Tónlistin veldur aðdáendum Battles ekki vonbrigðum. Krafturinn er mikill og progg-áhrifin eru sterkari en nokkru sinni fyrr. Á köflum hljómar sveitin eins og dansvæn og ofursvöl útgáfa af progg-brimdrekanum Emerson Lake & Palmer! Snilldarplata. Hiklaust ein af betri plötum ársins til þessa!







FÖSTUDAGUR
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Á MORGUN

# Heimilislegt yfirbragð

**Bandaríska hljómsveitin Death Cab for Cutie er mætt með sína sjöundu hljóðversplötu. Heimilið er þar í aðalhlutverki.**

Sjöunda hljóðversplata bandarísku indíhljómsveitarinnar Death Cab for Cutie kemur út í næstu viku. Þrjú ár eru liðin frá útgáfu síðustu plötu, Narrow Stairs, sem fékk fínar viðtökur víðast hvar.

Death Cab for Cutie var stofnuð í borginni Bellingham í Washington-ríki árið 1997. Hljómsveitin var upphaflega sólóverkefni Bens Gibbard á sama tíma og hann var gítarleikari í bandinu Pinwheel auk þess sem hann tók upp lög undir nafninu All-Time Quarterbacks.

Fyrsta útgáfa Death Cab for Cutie, kassettan You Can Play These Songs with Chords, gekk betur en búist var við og í framhaldinu hóaði Gibbard í gítarleikarann Chris Walla, Nick Harmer bassaleikara og Nathan Good trommara, sem síðar hætti í bandinu, og ákvað að stofna alvöru hljómsveit.

Fyrsta stóra platan, Something About Airplanes, kom út árið 1998 og fékk góða dóma innan óháðu tónlistarsenunnar. Tveimur árum síðar kom út næsta plata, We Have the Facts and We're Voting Yes, og önnur fylgdi á eftir tveimur árum síðar, The Photo Album. Á þessum tíma var Death Cab for Cutie farin að vekja athygli fyrir melódískt og vel samið gítarpopp sitt með áhugaverðum textum Gibbards og eftir útgáfu Transatlanticism árið 2003 samdi sveitin við útgáfurisann Atlantic. Það kom ekki á óvart enda höfðu lög af Transatlanticism heyrst víða, þar á meðal í sjónvarpsþáttunum The O.C., Six Feet Under og CSI Miami, auk þess að hljóma í gamanmyndinni vinsælu Wedding Crashers.

Fyrsta platan undir merkjum Atlantic, Plans, kom út 2005 og var hún töluvert poppaðari en sú síðasta. Hún varð fyrsta plata Death Cab for Cutie til að ná platínusölu, eða einni milljón eintaka, og var tilnefnd til Grammy-verðlaunanna sem besta „alternative“-platan.



**DEATH CAB FOR CUTIE** Sjöunda hljóðversplata Death Cab for Cutie kemur út eftir helgi. NORDICPHOTOS/GETTY

Narrow Stairs fylgdi í kjölfarið árið 2008 og var fyrsta plata sveitarinnar til að ná efsta sæti Billboard-listans. Hún var vel heppnuð en eilítið myrkari en Plans, enda var Gibbard að ganga í gegnum erfiðleika í einkalífi sínu. Á nýju plötunni, Codes and Keys, er léttleikinn orðinn meiri, en bæði Gibbard og Walla hafa lýst því yfir að gítarinn hafi aldrei verið eins lítið áberandi og núna. Fyrsta smáskífulagið, hið grípandi You Are a Tourist, ber þó ekki vott um það. „Mér finnst vera heimilislegt yfirbragð á plötunni, líklega vegna breytinganna í lífi mínu,“ sagði Gibbard. „Ég flutti frá Seattle til Los Angeles og gekk í hjónaband. Ég hef enduruppgötvað hvaða þýðingu orðið heimili hefur fyrir mér.“

freyr@frettabladid.is

## LAGALISTINN

Vikuna 19. - 25. maí 2011

| | Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Adele | *Someone Like You* |
| ▲ | 2 | Bruno Mars | *Lazy Song* |
| ▲ | 3 | A Friend In London | *New Tomorrow* |
| ▼ | 4 | Vinir Sjonna | *Coming Home* |
| ▶ | 5 | Megas & Senuþjófarnir | *Lengi skal manninn reyna* |
| * | 6 | Ell & Nikki | *Running Scared* |
| ▶ | 7 | Valdimar | *Yfirgefinn* |
| ▼ | 8 | Bubbi Morthens | *Ísabella* |
| ▲ | 9 | Bubbi Morthens | *Blik augna þinna* |
| ▲ | 10 | Steindi JR & Ásgeir | *Djamm í kvöld* |

## TÓNLISTINN

Vikuna 19. - 25. maí 2011

| | Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Ýmsir | *Eurovision Song Contest 2011: Düsseldorf* |
| ▲ | 2 | Magnús og Jóhann | *Ástin og lífið 1971-2011* |
| ▲ | 3 | Andrea & Blúsmenn | *Rain On Me Rain* |
| ▼ | 4 | Víkingur Heiðar Ólafsson | *Bach / Chopin* |
| ▼ | 5 | Valdimar | *Undraland* |
| * | 6 | Jonas Kaufmann | *Romantic Arias* |
| * | 7 | Jonas Kaufmann | *Verismo Arias* |
| ▼ | 8 | Ýmsir | *Gleðibankinn: 25 ár í Eurovision* |
| ▲ | 9 | Adele | *21* |
| ▼ | 10 | Megas og Senuþjófarnir | *(Hugboð) um vandræði* |

**Skýringar:**

▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is.

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Havarí, Elkó, tonlist.is


ÚTILÍF
STEFNDU Á SIGUR
ALLAR NÝJUSTU FÓTBOLTAVÖRURNAR FRÁ NIKE, ADIDAS OG PUMA Í KRAKKASTÆRÐUM.
SUMARIÐ ER TÍMI ÚTIVISTAR OG HREYFINGAR. ÞÚ FÆRÐ ALLT FYRIR FÓTBOLTANN Í ÚTILÍF.
VERÐ FRÁ 2.990 KR.
LEGGHLÍFAR.
Vandaðar og sterkar fyrir alla fótboltakappa.
VERÐ 6.990 KR.
PUMA TAKKASKÓR V6.10 R HG.
Stærðir: 28 til 38,5
VERÐ 6.990 KR.
PUMA GERVIGRASSKÓR V6.10 TT.
Stærðir: 28 til 38,5
VERÐ 13.990 KR.
ADIDAS PREDATOR X AG.
Takkaskór, bæði fyrir gras og gervigras.
VERÐ FRÁ 2.490 KR.
FÓTBOLTAR.
Gott úrval af vönduðum og glæsilegum boltum.
TILBOÐ 11.990 KR.
NIKE MERCURIAL VICTORY FG JR.
Almennt verð: 14.990 kr.
TILBOÐ 12.990 KR.
ADIDAS PREDATOR X TF JR.
Almennt verð: 13.990 kr.
TILBOÐ 9.990 KR.
ADIDAS F10 TRX AG.
Takkaskór, bæði fyrir gras og gervigras.
Almennt verð: 11.990 kr.
NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS

**> LENNY Í BÍÓ**

Bandaríski tónlistarmaðurinn **Lenny Kravitz** hefur nælt í hlutverk í framtíðarkvikmyndinni The Hunger Games. Myndarinnar er beðið með talsverðri eftirvæntingu enda er hún byggð á þekktri bók Suzanne Collins.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Oliver Stone þekkir ekki Sheen

Bandaríski leikstjórinn Oliver Stone hefur hrósað Charlie Sheen fyrir leik sinn í stríðsmyndinni Platoon, en 25 ár eru liðin síðan þessi áhrifamikla Víetnam-mynd kom út. Þrátt fyrir það segist leikstjórinn ekki þekkja Sheen lengur enda hafi hegðun hans verið stórundarleg síðustu mánuði.

„Charlie var sautján ára og blautur á bak við eyrun þegar undirbúningurinn fyrir myndina hófst árið 1984. Á þessum tveimur árum sem liðu þangað til myndin var frumsýnd þroskaðist hann mikið og var orðinn víðsýnni manneskja. Mér fannst hann standa sig frábærlega. Hann var hárrétti maðurinn í hlutverkið og túlkaði vel þann hrylling sem þarna átti sér stað,“ sagði Stone.

Þrátt fyrir að þykja vænt um Sheen segist Stone ekki þekkja hann lengur. „Þetta er ekki sá Charlie sem ég þekkti þegar við gerðum Wall Street og Platoon. Þetta er annar persónuleiki. Hann hefur vaxið í svo margar áttir og hann hefur grætt svo mikinn pening. Ég hef ekki hugmynd um hvaða náungi þetta er.“

Næsta mynd Olivers Stone nefnist Savages og er væntanleg á næsta ári. Með aðalhlutverkin í þeirri glæpamynd fara Blake Lively og John Travolta. Á meðal annarra leikara verða Uma Thurman, Salma Hayek og Benicio Del Toro.



**25 ÁRA AFMÆLI** 25 ár eru liðin síðan stríðsmyndin áhrifamikla Platoon kom út.

# Berjast við vampírur

Spennumyndin Dylan Dog: Dead of Night með Anitu Briem í einu af aðalhlutverkunum var frumsýnd í Laugarásbíói í gær.

Myndin er byggð á samnefndri ítalskri teiknimyndasögu um einkaspæjarann Dylan Dog, sem hefur hæfileika til að kljást við vampírur, varúlfa og uppvakninga. Með aðstoð uppvakningsins Marcusar Adams (Sam Huntington) rannsakar hann grunsamlegt mál Elizabeth Ryan (Anita Briem). Í von um að leysa málið þurfa þau að berjast við óvætti næturinnar og virðist það engan endi ætla að taka. Myndin hefur fengið slaka dóma. Á síðunni Imdb.com fær hún 5,1 af 10 mögulegum og Hollywood Reporter segir að möguleg kvikmyndaröð um Dylan Dog sé andvana fædd.

Brandon Routh, sem lék Ofurmennið í hinni misheppnuðu Superman Returns, fer með hlutverk Dylan Dog. Hann sást síðast á hvíta tjaldinu í Scott Pilgrim vs. the World sem fékk fínar viðtökur. Síðasta mynd Anitu Briem kom út fyrir þremur árum, en það var Journey to the Centre of the World, þar sem Brendan Fraser var í aðalhlutverkinu. Önnur mynd frá Anitu er væntanleg á árinu, söngvamyndin You, Me & Circus.



**Í KRÖPPUM DANSI** Anita Briem í kröppum dansi í spennumyndinni Dylan Dog: Dead of Night.



**EINSTÖK ÞRENNING** Þeir Phil, Stu og Alan hafa einstakt lag á því að koma sér í vandræði skömmu fyrir brúðkaup. The Hangover 2 er engin undantekning á þeirri vondu reglu.

# Gullnáma timburmanna

**Fyrir tveimur árum lá heimurinn í krampakasti yfir óförum Phils, Stu og Alans og timburmönnunum þeirra í The Hangover. Nú eru þeir mættir aftur og áningarstaðurinn er Las Vegas austursins, Bangkok.**

The Hangover II verður frumsýnd um helgina. Myndin gerist að mestu leyti í Bangkok og segir frá svaðilförum þeirra Phils, Stu og Alans, sem hafa einstakt lag á því að koma sér í vandræði skömmu fyrir brúðkaup. Myndin hefur fengið misjafna dóma; sumum gagnrýnendum þykir hún ekki gefa fyrri myndinni neitt eftir á meðan aðrir velta því fyrir sér hvort það sé virkilega hægt að hlæja að sama brandaranum aftur. Hún fær því annaðhvort fullt hús eða ekkert.

Fáar gamanmyndir hafa slegið jafn rækilega í gegn og The Hangover, sem var frumsýnd 2009. Hún var vinsælasta myndin á Íslandi og höfundar Áramótaskaupsins það ár voru undir sterkum áhrifum af henni, eins og sást vel í upphafsatriðinu. Þetta æði er við fyrstu sýn eilítið skrítið: hugmyndin er í sjálfu sér ekkert frumleg, hópur stráka heldur til Las Vegas og lendir í tómum vandræðum sökum drykkjuskapar. Þetta hefur verið gert oftar en einu sinni. Myndin var hins vegar snilldarlega útfærð af leikstjóranum Todd Phillips; Mike Tyson, tígrisdýr og tuddaskapur Kínverja segja meira en mörg orð.

Algjört lykilatriði í velgengni myndarinnar var hins vegar aðalleikararnir þrír: Ed Helms, Zach Galifianakis og Bradley Cooper. Helms var sæmilega þekktur í Bandaríkjunum fyrir störf sín hjá Jon Stewart í The Daily Show og sem Andy Bernard í bandarísku útgáfunni af The Office. Zach Galifianakis var hálfgerð költpersóna í bandarísku gríni, hafði getið sér gott orð sem uppistandari en varla leikið í kvikmynd af viti. Og svo Bradley Cooper; maðurinn með útlit kvikmyndastjörnu, leikari sem hafði verið á barmi þess að slá í gegn, án þess að ná því takmarki fullkomlega. Þríeykið sem þeir mynduðu varð strax að hálfgerðu fyrirbæri og dýnamíkin sem batt þá saman var eftirtektarverð; það er ekki á hverjum degi sem kvikmynd snertir svona margar hláturtaugar.

Þessir þrír leikarar eiga það sameiginlegt að vera meðal eftirsóttustu leikara Hollywood eftir frumsýninguna The Hangover. Og vöknuðu því timburmannalausir. Cooper hefur smám saman verið að fikra sig inn í hasarhetjuhlutverkið í kvikmyndum eins og The A-Team og Limitless og mun væntanlega leika aðalhlutverkið í endurgerð The Crow. Þrátt fyrir erfiða gríska nafnið fékk Galifianakis aðalhlutverkið í gamanmyndinni Due Date á móti Robert Downey jr. og leikur, ef marka má síðustu fréttir, stórt hlutverk í nýjustu Prúðuleikaramyndinni. Og Ed Helms, sem eitt sinn lék ónafngreindar persónur í gamanmyndum, fær nú aðalhlutverkin í stórum og dýrum gamanmyndum og feitan launatékka inn um lúguna.

freyrgigja@frettabladid.is






# Nolan til bjargar Modine

Christopher Nolan er að safna liði fyrir þriðju mynd sína um Leðurblökumanninn. Meðal þeirra sem hafa bæst í hópinn eru sjónvarpsleikararnir Brett Cullen og Chris Ellis auk Tom Conti. Athyglisverðasta nafnið er hins vegar Matthew Modine.

Nafn Matthews Modine á níunda áratugnum var eins og nafn Roberts Pattinson er í dag. En eins og hjá svo mörgum leikurum þessa misskilda áratugar, lék tískan Modine grátt og hann hvarf af yfirborði jarðar eftir að hafa leikið aðalhlutverkið í misheppnaðri sjóræningjamynd eftir Renny Harlin. Síðan þá hefur hann nánast eingöngu fengið hlutverk í misgáfulegum sjónvarpsmyndum. Nolan virðist hins vegar enn hafa trú á leikarahæfileikum Modine sem er ekkert skrítið, þeir sem hafa séð Full Metal Jacket ættu ekkert að efast um að þeir séu til staðar.

Nolan virðist ætla að eyða öllu púðrinu í þessa síðustu mynd sína um Bruce Wayne og leyndarmál hans. Heill her af stórstjörnum er í leikarahópnum og af nýjum nöfnum má nefna Anne Hathaway í hlutverki kattarkonunnar, Tom Hardy, Marion Cotillard og Joseph Gordon-Levitt. Morgan Freeman, Michael Caine og Christian Bale verða auðvitað á sínum stað sem fyrr.



**SJALDSÉÐUR HVÍTUR HRAFN** Matthew Modine leikur í þriðju myndinni um Leðurblökumanninn.


FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

ÞAÐ ERU FLEIRI PARTÝ OG MEIRA FJÖR Á VÍSI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

vísir

Ford

*Nýtt tákn um gæði*

## Nýr Ford Focus

Kauptu bíl sem notar aðeins **3,7 lítra á hundraðið** frá Akureyri

*Verð frá 3.350.000 kr.*

Græn skref í Reykjavík – 90 mín. – Vistvænn bíll



*Vertu í hópi þeirra bestu.*
*Veldu Ford.*

**Gerðu samanburð**

# Kveiktu á sparneytni

## sjáðu nýja bíla frá Ford

Tíminn líður hratt. Hagkvæmir eiginleikar Ford mæta þörfum nútímans. Ford leggur í stæði sjálfur. Ford fær frítt í stæði. Ford verndar þig og þína. Ford passar budduna þína. Ford bílar létta þér lífið. Kveiktu á hagkvæmum eiginleikum Ford. Fáðu að vita meira um gegnheila og einlæga hönnun Ford.

**Opið í dag**
**Bíldshöfða 6**
**milli kl. 9 og 17**

*Komdu í Brimborg í dag*

Komdu í Brimborg í dag. Reynsluaktu nýjum Ford.





*Nýtt - spyrðu um framlengda verksmiðjuábyrgð í allt að 5 ár*

## Nýr Ford Kuga AWD

Kauptu bíl sem notar aðeins **5,1 lítra á hundraðið** til Ísafjarðar

*Verð frá 5.690.000 kr.*



## Nýr Ford Fiesta

Kauptu bíl sem notar aðeins **3,2 lítra á hundraðið** frá Selfossi

*Verð frá 2.350.000 kr.*

Græn skref í Reykjavík – 90 mín. – Vistvænn bíll

## Nýr Ford Mondeo

Kauptu bíl sem notar aðeins **3,9 lítra á hundraðið** til Hafnar

*Verð frá 4.340.000 kr.*

Græn skref í Reykjavík – 90 mín. – Vistvænn bíll

**visthæf skref**
með Brimborg

*Farðu á brimborg.is og þú ert kominn af stað*

**Komdu í Brimborg í dag milli kl. 9 og 17**

*Venjulegt íslenskt fjölskyldufyrirtæki í 47 ár*

**brimborg**
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | www.ford.is

Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð bílanna getur verið frábrugðin myndunum í auglýsingunni. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar.

# Fólk

folk@frettabladid.is



**2 MILLJÓNIR DOLLARA** kostaði trúlofunarhringurinn sem NBA-stjarnan Kris Humphries gaf unnustu sinni, Kim Kardashian. Kærustuparið hafði verið saman í sex mánuði áður en Humphries dró hring á fingur fyrirsætunnar og raunveruleikastjörnunnar.



**GENGUR Í ÞAÐ HEILAGA** Sofia Coppola ætlar að giftast rokkaranum Thomas Mars á Ítalíu í sumar. NORDICPHOTOS/GETTY

## Sumar-brúðkaup í vændum

**Leikstjórinn Sofia Coppola ætlar að ganga að eiga kærasta sinn og barnsföður, rokkarann Thomas Mars, á Suður-Ítalíu í sumar. Ætlunin er að halda rómantíska athöfn við sumarhús Coppola-fjölskyldunnar að viðstöddum nánustu fjölskyldumeðlimum.**

**Coppola og Mars eiga tvö börn saman en þetta verður í annað sinn sem leikstýran gengur upp að altarinu. Hún var gift kollega sínum, leikstjóranum Spike Jonze, á árunum 1999 til 2003.**

**Sofia Coppola er dóttir leikstjórans Francis Ford Coppola, en hún vann óskarsverðlaun fyrir myndina Lost in Translation árið 2004.**

# Stjörnurnar sáu svart á Billboard

**Þær voru ekki af verri endanum stjörnurnar sem prýddu rauða dregilinn á hinni árlegu Billboard-verðlaunahátíð sem fór fram í Las Vegas um liðna helgi. Justin Bieber var mættur í gulllituðum jakkafötum og tók á móti verðlaunum sem stafræni listamaður ársins og nýliði ársins. Beyoncé flutti nýjasta smell sinn „Run the World (Girls)“ og Rihanna kom fram með poppprinsessunni fyrrverandi, Britney Spears, sem virðist eitthvað vera að fikra sig aftur inn í bransann. Það var ekki mikil litadýrðin í kjólum gesta en Kylie Minogue, Britney Spears, Beyoncé og Nicole Kidman völdu allar svart þetta árið.**



**FLEGINN** Söngdívan Beyonce sló í gegn á Billboard en mætti í svörtum stuttum kjól með flegnu hálsmáli.



**STUTTUR** Söngkonan Fergie úr Black Eyed Peas var í kjól með framúrstefnulegu sniði.



**ÚTKLIPPT** Selena Gomez, bandarísk barnastjarna, sem er hvað frægust fyrir að vera meint kærasta unglingagoðsins Justin Bieber, mætti í flottum svörtum síðkjól og rauðum skóm.



**GEGNSÆR** Ástralski söngfuglinn Kylie Minogue tók sig einstaklega vel út í þessum svarta kjól og svörtum hælaskóm. NORDICPHOTO/GETTY

**SÍÐUR** Leikkonan Nicole Kidman var glæsileg í þessum síða gegnsæja kjól.

**ENDURKOMA** Poppprinsessan Britney Spears dönnuð í svörtum kjól með rykkingum.


**MYNDLISTASKÓLINN Á AKUREYRI** auglýsir inntöku nýrra nemenda fyrir skólaárið 2011 - 2012

**MYNDLIST - HÖNNUN - ARKÍTEKTÚR**
FORNÁM - Alhliða undirbúningur fyrir nám í hönnun og listum á æðra skólastigi

**GRAFÍSK HÖNNUN**
LISTHÖNNUNARDEILD veitir starfsmenntun í grafískri hönnun

**FRJÁLS MYNDLIST**
FAGURLISTADEILD veitir starfsmenntun í frjálsri myndlist

Skóli með sterkan prófíl

**Umsókn um skólavist þarf að berast skólanum fyrir 3. júní nk.**
**Nánari upplýsingar í síma: 462 4958**

Myndlistaskólinn á Akureyri - Kaupvangsstræti 16 - Pósthólf 39 - 602 Akureyri - http://www.myndak.is/ - info@myndak.is

# Í The Biggest Loser

Tennisstjarnan og fyrirsætan Anna Kournikova ætlar að koma sér aftur í sviðsljósið en hún hefur tekið að sér að vera þjálfari í raunveruleikaþáttunum The Biggest Loser.

Kournikova á eflaust eftir að lokka til sín áhorfendur enda hefur hún verið efst á ýmsum listum yfir kynþokkafyllstu konur heims undanfarin ár. Tennisstjarnan tekur þar við af þjálfaranum Jillian Michaels, en þættirnir ganga út á að fylgst er með hópi fólks takast á við offitu í samstarfi við þrautreyndra þjálfara og næringarfræðinga.



**TENNISSTJARNA Í SJÓNVARPIÐ** Hin rússneska Anna Kournikova ætlar að hjápa þátttakendum í The Biggest Loser að losna við aukakílóin. NORDICPHOTOS/GETTY

# Þýsk hljómsveit með tónleika

Þýska hljómsveitin Die Ukrainiens heldur tvenna tónleika um helgina. Þeir fyrri verða á Faktorý á föstudagskvöld og þeir seinni verða á Vertinum á Hvammstanga á laugardagskvöld. Die Ukrainiens er frá Dresden í Þýskalandi og hefur tónlist hennar verið lýst sem blöndu af Rússadiskói og Balkantónlist.

Lög sveitarinnar eru ýmist þekkt þjóð- og popplög frá Rússlandi, Úkraínu og öðrum Austur-Evrópulöndum eða frumsamin lög. Tónleikar Die Ukrainiens þykja kraftmiklir og dansvænir og minna um margt á austur-evrópsk brúðkaup og/eða jarðarfarir.




**TVENNIR TÓNLEIKAR** Þýska hljómsveitin Die Ukrainiens spilar á Íslandi um helgina.



**SIGURÐUR GUÐMUNDSSON**

# Hjálmar án rafmagns

Órafmögnuð tónleikaröð hefst í Hvítu perlunni í kvöld þar sem vefsíðan Gogoyoko fær uppáhaldshljómsveitirnar sínar til að setja bestu lög sín í nýjan búning. Tónleikarnir verða festir á filmu og gefnir út á mynddiski fyrir næstu jól. Hljómsveitin Hjálmar, sem gefur út nýja plötu í haust, ríður á vaðið og spilar lögin sín órafmögnuð. Aðeins eitt hundrað miðar verða í boði á tónleikana og fer miðasala fram í versluninni 12 Tónum.



**BROSMILDUR AFI** Jack Nicholson eignaðist sitt fyrsta danska barnabarn rétt eftir 74 ára afmælið. NORDICPHOTOS/GETTY

# Fékk danskt barnabarn

**Leikarinn Jack Nicholson brosir breitt þessa dagana en dóttir hans, hin danska Honey Hollman, eignaðist son á dögunum og gerði því hinn 74 ára gamla leikara að afa.**

**Nicholson er þekktur fyrir kvensemi sína en hann á fjögur börn með þremur konum og er Holly afrakstur sambands Nicholson við dönsku fyrirsætuna Winnie Hollman árið 1981. Feðginin eru náin og hefur Honey verið með annan fótinn hjá pabba sínum í Hollywood síðan hún var lítil.**






midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| DYLAN DOG: DEAD OF NIGHT | 8 og 10.10 |
| PAUL | 5.50, 8 og 10.10 |
| GNÓMÍÓ OG JÚLÍA 3D - ISL TAL | 5 |
| GNÓMÍÓ OG JÚLÍA 2D - ISL TAL | 5 |
| FAST & FURIOUS 5 | 7 og 10 |

tryggðu þér miða á SAMbio.is







Jack Sparrow er mættur í stærstu mynd sumarsins! Stórkostleg þrívíddarævintýramynd með Johnny Depp, Penélope Cruz, Ian McShane og Geoffry Rush. Sýnd í Disney Digital 3D í völdum kvikmyndahúsum

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| THE HANGOVER 2 Forsýnd | kl. 8 - 11 | 12 |
| THE HANGOVER 2 Forsýnd | kl. 11 | 12 |
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 3D | kl. 5 - 8 - 10:20 | 10 |
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 2D | kl.9:20 (2D) | 10 |
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 | kl. 5 - 8 | VIP |
| DÝRA FJÖR M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| FAST FIVE | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| SOMETHING BORROWED | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 | kl. 6 - 9 | 10 |
| ANIMALS UNITED ísl tal | kl. 6 | L |
| DRIVE ANGRY | kl. 8 - 10:20 | 16 |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 | kl. 8 - 10:50 | 10 |
| FAST FIVE | kl. 8 | 12 |
| PRIEST | kl. 10:50 | 16 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 3D | kl. 5 - 8 - 10 - 11 | 10 |
| DÝRAFJÖR (ANIMALS UTD) M/ ísl. Tali | kl. 5:30 | L |
| DRIVE ANGRY 3D TEXTALAUS | kl. 10.30 | 16 |
| THOR 3D | kl. 8 - 10 30 | 12 |
| SOMETHING BORROWED | kl. 5.30 | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| THE HANGOVER 2 Forsýnd | kl. 8 | 12 |
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 | kl. 6 - 9 - 10:20 | 10 |
| FAST FIVE | kl. 5:30 - 10:20 | 12 |
| THE LINCOLN LAWYER | kl. 8 | 12 |

tryggðu þér miða á SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI!




| SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| PIRATES 4 3D | KL. 4 - 5 - 8 - 10 - 11 | 10 |
| PIRATES 4 3D Í LÚXUS | KL. 5 - 8 - 11 | 10 |
| PRIEST 3D | KL. 6 - 8 - 10.30 | 16 |
| GNÓMEÓ OG JÚLÍA 3D | KL. 4 - 6 | L |
| FAST FIVE | KL. 8 - 10.40 | 12 |
| THOR 3D | KL. 8 | 12 |
| RIO 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.40 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | 5% |
|---|---|---|
| DYLAN DOG | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| WATER FOR ELEPHANTS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| GNÓMEÓ OG JÚLÍA 3D | KL. 6 | L |
| HÆVNEN | KL. 5.40 - 8 | 12 |
| HANNA | KL. 10.20 | 16 |
| PRIEST 3D | KL. 8 - 10 | 16 |

| BORGARBÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| DYLAN DOG | KL. 8 - 10 | 14 |
| PAUL | KL. 8 - 10 | 12 |
| FAST FIVE | KL. 5.40 | 12 |
| GNÓMEÓ & JÚLÍA 3D | KL. 5.40 | L |

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG MIÐASALA Á midi.is
facebook/smarabio • facebook/haskolabio
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ GILDA EKKI Í BORGARBÍÓI


# Skiptir um föt inni á baði

**Það getur tekið á að vera eina stelpan í hópi sex stráka en Þorbjörg Roach Gunnarsdóttir, meðlimur hljómsveitarinnar Retro Stefson, ber sig vel eftir tæplega tveggja mánaða búsetu í Berlín.**



**SKEMMTA EVRÓPUBÚUM** Meðlimir Retro Stefson búa saman í lítilli íbúð í góðu hverfi í Berlín en húsreglurnar eru tvær: hver og einn vaskar upp eftir sig og það er bannað að vera of lengi á klósettinu.

„Sambúðin gengur vel en það getur tekið á að vera eina stelpan. Ég hlakka til að koma heim í smá frí,“ segir Þorbjörg Roach Gunnarsdóttir, einn af meðlimum stuðhljómsveitarinnar Retro Stefson, sem hafa undanfarna mánuði verið búsettir í Berlín til að koma tónlist sinni á framfæri á meginlandi Evrópu.

„Það er ekki langt síðan við fengum alvöru æfingahúsnæði og við höfum því verið iðin við að æfa okkur þessa vikuna,“ segir Þorbjörg, en tónum Retro Stefson hefur verið vel tekið í Þýskalandi. „Þjóðverjar eru skemmtilegir tónleikagestir og duglegir að dansa. Okkur hefur líka þótt gaman hvað það er breiður aldurshópur sem mætir að hlusta á okkur,“ segir Þorbjörg og bætir við að tónleikagestir komi alla jafna til þeirra eftir tónleikana til að hrósa þeim fyrir frammistöðuna.

## Húsreglur og mútur

Sveitin býr saman í lítilli íbúð í útjaðri Berlínar þar sem Þorbjörg deilir herbergi með Unnsteini, Þórði og Gylfa. Húsreglurnar eru einfaldar, hver og einn vaskar upp eftir sig og það er bannað að vera of lengi á klósettinu, en það fer helst í taugarnar á Þorbjörgu að vera ekki með sérherbergi. „Ég þarf alltaf að fara inn á bað til að skipta um föt, það er pínu þreytandi,“ segir Þorbjörg en í bakgrunninum má heyra hlátrasköll frá hinum meðlimum Retro Stefson. „Unnsteinn er að reyna að múta mér með 25 evrum til að segja að sambúðin við hann sé best. Þeir eru allir ágætir en Haraldur, Þórður og Ingvar sjá eiginlega alfarið um matseldina enda góðir kokkar, annað en ég. Svo skiptum við á milli okkar þrifunum.“

Sveitin er að leita að nýrri íbúð í Berlín en það er ekki auðvelt fyrir sjö tvítuga krakka í hljómsveit að finna íbúð við hæfi. „Stefnan er að fá aðeins stærri íbúð í sumar og þar geng ég fyrir að fá sérherbergi. Held að það sé óskrifuð regla hjá okkur,“ hlær Þorbjörg.

## Góðir dómar

Platan Kimbabwe hefur fengið frábæra dóma í þýsku tónlistarpressunni, þar sem krökkunum er hrósað fyrir frumleika og hressa popptónlist. Vefsíðan roteraupe.de lýsir plötunni sem „diskómetalafrópoppi í íslenskri lopapeysu“. Aðrar vefsíður hafa ekki sparað stjörnurnar, en Kimbabwe hefur fengið fjórar og jafnvel fjóra og hálfa stjörnu af fimm mögulegum á þýsku tónlistarsíðunum intro.de og laut.de.

Þrátt fyrir að sveitin ætli sér að þeysast á milli tónlistarhátíða í Evrópu í sumar fá Íslendingar tækifæri til að berja sveitina augum 1. júní næstkomandi, en þá heldur Retro Stefson tónleika á skemmtistaðnum Nasa.

„Ég er mjög spennt að koma heim og hitta fjölskylduna mína og vini. Maður er farinn að sakna ótrúlegustu hluta frá Íslandi. Ég get til dæmis ekki beðið eftir að fá mér saltstangir með Vogaídýfu og fara í sund,“ segir Þorbjörg.

alfrun@frettabladid.is

# Gusgus spilar á Bestu hátíðinni

Hljómsveitin Gusgus og fjöldi annarra þekktra flytjenda hafa staðfest komu sína á Bestu útihátíðina sem verður haldin á Gaddstaðaflötum við Hellu helgina 8. til 10. júlí.

Gusgus gaf nýverið út sjöttu plötu sína, Arabian Horse, og sveitin er þekkt fyrir að spara hvergi til þegar kemur að sviðsframkomu. Sveitin spilar á laugardagskvöldinu, sama kvöld og hljómsveitin Quarashi rís upp frá dauðum.

Aðrir sem stíga á svið eru Skítamórall, sem er að koma saman eftir nokkurt hlé, Ingó & Veðurguðirnir, XXX Rottweiler, SSSól, Friðrik Dór, Í svörtum fötum, Jón Jónsson, Auddi & Sveppi, Kristmundur Axel, Dynamic, Dj Áki Pain og Steindi Jr. sem flytur tónlistina úr þáttum sínum með aðstoð Ásgeirs Orra Ásgeirsson úr upptökuteyminu Stop Wait Go.

Miðasalan hefst 1. júní í verslunum Símans um allt land og kostar miðinn 7.900 krónur í forsölu en 9.500 kr. við hlið.



**GUSGUS** Daníel Ágúst (t.h.) og Biggi Veira úr Gusgus verða á Bestu útihátíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


LYFJA
– Lífið heil
www.lyfja.is




+15% afsláttur í mai
á öllum stærðum af Nicotinell IceMint
Dæmi: 2 mg, 204 stk.
með afslætti 5.516 kr.

Lægra verð í Lyfju

BÍÓ PARADÍS BAR & CAFÉ

| | |
|---|---|
| HUR MÅNGA LINGON FINNS DET I VÄRLDEN? | 18:00, 20:00, 22:20 |
| ÞÖGLAR MYNDIR: PHANTOM OF THE OPERA | 20:00 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | 18:00, 20:00 |
| ROUTE IRISH | 22:20 |
| BOY | 18:00, 22:00 |
| DJÖFLAEYJAN (ENGLISH SUBTITLES) | 18:00 |
| ASTRÓPÍA (ENGLISH SUBTITLES) | 20:00 |
| HEIMA A FILM BY SIGUR RÓS (ENGLISH SUBTITLES) | 22:00 |




BARA GÓÐAR MYNDIR www.bioparadis.is
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS




**STUNDUM ER HÁRIÐ ÓSTÝRLÁTT OG ERFITT. ÁSTÆÐAN FYRIR ÞVÍ ER YFIRLEITT SÚ AÐ HÁRIÐ HEFUR SKADDAST Á EINHVERN HÁTT.**

NÝTT **DOVE INTENSE REPAIR SJAMPÓ OG HÁRNÆRING MEÐ FIBER ACTIVE TECHNOLOGY** SMÝGUR DJÚPT Í HÁRIN OG BYGGIR ÞAU UPP INNAN FRÁ ÞANNIG AÐ HÁRIÐ LIFNAR VIÐ AÐ NÝJU.




Dove repair therapy

**DOVE INTENSE REPAIR ER SÉRFRÆÐIMEÐFERÐ FYRIR MEÐHÖNDLAÐ HÁR.**

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# sport

sport@frettabladid.is



**EYJÓLFUR HÉÐINSSON** skoraði síðara mark SönderjyskE sem vann 2-1 sigur á Álaborg í dönsku úrvalsdeildinni í gær. Eyjólfur spilaði allan leikinn, rétt eins og Ólafur Ingi Skúlason, liðsfélagi hans. SönderjyskE er í sjötta sæti deildarinnar fyrir lokaumferð deildarinnar um helgina.

## ÚRSLIT

*Valitor-bikarkeppni karla*

**32-LIÐA ÚRSLIT**

**Valur - Víkingur Ó. 2-1**
1-0 Jón Vilhelm Ákason (12.), 1-1 Brynjar Kristmundsson (43.), 2-1 Haukur Páll Sigurðsson (115.).
*Framlengt, staðan eftir venjulegan leiktíma var 1-1.*

**Stjarnan - KR 0-3**
0-1 Viktor Bjarki Arnarsson (45.), 0-2 Dofri Snorrason (65.), 0-3 Viktor Bjarki Arnarsson (71.),

**Berserkir - Fram 1-3**
Kristján Andrésson – Guðmundur Magnússon 2, Tómas Leifsson.

**ÍR - Þróttur R. 1-2**
Karl Brynjar Björnsson – Sveinbjörn Jónasson 2.
*Framlengt, staðan eftir venjulegan leiktíma var 1-1.*

**Fjölnir - Selfoss 1-0**
Viðar Guðjónsson

**KA - Grindavík 1-2**
0-1 Michal Pospisil (13.), 0-2 Michal Pospisil (62.), 1-2 Hallgrímur Mar Steingrímsson (76.).

**Haukar - KF 2-0**
Grétar Atli Grétarsson, Hilmar Emilsson.

**Njarðvík - HK 0-1**
Orri Sigurður Ómarsson.

**BÍ/Bolungarvík - Reynir S. 5-1**
Kevin Brown 2, Birkir Sverriss., Jónmundur Grétarsson, Colin Marshall – Þorsteinn Þorsteinsson.

**Kjalnesingar - ÍBV 0-3**
Þórarinn Ingi Valdimarsson, Yngvi Borgþórsson (víti), Ian Jeffs.

*Upplýsingar að hluta frá Fótbolta.net.*

**LEIKIR KVÖLDSINS**

| | |
|---|---|
| **Höttur - Keflavík** | **Fellavöllur, kl. 17.30** |
| Breiðablik - Völsungur | Kópavogsv., kl. 19.15 |
| **KV - Víkingur** | **KR-völlur, kl. 19.15** |
| Þór - Leiknir F. | Boginn, kl. 19.15 |
| **FH - Fylkir** | **Kaplakrikavöllur, kl. 20.00** |

*Hamar er einnig komið áfram í 16-liða úrslitin en dregið verður á morgun.*

# KR númeri of stórt fyrir Stjörnuna

**KR er komið í sextán liða úrslit Valitor-bikarsins eftir öruggan 0-3 sigur á Stjörnunni í Garðabæ. Viktor Bjarki heldur áfram að fara á kostum með KR en Stjörnumenn söknuðu lykilmanna í leiknum í gær.**

**FÓTBOLTI** KR-ingum hefur gengið illa að landa sigrum á „teppinu“ í Garðabæ en þeir voru öflugir þar í gær og unnu sanngjarnan sigur.

Þessi lið mættust um síðustu helgi á sama stað og þá fóru leikar 1-1. Bæði lið hafa verið að spila skemmtilegan fótbolta í sumar og því var búist við fjörugum leik. Það reyndist líka vera raunin því fyrri hálfleikur var bráðfjörugur. KR-ingar óðu hreinlega í færum í hálfleiknum en virtist fyrirmunað að skora.

Það var ekki fyrr en á lokamínútu hálfleiksins sem Viktor Bjarki náði að stanga inn sendingu Óskars Arnar. Stjarnan átti sín færi en oftar en ekki vantaði herslumuninn á sóknarlotur þeirra. Umdeilt atvik átti sér stað eftir um 22 mínútna leik er Daníel Laxdal slapp í gegn. Baldur Sigurðsson hékk í honum og kom honum úr jafnvægi. Ekkert var dæmt en hefði verið dæmt hefði Baldur fokið af velli.

„Ég sá þetta mjög vel. Baldur kemur oft við axlirnar á honum og Daníel er klárlega ekki í jafnvægi er hann tekur skotið. Þarna átti að vera aukaspyrna og rautt spjald. Það hefði kannski breytt leiknum,“ sagði Bjarni Jóhannsson, þjálfari Stjörnunnar.

Þrátt fyrir þetta umdeilda atvik var KR alltaf sterkari aðilinn á öllum svæðum vallarins og hefði að ósekju átt að skora meira. Tvö mörk komu í síðari hálfleik hjá KR-ingum á meðan Stjörnumenn voru óvenju orkulitlir og ekki líkir sjálfum sér. Auðvitað vantaði sterka menn í þeirra lið og það augljóslega háði liðinu mikið sem segir að breiddin sé ekkert allt of mikil hjá Stjörnunni.



**SIGRINUM FAGNAÐ** Bjarni Guðjónsson, fyrirliði KR, leiðir sína menn í fögnuðinum á Stjörnuvelli í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Hjá KR var Viktor Bjarki magnaður en hann leikur við hvurn sinn fingur þessa dagana. Dofri var afar sprækur í bakverðinum, varnarlínan afar sterk og miðjan í toppformi með Bjarna öflugan. Guðjón var síðan síógnandi frammi þó svo að honum hafi verið mislagðir fætur fyrir framan markið.

„Þetta var auðvelt þegar leið á leikinn. Það var hætta í byrjun enda þeir sterkir í föstum leikatriðum. Fyrsta markið braut ísinn hjá okkur og þegar við komumst í 2-0 var þetta aldrei spurning,“ sagði Rúnar Kristinsson, þjálfari KR, en sigurinn var kærkominn.

„Vonandi erum við að snúa genginu á teppinu okkur í hag en það er erfitt að spila hérna. Það var ekkert verra að spila hér um daginn og koma svo strax aftur.“

Bjarni hefði viljað sjá sína menn grimmari og viðurkenndi að liðið hefði saknað lykilmanna illilega.

„Eftir að við fengum á okkur fyrsta markið var á brattann að sækja. Það munaði um máttarstólpana okkar og svo missum við Jesper út af þar sem hann stífnar upp. Það vantaði samt græðgi í okkur í teignum. Þegar við nýttum það ekki slokknaði smám sama á okkur.“ **henry@frettabladid.is**








**HETJAN** Haukur Páll Sigurðsson tryggði Val sæti í 16-liða úrslitunum með marki í lok framlengingarinnar gegn Víkingi frá Ólafsvík í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Valur í basli en Grindavík vann KA á Akureyri:

# Fátt um óvænt úrslit

**FÓTBOLTI** Lítið var um óvænt úrslit í þeim leikjum sem fóru fram í 32-liða úrslitum Valitor-bikarkeppninnar í gær. Af úrvalsdeildarfélögunum lentu Valsmenn í mesta baslinu en þeir þurftu framlengingu til að bera sigur úr býtum gegn 1. deildarliði Víkings frá Ólafsvík.

Staðan var 1-1 að jöfnum venjulegum leiktíma en Haukur Páll Sigurðsson tryggði Val svo sigur þegar fimm mínútur voru til loka framlengingarinnar.

32-liða úrslitunum lýkur í kvöld með fimm leikjum en úrslit gærkvöldsins má sjá ofar á síðunni.

Grindvíkingar gerðu góða ferð norður til Akureyrar þar sem liðið vann 2-1 sigur á KA. Þeir geta þó sjálfum sér um kennt fyrir að gera leikinn spennandi. Michal Pospisil skoraði bæði mörk gestanna í Boganum á Akureyri en Hallgrímur Mar Steingrímsson minnkaði muninn. Grindvíkingar fengu urmul færa til að klára leikinn en KA barðist allt til loka, án þess að ná að jafna.

„Við skutum sjálfa okkur í fótinn með því að gefa þeim mark og ákveðna spennu undir lokin. Við fengum fullt af færum, dauðafæri, og áttum að klára þetta miklu fyrr. Við vorum sjálfum okkur verstir en þetta var bæting frá síðustu leikjum. Bikarinn snýst bara um eitt og það er að vinna,“ sagði Ólafur Örn Bjarnason, spilandi þjálfari Grindavíkur.

Haukur Heiðar Hauksson, fyrirliði KA, var ekki upplitsdjarfur í leikslok. „Þeir voru sterkir í byrjun og við vorum lengi að vakna. Þeir voru hættulegir en við hefðum líka getað skorað. Mér hefði fundist sanngjarnt hefðum við komist í framlengingu en líklega vantaði ákveðið bit í sóknina,“ sagði fyrirliðinn. **- esá, - hþh**

Nýjung á Íslandi

# Helgargolfnámskeið

## á golfvellinum við Geysi í Haukadal

Frá föstudegi til laugardags, 3.-4. júní

# LOKSINS ÖÐRUVÍSI GOLFNÁMSKEIÐ!

**Fyrir hjón, vini, félaga, óvini, golfhópa...**

### Námskeiðstilhögun

**Föstudagur 3. júní**

18:00 Kynningarkvöld
Kvöldmatur
Fyrirlestrar um golf
Er þetta bolti eða kúla?
Skýt ég eða slæ?

*Skipt í hópa*

**Laugardagur 4. júní**

09:00 Upphitun á æfingasvæði
10:00 Golfleikni – vellinum skipt upp í eitt stórt æfingasvæði – 3 x 30 mín æfingar

12:00 Hádegismatur

13:30 Golfleikur – haltur leiðir blindan
Leiknar 18 holur – leikmenn aðstoða hver annan við að ná sínum besta árangri

19:00 Kvöldmatur og námskeiðslok

Námskeið þar sem meðal annars er lögð áhersla á atriðin sem þér er aldrei sagt frá í golfkennslu á mottunni t.d.
- Er þetta golfbolti eða golfkúla?
- Listin við að tapa bara einu höggi!
- Hvernig á að fylla út skorkort
- Handbolti á golfvellinum!
- Hvað á og hvað má vera í golfpokanum

### PAKKI 1

- Golf og golfkennsla
- Kvöldmatur föstudag
- Hádegismatur og kvöldmatur laugardag

**Verð kr. 19.900 á mann**

### PAKKI 2

- Golf og golfkennsla
- Kvöldmatur föstudag
- Gisting m.v. 2 í herbergi
- Morgun-, hádegis- og kvöldmatur laugardag

**Verð kr. 24.900 á mann**

Auka gistinótt með morgunverði og golfi fyrir 2 - kr. 15.500 (herbergið).

### AÐ AUKI!

Dagsnámskeið fyrir vina- og fyrirtækjahópa
Verð frá kr. 10.900 pr. mann.
Golfnámskeið, matur, gisting og ótakmarkað golf.

### Nánari upplýsingar

www.geysirgolf.is
info@geysirgolf.is
Sími: 893 8733 Ágústa

**Bakhjarl námskeiðsins:**

ICELANDAIR Golfers

# ÉG SET PRESSU Á SJÁLFAN MIG

**Blikinn Kristinn Steindórsson er besti leikmaður 5. umferðarinnar hjá Fréttablaðinu og ef framhald verður á frammistöðu hans á móti Fylki þurfa Blikar ekki að gráta lengur brotthvarfs Alfreðs Finnbogasonar.**

**FÓTBOLTI** Kristinn Steindórsson skoraði þrennu í 3-1 sigri Breiðabliks á Fylki í 5. umferð Pepsi-deild karla og er besti leikmaður umferðarinnar að mati Fréttablaðsins. Leik Þórs og FH var frestað fram í júní og er hann að sjálfsögðu ekki með í samantekt Fréttablaðsins.

„Þetta byrjaði ekki alveg eins og við ætluðum okkur en það hefur verið stígandi í síðustu leikjum og það var mjög gott að ná þessum sigri á Fylki. Við erum farnir að gera það sem við erum þekktir fyrir og það er allt farið að ganga miklu betur,“ sagði Kristinn Steindórsson en Blikar töpuðu fyrstu tveimur leikjum sínum en hafa síðan tekið 7 stig af 9 mögulegum.

Kristinn er orðinn markahæsti leikmaður deildarinnar með fimm mörk í fimm leikjum en hann skoraði tólf mörk við hlið Alfreðs Finnbogasonar í fyrra.

„Það er kannski fullmikið búið að tala um Alfreð. Hann er farinn og mun ekki koma aftur á næstunni. Þegar það fer góður leikmaður eins og Alfreð þá þurfa aðrir að taka ábyrgð og ég set pressu á sjálfan mig að standa mig vel,“ segir Kristinn.

Kristinn fagnar komu Dylans Macallister í lið Breiðabliks. „Hann lofar góðu, er stór og sterkur og dregur mikið til sín. Það skapast pláss fyrir okkur hina fyrir aftan sem við getum nýtt okkur,“ segir Kristinn sem nýtti sér það strax í fyrsta leik við hlið Ástralans. „Það er gott að spila upp á hann, hann heldur boltanum vel og getur spilað honum vel frá sér á menn sem eru að koma á ferðinni,“ segir Kristinn.



BYRJAR BETUR EN Í FYRRA Kristinn Steindórsson hefur skorað tveimur mörkum meira í fyrstu fimm umferðunum í ár en hann gerði í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kristinn er kominn með fimm mörk og eina stoðsendingu í fyrstu fimm leikjunum en hann var með tólf mörk og sex stoðsendingar á öllu síðasta tímabili. „Maður reynir alltaf að gera betur og ég ætla ekki að stefna á neitt minna,“ segir Kristinn aðspurður um markmið sín í sumar.

Kristinn segir allt tal um titilvörn ekki trufla Blikana. „Það tekur enginn titilinn frá okkur sem við unnum 2010 og við ætlum bara að reyna að sækja nýjan. Ég held að það skipti ekki neinu máli hvort við erum meistarar eða ekki því við viljum vinna alla leiki,“ segir Kristinn.

Hann er ánægður með mörkin sín en verður aldrei sáttur við leikinn nema stigin komi líka í hús. „Það skiptir engu máli ef maður er að skora ef liðinu gengur illa. Þetta snýst um það að liðið vinni og ef maður skorar líka þá er það góður bónus,“ segir Kristinn.

### Svipuð staða og í fyrra

**Blikar** fengu einu stigi meira í fyrstu umferðunum í fyrra og Kristinn Steindórsson er búinn að skora fleiri mörk og koma að fleiri mörkum en Alfreð Finnbogason á sama tíma í fyrra.

**Blikar eftir fimmtu umferð 2010:**
**Staða** 8 stig (3. sæti)
**Markatala** 7-4
**Mörkin (Stoðsendingar):** Kristinn Steindórsson 3 (1), Alfreð Finnbogason 2 (3), Guðmundur Pétursson 1, Haukur Baldvinsson 1 (1)

**Blikar eftir fimmtu umferð 2011:**
**Staða** 7 stig (6. sæti)
**Markatala** 9-10
**Mörkin (Stoðs.):** Kristinn Steindórsson 5 (1), Guðmundur Kristjánsson 2 (2), Haukur Baldvinsson 1, Arnór Sveinn Aðalsteinsson 1.

Kristinn lagði upp mark fyrir Guðmund Kristjánsson í 1-1 jafntefli í Eyjum og Guðmundur þakkaði fyrir með því að leggja upp tvö marka Kristins á móti Fylki. „Hann var eitthvað að skjóta á mig þegar hann skoraði í Eyjum að hann væri búinn að jafna mig og ég þurfti að fara að passa mig. Það er bara fínt að hafa smá pressu innan hópsins líka. Við erum að vinna saman, náum vel saman og vonandi heldur það áfram,“ segir Kristinn og hann er sáttur við fyrstu þrennuna sína.

„Þetta var ansi gott dagsverk en það dugar ekki mikið lengur því það er bara næsti leikur og maður fær ekkert að lifa á þessu þar,“ sagði Kristinn að lokum.

ooj@frettabladid.is



KÁRI KRISTJÁN Er í samningaviðræðum við Wetzlar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kári Kristján veiktist illa:

## Fékk slæma sýkingu í kirtla

**HANDBOLTI Línumaðurinn Kári Kristján Kristjánsson er að stíga upp úr mjög alvarlegum veikindum og mun taka þátt í sínum fyrsta leik af fullum krafti um helgina. Kári fékk sýkingu í kirtlana sem leiddi síðan út í blóðið og fór þaðan í lungun.**

**„Það fór allt í fokk ef ég á að segja eins og er. Þetta var alvarlegt mál og ég var alveg frá í tuttugu daga. Ég er sem betur fer kominn á rétt ról á nýjan leik,“ sagði Eyjamaðurinn harði við Fréttablaðið í gær.**

**Kári Kristján hefur staðið sig afar vel með þýska úrvalsdeildarfélaginu Wetzlar, sem leggur mikinn metnað í að framlengja samninginn við Kára sem rennur út eftir ár.**

**„Þeir vilja semja til ársins 2014 og ég er svona að velta málunum fyrir mér. Hvort ég taki öryggið og semji upp á nýtt eða taki áhættuna og sjái hvað býðst næsta sumar. Svo skiptir náttúrlega máli hvað Wetzlar er til í að bjóða mér núna.“ - hbg**

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN




ÍÞRÓTTIR Á ÞÍNUM HEIMAVELLI

Má bjóða ykkur meiri Vísi?

Meira úrval afþreyingar, frétta og myndskeiða í topp-upplausn með greiðara og einfaldara aðgengi fyrir allar tölvur og farsíma. Horfðu, hlustaðu og fylgstu með öllu því sem gerist, hvar og hvenær sem er á Vísi.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir. vísir



VANN ALLT SEM VAR Í BOÐI Björgvin Páll Gústavsson vann alla þá titla sem hægt var að vinna í svissneskum handknattleik og það tvö ár í röð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Björgvin Páll Gústavsson meistari með Kadetten:

## Kvaddi Sviss með viðeigandi hætti

**HANDBOLTI** Björgvin Páll Gústavsson varð í gær svissneskur meistari með Kadetten Schaffhausen, annað árið í röð. Reyndar unnu Björgvin og félagar alla titlana sem í boði voru í vetur, rétt eins og í fyrra.

„Það kom ekkert annað til greina en að klára þetta með stæl,“ sagði Björgvin við Fréttablaðið en Kadetten vann í gær öruggan sigur á Pfadi Winterthur, 38-25, í þriðja úrslitaleik liðanna um titilinn. Kadetten vann því rimmuna örugglega, 3-0.

Björgvin stóð sig frábærlega í öllum þremur leikjunum og ekki síst í gær þegar hann varði 21 skot, þar af bæði vítaskotin sem andstæðingarnir fengu í gær.

„Þetta er mjög viðeigandi og gott að geta kvatt liðið með þessum hætti,“ segir Björgvin en hann gengur nú í sumar til liðs við þýska stórliðið Magdeburg eftir tveggja ára dvöl í Sviss.

„Við héldum dampinum frá því í fyrra þar sem við unnum einnig allt sem var í boði auk þess sem við komust í úrslitaleik Evrópukeppni bikarhafa. Í ár sýndum við svo að við erum með sterkustu liðum Evrópu þegar við vorum nálægt því að slá Montpellier út í 16-liða úrslitum Meistaradeildarinnar.“

Björgvin segir að hann hafi náð öllum þeim markmiðum sem hann setti sér áður en hann flutti til Sviss.

„Ég ætlaði að fá að spila mikið og öðlast reynslu í Evrópukeppnum. Ég hef sýnt meiri stöðugleika sem var eitthvað sem ég þurfti og tel að ég sé tilbúinn fyrir næsta skref, sem er að spila í þýsku úrvalsdeildinni. Það er gott að geta tekið það skref með félagi eins og Magdeburg,“ sagði Björgvin.

Hann kveður því sáttur og glaður við Schaffhausen. „Þetta er geggjaður staður og hér var frábært að vera. Þetta er miklu betri deild en ég hélt. Liðið er nú komið á háan stall og það var gaman að fá að taka þátt í því að koma liðinu þangað.“ - esá

## Lið 5. umferðarinnar

Blaðamenn Fréttablaðsins hafa valið úrvalslið 5. umferðar Pepsi-deildar karla úr þeim leikjum sem fóru fram á sunnudaginn var.

**Lið umferðarinnar (3-5-2)**

| | |
|---|---|
| Hannes Þór Halldórsson | KR |
| Alexander Magnússon | Grindavík |
| Eiður Aron Sigurbjörnsson | ÍBV |
| Kristinn Jónsson | Breiðabliki |
| Guðmundur Kristjánsson | Breiðabliki |
| Finnur Ólafsson | ÍBV |
| Andri Ólafsson | ÍBV |
| Jesper Holdt Jensen | Stjörnunni |
| Haukur Páll Sigurðsson | Val |
| Kristinn Steindórsson | Breiðabliki |
| Tryggvi Guðmundsson | ÍBV |



SIGURÐUR ÞORSTEINSSON Mun styrkja lið Grindavíkur mjög mikið. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Sigurður og Jóhann Árni ganga til liðs við Grindavík:

# Ætlum okkur titilinn

**KÖRFUBOLTI** „Við ætlum okkur titilinn og ekkert kjaftæði,“ sagði ákveðinn formaður körfuknattleiksdeildar Grindavíkur, Magnús Andri Hjaltason, en félagið gekk í gær frá samningum við þá Sigurð Þorsteinsson og Jóhann Árna Ólafsson. Þá hefur Petrúnella Skúladóttir einnig skrifað undir samning við félagið.

Sigurður, sem kemur til liðsins frá Keflavík, skrifaði undir eins árs samning en Jóhann Árni og Petrúnella, sem koma frá liði Njarðvíkur, skrifuðu undir þriggja ára samninga. Hart var bitist um þjónustu Sigurðar, sem einnig var í viðræðum við KR. „Það er frábært að fá þessa stráka enda eru þeir magnaðir leikmenn. Þetta er ekki eins dýrt og sögusagnirnar segja. Þetta er allt innan siðsamlegra marka. Það er ekkert bull hjá okkur,“ sagði Magnús Andri.

Hann sagði félagið ekki ætla að bæta við sig fleiri íslenskum leikmönnum en það myndi fá sér Kana er nær drægi vetri.

„Helgi þjálfari mun sjá um það þegar þar að kemur. Stefnan er að vera aðeins með einn Kana næsta vetur,“ sagði Magnús Andri. **- hbg**



BIRNA BERG HARALDSDÓTTIR Hefur haldið hreinu í tveimur fyrstu leikjunum.

Kvennalið ÍBV á toppnum:

# Besta byrjun nýliða í áratug

**FÓTBOLTI** Nýliðar ÍBV í Pepsi-deild kvenna hafa vakið mikla athygli með því að byrja Íslandsmótið á því að vinna 5-0 sigra á bæði Þór/KA og Aftureldingu í fyrstu tveimur umferðunum.

Eyjakonur eru fyrstu nýliðarnir síðan 2001 sem ná að vinna tvo fyrstu leiki sína í efstu deild kvenna, en Grindavíkurkonur unnu þá tvo nauma sigra, á Þór/KA/KS (3-2) og FH (1-0). Grindavíkurliðið fyrir tíu árum vann líka leik sinn í þriðju umferð en það var síðasti sigurleikur liðsins það sumarið.

Óhætt er að segja að nýliðar kvennadeildarinnar séu ekki vanir að stimpla sig svona inn í deildina enda náðu nýliðar áranna 2007 til 2010 aðeins að vinna samanlagt 2 af 14 leikjum sínum í fyrstu tveimur umferðunum.

Næsti leikur Eyjastúlkna er á móti Breiðabliki í Kópavogi í næstu viku en Blikastúlkur eiga enn eftir að vinna fyrsta sigur sinn í sumar og hafa ekki byrjað svona illa í 34 ár. **- óój**

Nýr markvörður til United:

# De Gea arftaki van der Sar

**FÓTBOLTI** Allt útlit er fyrir að Spánverjinn David de Gea, markvörður Atletico Madrid, verði næsti aðalmarkvörður Englandsmeistara Manchester United. Kaupverðið er talið vera um 21 milljón evra, sem gerir hann að dýrasta markverði Bretlandseyja.

Að sögn Sir Alex Ferguson, þjálfara United, hefur hinn tvítugi De Gea svipaða eiginleika og núverandi markvörður liðsins, Edwin van der Sar, sem leggur skóna á hilluna að loknum úrslitaleiknum í Meistaradeild Evrópu á laugardag. **- ktd**







# golf

golfogveidi@frettabladid.is

Það er hægt að spila **756** holur á íslenskum golfvöllum

**25** kylfingar, sex ára og yngri. voru skráðir í klúbb árið 2010.



**18. BRAUT** Ekki er nóg með að vorhretið hafi tafið fyrir heldur er völlurinn kalinn eftir veturinn. MYND/GA/STEINDÓR

Golfklúbbur Akureyrar:

## Móti frestað vegna vorhrets

Golfklúbbur Akureyrar hefur tilkynnt GSÍ að ekki sé mögulegt að halda þriðja stigamót unglinga á Arion banka mótaröðinni sem fram átti að fara dagana 18.-19. júní. Ástæðan er óhagstætt veðurfar í vor.

Stefnt er að því að færa mótið á annan völl og verður það kynnt um leið og mótanefnd GSÍ hefur fengið staðfestingu á nýjum keppnisstað. - shá



**NÝJASTA TÆKNI** Nú geta kylfingar nýtt símann sinn til að leita upplýsinga.

m.golf.is opnar:

## Farsímavefur GSÍ opnaður

Í tilefni af tíu ára afmæli upplýsingavefsins golf.is, sem er tölvukerfi GSÍ, verður opnaður farsímavefurinn m.golf.is.

Til að byrja með verður kylfingum boðið upp á „mínar síður“ í farsímalausninni þar sem hægt verður að nálgast upplýsingar um forgjöf, hægt er að skrá skor og fá mótaskrá hjá heimaklúbbi kylfingsins.

Síminn er samstarfsaðili GSÍ við verkefnið. - shá

# Golf er talnaleikur

Íslendingar hreykja sér af því að hvergi eru hlutfallslega fleiri sem spila golf. Hér eru fimm þúsund manns um hvern golfvöll. Tölfræði um íslenskt golf leiðir vöxt íþróttarinnar í ljós.






| Staður | Golfvellir |
|---|---|
| Afríka | 670 |
| Asía og eyjaálfan | 5.913 |
| Kanada | 2.200 |
| Karíbahaf | 107 |
| Mið-Ameríka | 33 |
| Bretlandseyjar | 2.950 |
| Evrópa | 3.313 |
| Mið-Austurlönd | 30 |
| Suður-Ameríka | 484 |
| Bandaríkin | 16.170 |

Frá
Reykjavík
Til
Brottför
08.08.11
Til Baka ✓
15.08.11
Leita

NÝIR OG SPENNANDI STAÐIR

Skoðaðu nýja og spennandi staði og taktu þér far með einhverju af þeim 15 flugfélögum sem fljúga frá Íslandi á árinu.

Prófaðu Dohop leitarvélina á Vísi, flug og gisting, öll hagstæðustu tilboðin á einum stað.



dohop
vísir
Meiri Vísir.

## Hollráð Hinna: Hegðun á golfvelli

Hinrik Gunnar Hilmarsson, sem annast hefur eftirlit, vallarvörslu og dómgæslu hjá Golfklúbbi Reykjavíkur, ráðleggur kylfingum að temja sér tillitssemi:

1. Golf er einbeitingarleikur og því ætti að hafa hljótt þegar aðrir leikmenn eru að leika, standa þannig að það trufli ekki leikmenn en muna að vera tilbúin þegar kemur að okkur.
2. Takið tillit til annarra leikmanna í nágrenni við ykkur og í hópum á undan, til dæmis með því að tala ekki hátt, hlæja eða hrópa. Þegar þið ætlið að slá og teljið þá sem eru á undan vera rétt komna úr færi, bíðið þó ef þeir eru að slá eða pútta.
3. Hljóð frá bolta sem kemur niður nálægt leikmanni getur truflað einbeitni hans. Ef þið sláið of snemma og hafið hugsanlega valdið truflun er það almenn kurteisi að biðjast afsökunar eins fljótt og hægt er. Afsökunin er þá að sjálfsögðu tekin til greina.
4. Verið vingjarnleg við þá sem eru á vellinum og munið að það er ekki heimsendir að bíða augnablik eftir að göngufólk eða aðrir komist úr færi.



GOLF OG HEILSA



**Magni M. Bernhardsson**, kírópraktor með sérhæfingu í golfmeiðslum og öðrum íþróttameiðslum.

## Jafnvægi

Missir þú jafnvægi vegna halla á mjaðmagrind? spyr Magni Bernhardsson, kírópraktor hjá Kírópraktorstofu Íslands. Magni segir að nú þegar flestir kylfingar séu farnir af stað aftur eftir langa setu í vetur geti komið í ljós breytt staða á mjöðmum. Þær eiga það til að breytast í framhallandi stöðu við langvarandi setu, en við þannig aðstæður veikjast ákveðnir vöðvar og aðrir styttast á sama tíma. Þessi breyting hefur mikil áhrif á jafnvægi og eykur hættu á bakmeiðslum þegar spilað er reglulega og álag eykst.

„Algengt er að fólk með þessa golfstöðu setji þyngdina of mikið í hælana til að vega á móti þessari framhallandi stöðu á mjaðmagrindinni, sem leiðir til þess að sveiflan verður of flöt og hætta eykst á stöðumissi.

Athugið í standandi stöðu fyrir framan spegil hvort beltissylgjan vísar beint fram og er samsíða gólfinu eða hvort hún vísar niður. Ef sylgjan vísar niður eru mjaðmirnar of framhallandi.

Góðu fréttirnar eru að þetta er hægt að laga með réttum æfingum.“




Vildaráskrift að Stöð 2 Sport inniheldur 2 Sport 2 Sport+ 2 Sport3 2 Sport4 2 Sport5

512 5100 | stod2.is | Verslanir Vodafone Verslanir og þjónustuver Símans 800 7000

> **Cameron Diaz**

„Ég borða ostborgara og franskar nánast daglega.“

***Cameron Diaz leikur konu sem kynnist ungum manni í borg syndanna, þar sem þau eiga saman einnar nætur gaman en uppgötva svo daginn eftir að þau eru gift í bráðfyndnu gamanmyndinni What Happens in Vegas … sem er á Stöð 2 Bíó kl. 20 í kvöld.***



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON REYNDI AÐ HORFA Á VIÐTAL VIÐ SPRAUTUFÍKIL**

## *Íslenskur raunveruleiki ljótari en sá erlendi*

Venjulega þegar viðkvæmir eru varaðir við myndum í fréttatímum sjónvarpsins sperrir maður eyrun og reynir að sjá hvað er svona spennandi. Oftast eru þetta myndir af sundurlimuðu fólki eftir hryðjuverkaárásir eða eftir annars konar stríðsátök þar sem blóðið streymir um göturnar. Eins ógeðslegar og slíkar myndir geta verið dregst maður samt alltaf að þeim aftur og aftur, enda blákaldur raunveruleikinn þar á ferðinni í sinni verstu mynd.

Þegar áhorfendur Kastljóssins voru á þriðjudagskvöld varaðir við umfjöllun Jóhannesar Kr. Kristjánssonar um unga íslenska fíkla og notkun þeirra á læknadópi ákvað ég að kynna mér málið enda hafði það verið mikið í umræðunni. Þarna átti að fjalla um íslenskan raunveruleika þar sem myrkir undirheimarnir voru dregnir fram í dagsljósið á vægðarlausan hátt.

Til að gera langa sögu stutta entist ég í hálfa mínútu fyrir framan sjónvarpið og aðra hálfa inni í eldhúsi þar sem ég hlustaði á samtal Jóhannesar við ógæfusama stúlku sem þurfti að sprauta sig mörgum sinnum á dag. Eftir það skipti ég snarlega um stöð og byrjaði að horfa á Two And A Half Men, þar sem reyndar annar ógæfusamur vímuefnaneytandi var í aðalhlutverki.

Íslenski raunveruleikinn var einfaldlega of mikið af hinu góða fyrir mig, þó svo að ótti minn við að horfa á annað fólk sprauta sig hafi einnig haft sitt að segja.



**JÓHANNES KR. KRISTJÁNSSON** Áhorfendur Kastljóssins voru varaðir við umfjöllun Jóhannesar.

## RÚV

**16.30 Tíu fingur** (4:12)
**17.25 Skassið og skinkan** (8:20)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Geymslan**
**18.30 Dansskólinn** (6:7)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Önnumatur frá Spáni – Sérrí** (2:8) (AnneMad i Spanien) Í þessari dönsku matreiðsluþáttaröð töfrar kokkurinn Anne Hjernøe fram spænskar kræsingar af ýmsu tagi.
**20.40 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives) Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar.
**21.25 Krabbinn** (12:13) (The Big C) Bandarísk þáttaröð um húsmóður í úthverfi sem greinist með krabbamein og reynir að sjá það broslega við sjúkdóminn. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Glæpahneigð** (Criminal Minds IV) Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra.
**23.00 Downton Abbey** (5:7) (Downton Abbey) (e)
**23.50 Kastljós** (e)
**00.15 Fréttir** (e)
**00.25 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Beverly Hills Cop**
**10.00 What a Girl Wants**
**14.00 Beverly Hills Cop**
**16.00 What a Girl Wants**
**20.00 What Happens in Vegas...**
**22.00 Stig Larsson þríleikurinn**
**00.30 30 Days Until I'm Famous**
**02.05 A Nation Without Women**
**04.00 Stig Larsson þríleikurinn**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Sjálfstætt fólk**
**11.00 The Mentalist** (20:23)
**11.45 Gilmore Girls** (18:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Front of the Class**
**14.40 The O.C. 2** (11:24)
**15.30 Sorry I've Got No Head**
**16.00 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (9:22)
**19.45 Modern Family** (16:24) Frábær gamanþáttur um líf þriggja ólíkra en dæmigerða nútímafjölskyldna.
**20.10 Fátækt – hjálpum heima**
**22.10 NCIS** (16:24) Spennuþáttaröð sem er í röð þeirra allra vinsælustu í Bandaríkjunum og fjallar um sérsveit lögreglumanna sem starfar í Washington og rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt. Verkefnin eru orðin bæði flóknari og hættulegri í þessari sjöundu seríu.
**22.55 Fringe** (15:22) Þriðja þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á að eigi sér yfirnáttúrulegar skýringar. Ásamt hinum umdeilda vísindamanni Dr. Walter Bishop og syni hans Peter rannsaka þau röð dularfullra atvika.
**23.40 The Mentalist** (20:24)
**00.25 Generation Kill** (5:7)
**01.35 Rizzoli & Isles** (2:10)
**02.20 Damages** (1:13)
**03.10 The Pacific** (4:10)
**04.00 Front of the Class**
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**15.45 Spænsku mörkin**
**16.35 F1. Við endamarkið**
**17.05 OneAsia Tour - Highlights**
**17.55 Dallas - Oklahoma** Útsending frá leik Dallas Mavericks og Oklahoma City Thunder í úrslitakeppni NBA. Þetta er fimmti leikur liðanna í úrslitum Vesturdeildarinnar.
**19.45 FH - Fylkir** Bein útsending frá leik FH og Fylkis í 32-liða úrslitum Valitor-bikarkeppninnar.
**22.00 Valitor mörkin 2011** Sýnt frá leikjum í 32 liða úrslitum í Valitor-bikarkeppninni. Hörður Magnússon, Hjörvar Hafliðason og Magnús Gylfason fara yfir mörkin og öll umdeildu atvikin.
**23.10 Golfskóli Birgis Leifs** (9:12) Golfþáttur þar sem besti kylfingur Íslands, Birgir Leifur Hafþórsson, tekur fyrir allt sem tengist golfi og nýtist kylfingum á öllum stigum leiksins.
**23.40 European Poker Tour 6** Sýnt frá European Poker Tour þar sem mætast allir bestu spilarar heims.
**00.30 Chicago - Miami** Bein útsending frá leik Chicago Bulls og Miami Heat í úrslitakeppni NBA. Þetta er fimmti leikur liðanna í úrslitum Austurdeildarinnar.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.00 Sunnudagsmessan**
**18.15 Fulham - Arsenal** Útsending frá leik Fulham og Arsenal í lokaumferð ensku úrvalsdeildarinnar.
**20.00 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
**20.30 Ensku mörkin** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**21.00 Premier League Review** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**21.55 Man. Utd. - Blackpool** Útsending frá leik Manchester United og Blackpool í lokaumferð ensku úrvalsdeildinnar.
**23.40 Everton - Chelsea** Útsending frá leik Everton og Chelsea í lokaumferð ensku úrvalsdeildarinnar.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**17.10 Girlfriends** (15:22) (e)
**17.30 Rachael Ray**
**18.15 America's Next Top Model** (9:13)
**19.00 Million Dollar Listing** (4:9)
**19.45 Whose Line is it Anyway?**
**20.10 Rules of Engagement** (3:26) Bandarísk gamanþáttaröð um skrautlegan vinahóp.
**20.35 Parks & Recreation** (3:22) Bandarísk gamansería með Amy Poehler í aðalhlutverki.
**21.00 Royal Pains** (17:18) Hank er einkalæknir ríka og fræga fólksins í Hamptons. Hank aðstoðar konu sem er ein taugahrúga. Hann kemur henni í skilning um að læknisfræðilegar ástæður liggja að baki streitunni en ekki ytra áreiti.
**21.50 Law & Order: Los Angeles** (10:22) Bandarískur sakamálaþáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í borg englanna, Los Angeles. Brotist er inn á heimili fjölskyldu sem endar með því að tveir eru drepnir. Nánari rannsókn leiðir í ljós að ráðnauðgari leikur lausum hala í Los Angeles.
**22.35 Penn & Teller** (6:9)
**23.05 The Good Wife (18:23) (e)**
**23.55 CSI: New York (13:23) (e)**
**00.40 Royal Pains (17:18) (e)**
**01.25 Law & Order: LA (10:22) (e)**
**02.10 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**08.40 Crowne Plaza Invitational** (3:4)
**11.10 Golfing World**
**12.50 Crowne Plaza Invitational** (4:4)
**16.00 ETP Review of the Year 2010** (1:1)
**16.50 PGA Tour - Highlights** (19:45)
**17.45 Golfing World**
**18.35 Inside the PGA Tour** (21:42)
**19.00 HP Byron Nelson Championship** (1:4)
**22.00 Golfing World**
**22.50 The Open Championship Official Film 2010**
**23.45 ESPN America**

## EXTRA

**19.45 The Doctors**
**20.30 In Treatment** (31:43) Þetta er ný og stórmerkileg þáttaröð frá HBO sem fjallar um sálfræðinginn Paul Weston sem sálgreinir skjólstæðinga sína og hlustar þolinmóður þar sem þeir lýsa sínum dýpstu tilfinningum, vandamálum og sláandi leyndarmálum.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.55 Gossip Girl** (15:22) Fjórða þáttaröðin um líf fordekraða unglinga sem búa í Manhattan og leggja línurnar í tísku og tónlist enda mikið lagt upp úr útliti og stíl aðalsögupersónanna.
**22.40 Grey's Anatomy** (21:22) Sjöunda sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattleborg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.
**23.25 Ghost Whisperer** (11:22)
**00.10 The Ex List** (6:13) Rómantísk þáttaröð um unga konu sem ákveður að hafa uppi á öllum fyrrum kærustum eftir að hún fær þær upplýsingar frá miðli að hún sé nú þegar búin að hitta þann eina sanna.
**00.55 In Treatment** (31:43)
**01.20 The Doctors**
**02.00 Fréttir Stöðvar 2**
**02.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan** Með Hildu Jönu Gísladóttur. Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
**19.00 Fróðleiksmolinn**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Við hittum athafnafólk sem lætur kreppuna ekki berja sig í hausinn.
**21.00 Sjávarútvegur á ögurstundu** Sjöundi þáttur úr ævistarfi Hreiðars Marteinssonar.
**21.30 Kolgeitin** Bogomil fór vestur og kom aftur suður.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




2 skemmtilegri

ÆM SÓ VILD! GÚDDBÆ!

- Nú geturðu byrjað að nota punktana þína sem þú hefur safnað í Stöð 2 Vild.
- Kauptu viðbótaráskrift fyrir punkta.
- Nýttu punktana þína upp í glæsileg tilboð hjá Vildarvinum Stöðvar 2.
- Kannaðu punktastöðuna þína á stod2.is og njóttu allra þeirra fríðinda sem Stöð 2 Vild býður upp á.

2 | VILD
Allt fyrir áskrifendur

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 20.10**

### Fátækt – hjálpum heima

Söfnunarþáttur í beinni útsendingu þar sem vakin er athygli á fátækt á Íslandi og starfsemi Hjálparstarfs kirkjunnar. Kynnar í útsendingunni eru Jón Ársæll Þórðarson og Helga Arnardóttir. Meðal þeirra tónlistarmanna sem koma fram eru Magnús Þór Sigmundsson, Jóhann Helgason, Heiða Ólafsdóttir, Lay Low og Svavar Knútur.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Landið sem rís **14.00** Fréttir **14.03** Á tónsviðinu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Náðarkraftur **15.25** Skurðgrafan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn 18.50 Veðurfregnir 18.53 Dánarfregnir 19.00 Tónlistarkvöld Útvarpsins 20.30 Heimspekisamræður 21.25 Smásaga: Kafarinn 22.00 Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Útvarpsperlur: Omnia videmus Kapparnir í Kaldaðarnesi **23.20** Til allra átta **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### BBC entertainment

**08.10** New Tricks **09.00** New Tricks **09.50** EastEnders **10.20** Fawlty Towers **10.50** ‚Allo ‚Allo! **11.25** ‚Allo ‚Allo! **12.00** Keeping Up Appearances **12.30** Fawlty Towers **13.00** ‚Allo ‚Allo! **13.35** ‚Allo ‚Allo! **14.10** The Weakest Link **14.55** The Weakest Link **15.40** Fawlty Towers **16.10** ‚Allo ‚Allo! **16.55** ‚Allo ‚Allo! **17.30** Lark Rise to Candleford **18.20** Jonathan Creek **19.10** Top Gear **20.00** Jack Dee Live at the Apollo **20.45** The Graham Norton Show **21.30** Coupling **22.00** Jack Dee Live at the Apollo **22.50** Lark Rise to Candleford

### DR 1

**12.00** Vores Liv **12.30** Sømanden & Juristen - historier fra et hospice **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Aftenshowet **14.00** Timmy-tid **14.10** Chiro **14.15** Den fortryllede karrusel **14.30** Bamses Billedbog **15.00** De uheldige helte **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Vores Liv **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Spise med Price **19.00** TV Avisen **19.25** Jersild Live **19.50** Fodboldmagasinet **20.15** Jagten på mr. Swirl **21.00** Verdens værste naturkatastrofer **21.50** OBS **21.55** Kysset af spritten

### NRK 1

**11.05** Aktuelt **11.35** Urix **12.00** NRK nyheter **12.05** Tindens hemmeligheter **12.35** Norge rundt **13.00** NRK nyheter **13.10** Par i hjerter **14.00** NRK nyheter **14.10** Jakta på dei kongelege **15.00** NRK nyheter **15.10** Ardna - Samisk kulturmagasin **15.25** Verdensarven **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.45** Friidrett **18.55** Distriktsnyheter **19.30** Debatten **20.30** Påpp og Råkk **21.00** Kveldsnytt **21.15** Elizabeth - The Golden Age **23.05** Etter at du dro

### SVT 1

**12.05** Anslagstavlan **12.10** Minnenas television **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Tusen meter norsk natur **14.30** Biltokig **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Strömsö **16.55** Emigrantfartyget Restauration **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Mitt i naturen Australien **18.30** Hundra procent bonde **19.00** Anklagad **20.00** Debatt **20.45** Biltokig **21.45** Bored to Death **22.15** Uppdrag Granskning


# Fátækt – Hjálpum heima

*Hjálparstarf kirkjunnar ætlar að hverfa frá matargjöfum í poka og veita í staðinn barnafólki mataraðstoð með inneignarkortum í verslanir.*

**Þáttur til styrktar söfnuninni verður sýndur í opinni dagskrá á Stöð 2 í kvöld kl. 20.10.**
Meðal gesta verða Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra, Guðmundur Magnússon formaður Öryrkjabandalagsins, **Lay Low**, **Heiða Ólafs**, **Svavar Knútur** og fleiri.

Söfnunarsímar eru:

**907 1015** (1.500 kr.)
**907 1030** (3.000 kr.)
**907 1050** (5.000 kr.)
**528 4444** (frjáls framlög)

Einnig er hægt að greiða valgreiðslu í heimabanka og leggja framlög inn á reikning **0334-26-50886**, kt. **450670-0499**.

***Með því að styrkja innanlandsaðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar hjálpar þú til sjálfshjálpar.***

PIPAR\TBWA • SÍA • 111496

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Hjálparstarf kirkjunnar, Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík, Sími 528 4400



**FRÍ LEGUGREINING**
OG FAGLEG RÁÐGJÖF




**VORTILBOÐ**
Frí heimsending á hjónarúmum! / Tökum gamla rúmið upp í nýtt!

**ROYAL OG CLASSIC**
**Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á 20% afslætti.**




12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifingu

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM
Smiðjuvegi 2
Kópavogi
Sími 544 2121
www.rumgott.is

Opið virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga kl. 11-16

Löggiltir dýnuframleiðendur
– Starfandi í 60 ár

**SJÓNVARPSÞÁTTURINN**



*„Það er breski sjónvarpsþátturinn Downton Abbey. Aðallega vegna þess að búningarnir eru dásamlegir en þeir eru líka mjög vandaðir og vel gerðir þættir.“*

Elísabet Björgvinsdóttir, eigandi og hönnuður fatamerkisins Babette.

# Vinir Sjonna bestir utan Evrópu

Vinir Sjonna eru hvergi af baki dottnir þótt Eurovision sé búið, því þeir fengu nýlega meldingu um það að lagið Coming Home hefði verið valið best af aðdáendum keppninnar utan Evrópu. Þar að auki hefðu þeir verið kosnir best klædda atriðið og Matthías Matthíasson besti söngvarinn. Meðal landa sem eru með Eurovision-aðdáendaklúbba utan Evrópu eru Suður-Afríka, Kasakstan og Ástralía. „Einn fróðasti maður um Eurovision er einmitt frá Kasakstan, hann heitir Andy,“ segir Hreimur Örn Heimisson í samtali við Fréttablaðið.

Hreimur segir jafnframt að þeir félagar hafi fengið fjölmörg gylliboð að utan um að koma og spila en þeir hafi nú ekki látið slag standa, enn sem komið er. „Maður veit auðvitað aldrei hvað gerist,“ segir Hreimur. Shay Healy, höfundur lagsins What's Another Year sem vann keppnina 1980, hefur sett sig í samband við strákana en Vinir Sjonna tóku upp sína eigin útgáfu af laginu úti í Þýskalandi á meðan keppnin fór fram. „Hann vill endilega að við gerum fleiri útgáfur, hann er mjög hrifinn og vill fá okkur til Írlands að spila,“ segir Hreimur.

Vinir Sjonna hyggjast halda áfram samstarfi sínu og ætla að leika fyrir norðan um helgina, verða á Græna hattinum á föstudagskvöld og Mælifelli á Sauðárkróki á laugardagskvöldinu. Hreimur segir jafnvel plötu í burðarliðnum. „Bandið er náttúrlega rosalegt en við vitum ekki hvort þetta verða frumsamin lög eða ábreiður.“ - fgg



**VÖKTU ATHYGLI** Vinir Sjonna fönguðu hug og hjörtu aðdáenda Eurovision utan Evrópu, en lagið Coming Home var valið best af Eurovision-klúbbum í löndum á borð við Suður-Afríku, Kasakstan og Ástralíu.


**ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ**

551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

**Bjart með köflum** (Stóra sviðið)
Fös 3.6. Kl. 20:00 | Fim 9.6. Kl. 20:00
Lau 4.6. Kl. 20:00 | Fös 10.6. Kl. 20:00

**Allir synir mínir** (Stóra sviðið)
Sun 5.6. Kl. 20:00 Aukasýn. | Lau 11.6. Kl. 20:00

**Brák** (Kúlan)
Fös 3.6. Kl. 20:00 Aukasýn.

**Verði þér að góðu** (Kassinn)
Fös 3.6. Kl. 19:00 | Lau 4.6. Kl. 20:00

**Góði dátinn Svejk** (Stóra sviðið)
Sun 29.5. Kl. 20:00

**Haze** (Stóra sviðið)
Fim 2.6. Kl. 20:00

**Big Wheel Café** (Stóra sviðið)
Fös 27.5. Kl. 20:00




**Í GÓÐUM FÍLING** Ham-liðar eru í góðum fíling og ætla um helgina að spila í fyrsta skipti á erlendri grundu í fimm ár.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN






SIGURJÓN KJARTANSSON: ALDREI VERIÐ SKEMMTILEGRA

# Orðnir nógu miðaldra fyrir útrás til Danmerkur

Ein langlífasta rokkhljómsveit Íslands, Ham, er að fara að halda sína fyrstu tónleika í útlöndum í fimm ár. Hún leitar reyndar ekki langt yfir skammt heldur verður með tvenna tónleika í Danmörku, eina á Spot í Árósum og aðra í Kaupmannahöfn. „Ef tónleikarnir frá 2006 eru teknir frá höfum við ekki spilað erlendis síðan í New York, sællar minningar,“ segir Sigurjón Kjartasson, Ham-liði, í samtali við Fréttablaðið. Umrædd New York ferð er sennilega ein frægasta rokkreisa íslenskrar hljómsveitar í háa herrans tíð.

Sigurjón vill raunar ekki mikið gera úr meintri útrás til Danmerkur, segir það að fara til Kaupmannahafnar vera svipað og að fara til Austfjarða, það búi álíka margir Íslendingar þar. „Þannig að þetta er miklu meira Íslendingaheimsókn.“ Ham fór nýverið í hljóðver og er búin að klára tíu laga plötu sem á að koma út um mánaðamótin ágúst/september. Henni hefur verið gefið hið lágstemmda nafn Svik, harmur og dauði og segir Sigurjón að sveitin hafi verið í alveg sérstaklega góðum fíling. „Það er kraftur í Ham. Þetta er nefnilega í fyrsta skipti síðan 1989 sem við förum í hljóðver gagngert til að taka upp plötu.“

Fáar rokksveitir geta státað af því að vera með handritshöfund að helstu sjónvarpsseríum landsins, aðstoðarmann borgarstjóra og borgarfulltrúa innan sinna vébanda. En það getur Ham; Sigurjón hefur skrifað handritið að sjónvarpsþáttum á borð við Pressu og Rétt, Björn Blöndal bassaleikari er aðstoðarmaður Jóns Gnarr og Óttar Proppé söngvari er borgarfulltrúi fyrir Besta flokkinn. Sigurjón segir sveitina hins vegar blessunarlega lausa við alla pólitík, lýðræðið sé mjög einfalt í sniðum, menn vegi og meti hvar og hvenær eigi að spila. „Þetta hefur verið mjög skemmtilegt, eiginlega alveg sérstaklega skemmtilegt. Kannski er lykillinn að þessu að starfa alltaf saman með löngum hléum inni á milli,“ segir hann en Ham verður 23 ára í ár. freyrgigja@frettabladid.is


Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt.
Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft…


# Steindi Jr. gefur út sumarplötu

„Við ætlum að gefa út plötu og okkur langar að gefa hana út sem fyrst, helst eftir mánuð,“ segir grínistinn Steindi Jr.

Hann og félagi hans, Ágúst Bent, hafa ákveðið að gefa út öll lögin sem hafa hljómað í tveimur þáttaröðum Steindans okkar á Stöð 2. Sjö lög voru í fyrstu þáttaröðinni í fyrra og átta til viðbótar hljóma í þeirri nýjustu, sem hefur verið sýnd að undanförnu. Flest lögin hafa notið mikilla vinsælda hjá aðdáendum þáttarins en þau voru unnin í samstarfi við upptökuteymin Stop Wait Go og Redd Lights, auk tónlistarmannsins Berndsen. „Ég fæ mjög oft símtöl og tölvupósta frá alls konar fólki sem er að biðja mig um að senda sér lög. Ég hef alltaf gert það en það er kannski þægilegt að hafa þetta allt á einum stað,“ segir Steindi, sem útilokar ekki að fleiri lög verði tekin upp fyrir plötuna. Lög sem hafa verið minna áberandi í þáttunum og lítið heyrst í útvarpi fá sinn sess á plötunni, þar á meðal Í góðu skapi, Newcastle Utd. og Djöfull er mér heitt.

Steindi er þessa dagana að ljúka við áttunda og síðasta þáttinn í Steindanum okkar. Eftir það fer hópurinn í nokkurra vikna sumarfrí. Framhaldið er síðan óráðið. „Það á eftir að ákveða hvort það verður önnur sería en við sáum þetta alltaf fyrir okkur sem þrjár seríur,“ segir hann. - fb



**GEFUR ÚT PLÖTU** Steindi Jr. og Ágúst Bent ætla að gefa út plötu með lögunum úr Steindanum okkar.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



sumarferdir.is
Almeria
- falda perlan í Miðjarðarhafinu!
Sólríkur og menningarlegur staður í hjarta Andalúsíu
Flogið í beinu morgunflugi í allt sumar!
Golf Trinidad
Brottfarir: 10.,17., & 24. júní í viku
Allt innifalið!
Verð á mann frá:
VIKA
122.200 kr.
m.v. 2 fullorðna og 2 börn í SUPERIOR herbergi.
SUMAR FERÐIR
...eru betri en aðrar
*Innifalið: Flug báðar leiðir, flugvallaskattar, gisting í viku og íslensk fararstjórn.

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

Vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Upptekinn í öskunni

Fjölmiðlamaðurinn **Ómar Ragnarsson** verður heiðursgestur kvikmyndahátíðarinnar Skjaldborgar sem verður haldin í fimmta sinn á Patreksfirði í júní. Á hátíðinni er kastljósinu beint að heimildarmyndum og er viðburðurinn orðinn fastur liður í tilverunni hjá íslensku kvikmyndagerðarfólki. Ómar hefur einmitt verið duglegur við gerð heimildarmynda um náttúru Íslands og er því vel að þessum heiðurssessi kominn. Undanfarið hefur hann verið að festa eldgosið í Grímsvötnum á filmu úr flugvél sinni og þegar Fréttablaðið reyndi að ná í Ómar í gær var hann of upptekinn við að fljúga inn í öskuna fyrir austan.



### Á leið til New York

Hljómsveitin 1860 hefur vakið nokkra athygli fyrir þjóðlaga-skotna popptónlist sína undanfarin misseri. Hljómsveitin hefur ekki verið lengi starfandi en er samt sem áður nú á leið til New York til fundar við alþjóðlegt útgáfufyrirtæki. Hafa strákarnir í bandinu verið duglegir við að vekja athygli á sér á netinu og hefur það skilað sér með þessum árangri.



- fb, mþl

## Mest lesið Vísir

1. Gosið fjarar út
2. Fann pýramída með aðstoð gervihnattar
3. Tveir bréfberar bitnir til viðbótar í Mosfellsbæ
4. Bauð stuðningshóp Eddu Heiðrúnar upp á jökul
5. Öskumistrið liggur eins og teppi yfir jöklinum





